FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

72. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 25. MARS 2017



Sá ljósið eftir heimsókn Votta Jehóva

Óvænt var bankað hjá Lindu Ósk Valdimarsdóttur dansara fyrir þremur árum. Nú hefur Linda tekið skírn í söfnuð Votta Jehóva og er á leið til Suður-Ameríku að breiða út boðskapinn. →24

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ferðalög til Afríku

Auðveldari og ódýrari en flestir halda. →32



Framtíðin óviss

Er komið að leikslokum hjá Arsene Wenger? →36



Minni fordómar

María Hreiðarsdóttir er seinfær móðir og vegnar vel. →28





Veður



Aftur suðvestanhvassviðri eða -stormur með skúrum eða éljum í dag, en úrkomulítið fyrir austan. Dregur talsvert úr vindi og éljum sunnan- og vestanlands um kvöldið. **SJÁ SÍÐU 48**



Donald Trump Bandaríkjaforseti. NORDICPHOTOS/AFP

Líflína fyrir Obamacare

BANDARÍKIN Repúblikanar í fulltrúadeild Bandaríkjaþings drógu sjúkratryggingafrumvarp sitt til baka í gærkvöldi. CNN greindi frá því að Donald Trump forseti hefði sjálfur farið fram á það þar sem of margir þingmenn flokksins voru andvígir því. Stefndi því ekki í að meirihluti næðist um frumvarpið.

Til stóð að atkvæðagreiðslan færi fram í gærkvöldi. Af því varð hins vegar ekki og greina fjölmiðlar vestanhafs frá því að ákvörðunin sé mikill ósigur fyrir forsetann og Paul Ryan, forseta fulltrúadeildarinnar.

„Við komumst nálægt þessu en þetta tókst ekki. Ég hringdi í forsetann og sagði honum að ég vildi draga frumvarpið til baka. Hann var sammála," sagði Ryan á blaðamannafundi.

Sjálfur sagðist Trump hafa lært mikið af þessari reynslu.

„Við lærðum mikið um flokkshollustu, ferlið og úreltar reglur í dag. Þetta hefur verið mjög áhugaverð reynsla og ég held hún muni leiða til betra heilbrigðiskerfis," sagði Trump á blaðamannafundi á skrifstofu sinni.

Þá sagði hann að 2017 yrði svo slæmt ár fyrir Obamacare, sjúkratryggingalöggjöf Baracks Obama, að Demókratar myndu koma til sín og biðja um samstarf við að skapa nýtt sjúkratryggingakerfi. **– þea**

Prammi í strandhöggi



Pramma rak upp í fjöru við Sundhöllina í Hafnarfirði í ofviðrinu sem geisaði aðfaranótt gærdagsins. Hann var bundinn við flotkvína í Hafnarfjarðarhöfn en slitnaði þaðan frá. Pramminn er þó kominn á flot aftur en lóðsbátur dró hann á flot upp úr klukkan fjögur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukamilljónir til vegagerðar

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin ákvað í gær að setja 1.200 milljónir króna til viðbótar í vegagerð á þessu ári. Þau verkefni sem fá stærstan hluta aukaframlagsins eru Berufjarðarbotn, Dettifossvegur, Teigsskógur og Hornafjarðarfljót.

Fær hringvegurinn í Berufirði 300 milljónir króna, 200 milljónir verða settar í brú yfir Hornafjarðarfljót og hið sama í Dettifossveg. Þá fær Vestfjarðavegur 200 milljónir króna til að tryggja að vegagerð um Teigsskóg hefjist um leið og leyfi fæst. **– þea**

1,2

milljörðum til viðbótar verður varið í vegagerð á árinu.



Hetjudáðir eiga aldrei við í vopnuðum ránum

Vopnuð rán á Bíldshöfða og í Grímsbæ í mars juku vitund verslunareigenda sem senda nú starfsfólk sitt á sérstakt námskeið þar sem viðbrögð við slíkri upplifun eru kennd. Mikið áfall er að fá vopnaðan og öskrandi ræningja inn í verslun.



Arnór Sigurðsson á námskeiðinu Ógnandi hegðun. MYND/ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

SAMFÉLAG Eftir tvö vopnuð rán í mars, annað í Glæsibæ og hitt á Bíldshöfða, hefur fyrirspurnum til Öryggismiðstöðvarinnar um námskeiðið Ógnandi hegðun fjölgað töluvert og fyrirtæki sýnt áhuga á að senda starfsmenn sína á það. Þar er reynt að undirbúa starfsfólk eins vel og mögulegt er lendi það í vopnuðu ráni.

„Þetta kemur í skorpum. Þegar tvö rán verða þá fara atvinnurekendur að hugsa hvernig þeir geti brugðist við ef þeirra verslun og þeirra starfsfólk lenti í svona," segir Arnór Sigurðsson, sem er einn af kennurum á námskeiðinu.

Arnór segir að farið sé yfir ýmsa þætti á námskeiðinu eins og hvernig sé að lenda í vopnuðu ráni og viðbrögð við því. Þeir sem lenda í ráni eru oftar en ekki lengi að jafna sig. Það sé mikið sjokk að fá öskrandi og ógnandi ræningja, sem eru oftast vopnaðir, inn í verslun til sín.

„Það er eðlilegt að taka svona nærri sér. Þegar einhverjum er ógnað og það er farið inn á persónulegt svæði manneskju, þá getur það verið mikið áfall. Þess vegna skiptir miklu máli vinnan sem fer af stað eftir ránið. Við komum ekki í veg fyrir að svona hlutir gerist en við getum unnið rétt úr þeim eftir á. Fyrir fyrirtæki og atvinnurekendur skiptir miklu máli að bregðast rétt við með réttum stuðningi fyrir starfsfólk sitt."

Arnór segir að það sé meiri skilningur nú hjá atvinnurekendum gagnvart starfsfólki sínu. „Viðskiptavinum sem hafa komið á námskeið er umhugað um starfsfólkið enda er það grunnurinn að starfseminni. Það er verið að fjárfesta í þeim og það skiptir máli að sýna þeim þann stuðning ef eitthvað kemur upp á og undirbúa það."

Ef einhver lendir í vopnuðu ráni þá er aðalatriðið að reyna ekki að leika hetju.

„Það er númer eitt, tvö og þrjú. Það vilja allir komast heim til sín eftir vinnudaginn og í flestum tilfellum eru þetta dauðir hlutir og heilsa starfsmannsins er aðalatriðið. Við brýnum fyrir fólki að vera ekki að leika hetju. Það er gullna reglan í þessu, að hugsa um sitt eigið öryggi," segir Arnór. **benediktboas@365.is**

Á meðan á ráninu stendur:

- Ekki leika hetju. Aldrei reyna að yfirbuga ræningjann eða tefja hann.
- Ekki verða skelkuð/skelkaður, ræninginn vill forðast það að meiða þig, hann vill aðeins verðmæti en verður einungis hættulegur ef ránið gengur illa.
- Farðu eftir fyrirmælum og reyndu að flýta þér að því sem hann/hún biður þig um að gera.
- Reyndu að taka eftir sér-einkennum viðkomandi s.s. hæð, líkamsbyggingu, klæðnaði, talanda o.s.frv.

Úr námskeiðinu Ógnandi hegðun

ÚRVALIÐ ER ENDALAUST

VEISLA

Þú færð allt fyrir glæsilega veislu á einum stað.



LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18

GJÖF SEM HENTAR ÖLLUM



Kringlan

Af öllu hjarta

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

PIPAR\TBWA - SÍA

TÖLUR VIKUNNAR 19.03.2017 – 25.03.2017

96.000 ferðamenn komu til Grænlands í fyrra.

25.000 verslanir í Bandaríkjunum bjóða skyr og aðrar mjólkurvörur The Icelandic Milk and Skyr Corporation.

170.000 ferðamenn koma til Akureyrar með skemmtiferðaskipum í sumar.

1,8% fólksfjölgun varð á Íslandi á milli ára.

2,1 milljarður manna í heiminum er of þungur og þrjár milljónir deyja vegna þessa árlega.

87% aukning hefur orðið í sölu á símtækjum miðað við árið 2007.

91% barna er skráð hjá heimilistannlæknum en hlutfallið var 64% árið 2014.

72.000 fermetrar af mosa verða endurnýttir við ný vegamót við Krýsuvíkurafleggjara.

Þrjú í fréttum
Gagnsæi, einkarekstur og kynhneigð

Lilja Alfreðsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins



sagði gagnsætt eignarhald forsendu þess að skapa traust og tiltrú á íslensku bankakerfi. Það væri slæm byrjun á næsta áfanga í endurreisn bankakerfisins ef ekki fengjust skýrar upplýsingar um eigendur og fyrirætlanir þeirra um íslenskt bankakerfi.

Óttarr Proppé
heilbrigðisráðherra



sagði á Alþingi að samningar við Klíníkina í Ármúla yrðu ekki fleiri. Hann kvaðst ekki styðja uppbyggingu á einkareknum sjúkrahúsum með heildstæðri þjónustu sem væru rekin í gróðaskyni. Það væri andstætt tilfinningu allflestra og ekki til heilla að dreifa kröftum heilbrigðiskerfisins.

María Helga Guðmundsdóttir
formaður Samtakanna '78



sagði samtökin hafa hafnað beiðni Íslenskrar erfðagreiningar um samvinnu við erfðafræðirannsókn á kynhneigð. Slík rannsókn stríddi gegn markmiðum samtakanna sem væru að standa vörð um hagsmuni og réttindi hinsegin fólks. Yfirgnæfandi líkur væru á að niðurstöðurnar yrðu notaðar gegn hinsegin fólki, þótt það ætti ekki við um Ísland.

Úthlutun ekki í takt við fjöldann

Fjárhæðir sem útdeilt er úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða eru ekki í takt við ferðamannafjölda svæðanna. Suðurland fær lága fjárhæð miðað við að 70 prósent ferðamanna heimsækja svæðið á sumrin.

FERÐAÞJÓNUSTA Útdeiling fjármuna úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða eftir landshlutum er ekki í takt við dreifingu ferðamanna. Þingvellir, sem rúmur helmingur ferðamanna sótti heim síðasta sumar, fær enga fjárveitingu annað árið í röð og ekkert fer til suðausturhluta landsins.

Alls eru veittir styrkir til 58 verkefna hringinn í kringum landið og nemur heildarfjárhæð styrkja 610 milljónum króna. Ef skoðuð er heildarfjárhæð á hvern landshluta, deilt með fjölda ferðamanna sem heimsóttu svæðið sumarið 2016 samkvæmt tölum Ferðamálastofu, má sjá að þar gætir mikils misræmis. Dreifingin er allt frá 57,5 krónum á hvern ferðamann í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar til 518,8 króna á hvern ferðamann á hálendinu.

Vísir greindi frá því í gær að Þingvöllum hefur nú í tvígang verið synjað um fjárveitingu úr sjóðnum. Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, segir að sótt hafi verið um styrki fyrir alveg bráðnauðsynlegt verkefni, að koma upp vatnssalernum á Þingvöllum. Hann segir sjóðinn skelfilegt fyrirbrigði og telur að Þingvellir ættu einfaldlega að fá meira fé á fjárlögum.

Suðurland, sem tók á móti 70 prósentum ferðamanna sumarið 2016 samkvæmt Ferðamálastofu, fær 93,7 milljónir úr sjóðnum, eða 15 prósent af þeim 610 milljónum sem skipt var. Það er 198,1 króna á hvern ferðamann 2016, sem er mun minna en á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi.

„Það er auðvitað mjög sérkennilegt. En þannig hefur þetta alltaf verið. Þegar menn eru hér að tala um að lagfæra einbreiðar brýr ætla menn ekki að lagfæra þá einbreiðu brú sem flestir ferðamenn fara um sem er yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Misskiptingin er mikil," segir Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.



Mýrdalshreppur hlaut á síðasta ári styrk úr sjóðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjárhæð úr sjóðnum deilt með fjölda ferðamanna*



** Fjöldi ferðamanna sumarið 2016 skv. tölum Ferðamálastofu*
Heimild: Ferðamálastofa

Það sem er stóra málið hér eru vegirnir, útskot veganna og bílastæðamál.



Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Ef útdeilingin er skoðuð má sjá að fé rennur til margra vinsælla áfangastaða á Suðurlandi, til Gullfosss og Geysis, Reykjadals og Skóga. Þó er lítið sem ekkert um styrki frá miðju Suðurlandi og austur á land.

Að sögn Ásgeirs sótti Mýrdalshreppur ekki um úr sjóðnum að sinni. „Við fengum úthlutað til framkvæmda í Dyrhólaey í fyrra sem er ekki búið að ljúka og sóttum því ekki um í ár." Ásgeir telur að full þörf sé þó fyrir meira fé til uppbyggingar í sveitarfélaginu.

„Við erum hér í 500 manna sveitarfélagi og erum að taka á móti 1,5 milljónum ferðamanna. Það segir sig sjálft að það þarf verulega að taka til hendinni hér. Það þarf miklu meiri peninga í uppbyggingu á þessum ferðamannastöðum. Þá er ég að tala um allt. Það sem er stóra málið hér eru vegirnir, útskot veganna, og bílastæðamál."

Ásgeir segir að mikil umræða hafi farið fram um hvernig sé best að ná í meira fé, til dæmis í gegnum fjárlög. Hann telur þó að einfaldasta leiðin sé að taka af ferðamönnum innkomugjald þegar þeir koma til landsins.

„Það er einfalda leiðin til að taka inn peninga til að deila út til framkvæmda á þessum stöðum," segir Ásgeir. **saeunn@frettabladid.is**



GRAND CHEROKEE

Eigum Jeep® Grand Cherokee Limited og Overland dísel og bensín **til afgreiðslu strax.**

Verðlaunaðasti og einn **öflugasti** jeppi sem framleiddur hefur verið.

Áttu eldri Jeep® Grand Cherokee upp í?

Spjallaðu þá við okkur, því við vitum hvað Jeep® Grand Cherokee er **góður í endursölu.**

Tökum upp í allar gerðir bíla.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

*Bíll á mynd með 32" breytingu

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SÚPER TILBOÐ Á GRILLUM



ÖLL WEBER OG OUTBACK GRILL
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GILDIR AÐEINS TIL SUNNUDAGS

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

weber

Gasgrill Weber Q3200
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU. Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm.
3000380

Þú sparar: 9.000 kr.

73.990 kr
~~82.990 kr~~

Alþjóðlegi vöffludaginn er í dag 25. mars

VIÐ BÖKUM VÖFFLUR

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖFFLUJÁRNUM UM HELGINA

Allir fá vöfflu á laugardag í Skútuvogi, Akureyri og Selfossi



weber
Þú sparar: 4.760 kr.
Gasgrill Weber Q2200
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 39x54 cm.
3000377
48.690 kr
~~53.450 kr~~



weber
Þú sparar: 3.000 kr.
Gasgrill Weber Q1200
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm.
3000376
36.900 kr
~~39.900 kr~~



weber
Þú sparar: 5.000 kr.
Gasgrill Q2200
Meðfærilegt gasgrill á fótum, postulínglerungs-húðaðar grillgrindur úr pottjárni. Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU, rafstýrður kveikjurofi.
3000378
54.900 kr
~~59.900 kr~~



OUTBACK
Þú sparar: 4.000 kr.
Gasgrill
Outback Omega 100.
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm.
3000226
13.990 kr
~~17.990 kr~~



OUTBACK
Þú sparar: 11.000 kr.
Gasgrill
Sunset Solo 3. 3ja brennara. Grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar. Hitamælir, 9,67 kW.
3000393
25.990 kr
~~36.990 kr~~



SENDUM FRÍTT HEIM
VERSLAÐU Á HUSA.IS

Byggjum á betra verði

Rannsókn á fangaverði

LÖGREGLUMÁL Fangaverði á Litla-Hrauni, sem talinn er hafa farið langt fram úr meðalhófi er beita þurfti fanga valdi í upphafi árs, hefur verið vikið frá störfum. Þrír aðrir fangaverðir eru grunaðir um að hafa hylmt yfir með honum og kunna að eiga yfir höfði sér refsingu.

Málið er rannsakað sem sakamál.

„Ég get staðfest að upp hafi komið mál í fangelsinu sem er þess eðlis að stofnunin taldi rétt að tilkynna það til lögreglu. Það gerðum við um leið og málið kom upp á mánudaginn síðasta," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni, vildi hins vegar ekki tjá sig um málið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun valdbeiting fangavarðarins hafa að mjög miklu leyti verið andleg og særandi og verið niðurlægjandi fyrir fangann. **– sa**

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær sagði að einungis ein kona hefði fengið réttindi hæstaréttarlögmanns á síðustu tólf mánuðum. Samkvæmt upplýsingum frá Lögmannafélaginu voru konurnar fleiri. Ekki fæst þó gefið upp hversu margar þær voru. Misskilningurinn byggðist á því að konum með hrl. réttindi fjölgaði í heild um eina milli ára en lögmenn geta lagt inn réttindi sín og því voru fleiri en ein sem fengu réttindi.

Flýja heimili sín



Maður flytur börn og eigur sínar á kerru út úr írösku borginni Mósúl. Hörð orrusta íraska hersins gegn hryðjuverkasamtökunum Íslamska ríkinu hefur staðið yfir undanfarið en írakski herinn reynir nú að ná borginni á sitt vald. Fjöldi borgara hefur flúið heimili sín. NORDICPHOTOS/AFP

Stefna á 5% hlut af Bandaríkjamarkaði

Kerecis hefur gert samning um sölu á nýrri vöru til meðhöndlunar á brunasárum á Bandaríkjamarkaði. Fyrirtækið stefnir á 5 prósenta hlut af 80 milljarða króna markaði innan fimm ára. Sölunet samstarfsaðila Kerecis spannar 36 þjóðlönd sem litið er til á næstu árum.

VIÐSKIPTI Lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur tryggt samstarf við PolyMedics Innovation (PMI), bandarískt-þýskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í vörum til meðhöndlunar á brunasárum. Ný vara Kerecis, Omega3 Burn, verður á grunni samningsins seld í Bandaríkjunum, en sölunet PMI nær til 36 landa.

„Þetta er mikilvægur áfangi fyrir okkur en með þessu erum við komin með tvær vörur sem seldar eru í gegnum tvö sölukerfi í Bandaríkjunum. Sáravöruna fyrir þrálát sár sem við höfum verið að selja síðan í ársbyrjun 2016 með eigin sölumönnum og umboðssölumönnum og svo þessa nýju vöru sem seld verður gegnum sérhæft söluteymi PolyMedics til brunasáradeilda sjúkrahúsa vítt og breitt um Bandaríkin," segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis.

> **Til viðbótar því að loka sárum hraðar og minnka sársauka benda rannsóknir okkar til að öramyndun sé minni þegar sáraroðið er notað.**



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis

Haustið 2014 samdi ísfirska Kerecis við rannsóknarstofnanir bandarískra varnarmálayfirvalda. Vörur Kerecis eru úr þorskroði. Sá samningur laut að rannsóknum á tækni Kerecis til að meðhöndla alvarleg brunasár. Lítur varan nú dagsins ljós.

„Nú í upphafi nær samstarfið aðeins til Bandaríkjanna. Það er líklegt að við munum víkka út samstarfið til fleiri markaða," segir Guðmundur Fertram. Markaður fyrir brunavörur í Bandaríkjunum var jafnvirði tæplega 80 milljarða íslenskra króna árið 2016.

„Markmið okkar er að ná fimm prósenta markaðshlutdeild á næstu fimm árum."

Varan [Kerecis Omega3 Burn] byggir á sama grunni og vara Kerecis fyrir þrálát sár [Kerecis Omega 3 Wound]. Unnið hefur verið að markaðssetningu nýju vörunnar í tvö ár í samstarfi við íslenska og erlenda sérfræðinga. Þar á meðal er Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Kerfislíffræðisetur Háskóla Íslands, Rannsóknarmiðstöð bandaríska sjóhersins og Sáraransóknarsetur bandaríska landhersins.

„Til viðbótar því að loka sárum hraðar og minnka sársauka benda rannsóknir okkar til að öramyndun sé minni þegar sáraroðið er notað, og þar af leiðandi verði minni vandamál með skerðingu á hreyfigetu," segir Guðmundur Fertram.

Lengi hefur besta meðhöndlun alvarlegra brunasára verið talin skinnágræðsla þar sem húð er flutt af einum stað líkamans á annan.

Aðrar vörur til meðhöndlunar brunasára eru gjafahúð af svínum eða húð látins fólks. Gjafahúð fylgir sýkingarhætta sem kallar á flóknar vinnsluaðferðir. Engin smithætta er á milli þorsks og manna og því eru öll innihaldsefni þorskroðsins varðveitt í vörur Kerecis og hefur verið sýnt fram á í fjölmörgum klínískum rannsóknum að virknin verður því betri.

svavar@frettabladid.is

MIKILVÆG MÁLEFNI – MERKILEGAR BÆKUR



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

ÍSLENSKA/SIA.IS/LEX 83823 03/17

FORSÝNING LC 500h Í NÝJUM OG GLÆSILEGUM SÝNINGARSAL

SJÁÐU FRAM Í TÍMANN



Í DAG KL. 12–16 Í KAUPTÚNI 6

Það eru nýir tímar í vændum hjá Lexus því í dag vígjum við nýjan og glæsilegan sýningarsal sem hefur verið veglega innréttaður eftir ströngum, alþjóðlegum kröfum Lexus. Hinir glæsilegu bílar okkar hafa aldrei notið sín betur.

Við erum stolt af því að geta samtímis boðið þér að sjá flottasta sportbíl Lexus til þessa, hybrid-sportbílinn LC 500h, sem verður forsýndur á opnuninni. LC 500h mun brjóta blað í sögu Lexus þegar hann kemur á markað síðar á árinu – svo að komdu í dag og sjáðu fram í tímann.

lexus.is

Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400

FORSÝNING | LEXUS

Tíu í haldi og rætt við þúsundir vitna

Árásarmaðurinn Khalid Masood snerist til íslamstrúar eftir langan afbrotaferil. Hann þótti samt ekki sérlega trúaður og skrapp reglulega á krána. Hann myrti fjóra og slasaði tugi manns í London á miðvikudag. Forsætisráðherrann talar um afskræmingu á íslamstrú.

BRETLAND Breska lögreglan hefur gert húsleit á meira en 20 stöðum, rætt við um 3.500 vitni og handtekið tíu manns í tengslum við rannsókn á árásinni við breska þinghúsið í London á miðvikudag. Hald hefur verið lagt á þúsundir muna, þar á meðal mikið magn af tölvugögnum.

Níu hinna handteknu voru enn í haldi lögreglu í gær, en einni konu hafði verið sleppt lausri.

Rannsóknin beindist meðal annars að því hvort árásarmaðurinn hafi verið einn að verki eða hvort hann hafi fengið hvatningu eða aðstoð frá öðrum.

Árásarmaðurinn hét Khalid Masood, var fæddur árið 1964 í Kent og sagður hafa alist upp hjá einstæðri móður sinni. Hann hlaut upphaflega nafnið Adrian Russell Ajao, gekk stundum undir nafninu Adrian Russel Elms en tók síðar upp nafnið Khalid Masood, líklega eftir að hann snerist til íslamstrúar. Hann hefur einnig notað önnur nöfn eftir trúskiptin.

Elms er ættarnafn móður hans en Ajao er ættarnafn manns sem hún giftist tveimur árum eftir fæðingu Adrians. Sá maður er ættaður frá Afríku en móðirin er í fjölmiðlum sögð hvít á hörund.

Á unglingsárum hófst langur afbrotaferill sem stóð í að minnsta kosti tuttugu ár. Hann hlaut ýmsa dóma á tímabilinu frá 1983 til 2003, meðal annars fyrir alvarleg ofbeldisbrot. Eitt sinn fyrir að hafa stungið mann í andlitið með hníf. Þetta var árið 2000 og þá hlaut hann fangelsisdóm.



Fjöldi hefur lagt leið sína að þinghúsinu til að minnast þeirra sem létust í hryðjuverkinu á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hann bjó síðustu misserin í Birmingham ásamt eiginkonu og þremur ungum börnum. Hann er sagður hafa lagt stund á vaxtarrækt og unnið fyrir sér með enskukennslu.

Nágrannar hans í Birmingham voru furðu lostnir þegar þeir fréttu hvað hann hafði gert. Þeir sögðu hann hafa verið vingjarnlegan í viðkynningu, en ekki mjög mannblendinn. Sumir sögðu hann þó hafa verið fljótan að skipta skapi og að hann hafi verið strangur við börnin sín.

Þeir sem þekktu hann sögðust ekki hafa talið hann sérlega trúaðan. Hann skrapp til dæmis á krána reglulega til að fá sér í glas.

Hann hefur áður komið við sögu leyniþjónustunnar í tengslum við rannsókn á ofbeldisverkum öfgamanna. Talið er að hann hafi komist í kynni við íslamska öfgamenn í fangelsinu.

Masood ók bifreið á fjölda fólks á Westminster-brúnni við þinghúsið í London með þeim afleiðingum að þrjár manneskjur létu lífið og tugir slösuðust alvarlega. Hann myrti síðan lögreglumann með hníf og féll loks sjálfur fyrir byssuskotum frá lögreglu.

Að sögn lögreglunnar í London særðust að minnsta kosti 50 manns. Af þeim þurfti að flytja 31 á sjúkrahús og þrír þeirra voru í gær enn í lífshættu.

Nóttina áður gisti Masood á ódýru hóteli í Brighton. Þegar hann kvaddi hótelstarfsfólkið sagðist hann ætla að skreppa til London.

gudsteinn@frettabladid.is

Afskræming

Hryðjuverkasamtökin Íslamskt ríki sögðu Masood hafa verið einn af „hermönnum“ sínum, en óljóst er hvort samtökin komu nálægt skipulagningu eða undirbúningi árásarinnar í London. Þau hafa hins vegar hvatt fólk um heim allan til að fremja hryðjuverk.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sagðist á fimmtudag sammála því að rangt væri að kalla árásina í London „íslamskt hryðjuverk“. Hún segir að vísu rétt að tala um íslamista í þessu samhengi, en þarna sé á ferðinni afskræming á íslamstrú.



Landsbankinn
greiðir arð til
samfélagsins

24,8
ma. króna

Arðgreiðslur í ár nema
24,8 milljörðum króna.

og á fimm árum nema arðgreiðslur
106,8 milljörðum króna, þar af
renna rúmlega 98% til ríkissjóðs.

Landsbankinn.is



RÝMINGARSALAN Á
KORPUTORGI
HELDUR ÁFRAM
ALLT Á AÐ SELJAST!
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

50-70%
AFSLÁTTUR

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR AÐEINS Á KORPUTORGI

Votlendi endurheimt fyrir fugla og fólk

Garðabær hefur lokið endurheimt votlendis á tveimur svæðum innan bæjarmarkanna. Undirbúa þriðja verkefnið við Urriðavatn. Svæðin ætluð til útivistar og ekki síst til skoðunar á fjölbreyttu fuglalífi. Er hluti af stefnumótun sveitarfélagsins í umhverfismálum.

UMHVERFISMÁL Verkefnum Garðabæjar við endurheimt votlendis á tveimur svæðum á Álftanesi er lokið. Horft er til loftslagsmála en ekki síður á mikilvægi svæðanna vegna fjölbreytts fuglalífs og möguleika til útivistar. Frekari framkvæmdir Garðabæjar við endurheimt votlendis eru í farvatninu við Urriðavatn.

Á dögunum lauk framkvæmdum við endurheimt votlendis á Álftanesi milli Kasthúsatjarnar og Jörvavegar. Verkefnið hófst formlega í lok ágúst og fólst í uppfyllingu 675 metra af skurðum. Að verkefninu komu Landgræðsla ríkisins og Toyota á Íslandi, auk bæjarins.

Jóna Sæmundsdóttir, formaður umhverfisnefndar Garðabæjar, segir að áfram verði haldið. Samstarfi Garðabæjar við Toyota á Íslandi og Landgræðsluna verði haldið áfram, og endurheimt votlendis við Urriðavatn hafi orðið fyrir valinu.

Spurð hvernig sveitarfélagið hafi hugsað nýtingu svæðanna eftir að framkvæmdum er lokið segir Jóna að hugmyndin sé að þau nýtist til útivistar og fuglaskoðunar.

„Við Kasthúsatjörn er einstakt fuglalíf og við Bessastaðanes er varpsvæði æðarfugla. Það er okkur mikilvægt að allt yfirbragð bæjarlandsins sé aðlaðandi og hvetji til útivistar enda er stór hluti bæjarlandsins friðlýstur," segir Jóna og bætir við að votlendi sé mikilvægt búsvæði fugla og plantna og styðji þannig við líffræðilegan fjölbreytileika svæðana. Verkefnin falli mjög vel að nýútgefinni umhverfisstefnu Garðabæjar.

> **Það er okkur mikilvægt að allt yfirbragð bæjarlandsins sé aðlaðandi og hvetji til útivistar enda er stór hluti bæjarlandsins friðlýstur.**
>
> Jóna Sæmundsdóttir, formaður umhverfisnefndar Garðabæjar



Verkefnið tafðist fyrst um sinn vegna rigninga síðasta haust og vetur en áætlað var að ljúka framkvæmdinni fyrir komu farfugla á svæðið. Í framhaldinu munu sérfræðingur Landgræðslunnar og umhverfisstjóri Garðabæjar fylgjast með framvindu svæðisins, til dæmis hvernig og hve hratt votlendið grær eftir raskið.

Á Álftanesi hefur nú verið endurheimt votlendi á tveimur svæðum; á Bessastaðanesi og við Kasthúsatjörn eins og áður segir. Umhverfis Kasthúsatjörn er mjög fjölskrúðugt fuglalíf, en umhverfi tjarnarinnar er friðlýstur fólkvangur. Endurheimt votlendisins við tjörnina er í raun



Kostnaður bæjarins var um 13 milljónir við bæði verkefnin. MYND/GARÐABÆR

stækkun á búsvæði fugla, votlendisgróðurs og annarra dýra. Kasthúsatjörn er þekkt meðal fuglaskoðara fyrir tíðar heimsóknir sjaldgæfra fugla og flækinga.

En þá er ekki allt talið og segir í frétt á heimasíðu Garðabæjar að með verkefnunum sem nú er lokið hafi opnum skurðum á Álftanesi fækkað og það varði öryggi barna í nágrenninu, sem og annarra sem eiga leið um svæðið.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, sagði við upphaf framkvæmda við Kasthúsatjörn að endurheimt votlendis væri stórt umhverfismál sem snerti alla og enn frekar uppvaxandi kynslóðir.

„Með því er ekki aðeins dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem er stórmál í sjálfu sér, heldur erum við einnig að vernda og styrkja fjölskrúðugt lífríki," sagði Gunnar.

svavar@frettabladid.is



iPERFORMANCE

BMW

Sheer
Driving Pleasure

BMW X5 PLUG-IN HYBRID. ALLTAF MEÐ FJÓRHJÓLA-DRIFIÐ TENGT.

BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 9.690.000 KR.

Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sama stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 12–16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM80646

JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI
ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN
Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.
Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717

Framkvæmdir hafnar við Ásmundarsal

SAMFÉLAG Viðhaldsvinna og uppbygging á Ásmundarsal við Freyjugötu 41 er hafin. Opna á húsið formlega vorið 2018.

Fjárfestarnir og hjónin Sigurbjörn Þorkelsson og Aðalheiður Magnúsdóttir keyptu húsið og borguðu fyrir það 168 milljónir. Áður var Listasafn ASÍ með starfsemi þar í um árabil.

„Okkur langar til að það verði líf í húsinu á meðan á framkvæmdum stendur og kynnum því til leiks Ásmundarsal í endurnýjun," segir Aðalheiður. „Við stefnum að því að vera með uppákomur og sýningar í húsinu. Eins verður hægt að koma hér við. Fólk getur þá fylgst með framkvæmdum og upplifað eitthvað skemmtilegt á sama tíma.

Sýningargestir gætu þurft að vera með öryggishjálma á næstu mánuðum," segir hún og hlær.

Fyrstu sýningar voru opnaðar á HönnunarMars, á fimmtudag. **– bb**



Viðhorf til afnáms haftanna



Flestir telja að afnám hafta snerti þá ekki

Helmingur svarenda í nýrri könnun telur afnám fjármagnshafta engin áhrif hafa á sig. Rúm 30 prósent telja áhrifin lítil eða mjög lítil. Ekki óvænt, segir forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.

EFNAHAGSMÁL „Þetta kemur ekki á óvart og þetta er rétt skilið hjá meginþorra fólks myndi ég ætla. En þetta voru náttúrlega bara síðustu skrefin," segir Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.

Helmingur þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis telur að afnám fjármagnshafta hafi engin áhrif fyrir þá og fjármál þeirra.

Rúmlega 30 prósent telja það hafa mjög lítil eða lítil áhrif. Einungis rúm 20 prósent telja afnám hafta hafa mikil eða mjög mikil áhrif.

Hinn 12. mars síðastliðinn var tilkynnt að höft yrðu afnumin að fullu tveimur dögum seinna. Í tilkynningu vegna ákvörðunarinnar sagði að fjármagnsflæði að og frá landinu yrði nú gefið frjálst og einstaklingar, fyrirtæki og lífeyrissjóðir geti fjárfest erlendis án takmarkana.

„Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir lífeyrissjóði sem þurfa að dreifa áhættu af fjárfestingum sínum," sagði í tilkynningunni. Á þeim tíma var helst óttast að breytingarnar myndu hafa þau áhrif að gengi krónunnar myndi snarlækka með tilheyrandi verðhækkunum á innfluttum vörum. Það hefur ekki gengið eftir, en evran var þó fjórum krónum dýrari í gær en hún var 12. mars.

„Þessi síðustu skref sem voru tekin um daginn hafa svo sem engin bein áhrif á hið almenna heimili," segir Breki Karlsson.

Hins vegar séu óbeinu áhrifin þau að væntingar ættu að standa til þess að vaxtakjör ríkisins batni. Þá muni Seðlabanki Evrópu hugsanlega skrá krónuna aftur sem gjaldmiðil sem hann hafi ekki gert síðan í desember 2008. Við það muni tiltrú á krónuna aukast.

> **Þessi síðustu skref sem voru tekin um daginn hafa svo sem engin bein áhrif á hið almenna heimili.**



Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

„Óbeint hefur það því áhrif á heimilin," segir hann. Breki segir breytinguna sem varð um síðustu áramót hafa haft mun meiri áhrif á almenning „Þegar fólki var gefin heimild til að versla með gjaldmiðil," útskýrir Breki og bendir á að í raun hafi verið stigin nokkur skref við haftaafnámið og þau verið þannig að almenningur hafi varla tekið eftir þeim.

„Það er frábært og þýðir að vel hefur tekist til og að þau hafa ekki haft óeðlileg áhrif á gengi krónu umfram venjulegar sveiflur," segir Breki.

Hringt var í 1.242 manns þar til náðist í 791 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 20. og 21. mars. Svarhlutfallið var 63,7 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða áhrif telurðu að afnám fjármagnshafta muni hafa fyrir þig og þín fjármál? Alls tóku 64 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar, 33 prósent sögðust óákveðin og 3 prósent svöruðu ekki spurningunni.

jonhakon@frettabladid.is

Ársfundur

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl næstkomandi kl. 17.00.

Fundurinn verður haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2-3.

Dagskrá:

1. Venjuleg störf ársfundar skv. 6. gr. samþykkta sjóðsins
2. Tillaga sjóðfélaga til breytinga á 2. gr. samþykkta
3. Önnur mál

Tillaga til breytinga á samþykktum Lífeyrissjóðs bankamanna liggur frammi á skrifstofu sjóðsins að Skipholti 50b.

Einnig má nálgast tillöguna og allar nánari upplýsingar á vef sjóðsins www.lifbank.is

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

LÍFEYRISSJÓÐUR BANKAMANNA
Skipholti 50b • 105 Reykjavík • Sími 569 0900
Fax 569 0909 • lifbank@lifbank.is • www.lifbank.is



STUDIO KLEINA

CREATIVE TAKE OFF

VELKOMIN Á HÖNNUNARMARS

Creative Take Off er vettvangur fyrir hönnuði til að koma verkum sínum á framfæri, staðsettur í brottfararsal Keflavíkurflugvallar. Líkt og í fyrra gerir Isavia íslenskri hönnun hátt undir höfði í HönnunarMars undir merkjum Creative Take Off.

Okkur finnst að góðar hugmyndir eigi að fá byr undir báða vængi og að þeir sem eiga leið um flugstöðina geti notið íslenskrar hönnunar og borið hróður listamannanna með sér út fyrir landsteinana. Farþegar komast í réttu stemninguna fyrir hátíðarhöldin strax á Keflavíkurflugvelli en Isavia í samstarfi við Hönnunarmiðstöð hefur komið upp stóru og glæsilegu grafíkverki á besta stað í flugstöðinni svo þeir fái að upplifa sköpunarkraft íslenskrar hönnunar.

Í þessu 15 metra langa veggverki má sjá sýnishorn af átta fullkláruðum leturtýpum úr smiðju Stúdíó Kleinu, en einnig nokkur nýrri tilraunakennd verk úr núverandi verkefni þeirra Letur+Krot+Krass. Listamennirnir Elsa Jónsdóttir og Loki Björnsson útskrifuðust sem grafískir hönnuðir frá Listaháskóla Íslands árið 2014, en þau hönnuðu til að mynda einkennið fyrir Hönnunarverðlaun Íslands og hafa vakið mikla athygli fyrir áhugaverðar leturgerðir.

KEFLAVIK AIRPORT

Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre



AMG sýning Mercedes-Benz.

Stærsta sýning Mercedes-Benz á Íslandi frá upphafi verður haldin í Skútuvogi 2, laugardag og sunnudag frá kl. 12–16.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook


AMG

Glæpamaður



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Árásarmaður lagði til atlögu við breska þingið í Westminster í vikunni. Áður hafði maðurinn keyrt inn í þvögu gangandi fólks á Westminster-brú sem liggur að þinghúsinu. Fjögur fórnarlömb liggja í valnum og tugir eru sárir. Árásarmaðurinn ætlaði sér augljóslega inn í þinghúsið sjálft.

Gríðarleg fréttaumfjöllun hefur verið um málið. Fréttastöðvar í Bretlandi og annars staðar lögðu önnur mál til hliðar og sýndu beint frá vettvangi atburða. Blöð og vefsíður voru undirlögð. Leiðtogar ríkja í öllum heimsins hornum kepptust við að votta Bretum samúð sína.

Íslamska ríkið var snöggt til að lýsa ábyrgð á verknaðinum. Hryðjuverkaógnin hafði enn og aftur gert vart við sig svo um munaði í Evrópu. Breska lögreglan lét ekki á sér standa að skilgreina verknaðinn sem hryðjuverk.

Ef nánar er að gáð er hins vegar fín lína milli svokallaðra hryðjuverka og venjulegra glæpa. Sá sem verknaðinn framdi virðist ekki hafa verið sérlega trúrækinn, eða að minnsta kosti ekki það sem kalla mætti öfgamúslima, hann reykti og drakk og hafði aðra lesti sem litnir eru hornauga meðal strangtrúaðra. Hann var heldur aldeilis ekki með hreint sakavottorð og hafði komist ítrekað í kast við lögin. Meðal þeirra glæpa sem hann hafði framið voru alvarlegar líkamsárásir. Var hann þá ótíndur glæpamaður eða hryðjuverkamaður?

Við þetta má bæta að í stórborgum, eins og London, eru alvarlegir ofbeldisglæpir næstum daglegt brauð. Aðeins nokkrum dögum áður hafði óður maður myrt ungbarn og sært annað með hamri. Það atvik fékk ekki sambærilega athygli og það fá heldur ekki aðrir ofbeldisglæpir.

Eftir situr að margfalt meiri líkur eru á því að stórborgarbúi láti lífið af slysförum eða sökum lífsstílssjúkdóma en af völdum hryðjuverka eða glæpa. Stjórnmálamenn eru þó ekki mikið að vekja athygli á því á Twitter eða öðrum samskiptamiðlum. Stríð gegn hryðjuverkum virðist líklegra til að tryggja endurkjör en herör gegn offitu.

Fjölmiðlar þurfa að horfa í eigin barm í þessum efnum. Þeir gefa svokölluðum hryðjuverkamönnum eftir sviðið. Þeir nærast á athyglinni og ná markmiði sínu, að dreifa hræðslu og hafa áhrif á daglegt líf fólks.

Í Bretlandi á tímum Írska lýðveldishersins var farin sú leið að kalla hryðjuverkamenn á þeirra vegum ótínda glæpamenn. Flestir eru á því að vel hafi tekist að vinda ofan af samúð með málstað þeirra, enda heyra voðaverk af þeirra hálfu vonandi sögunni til. Með því að endurtaka í sífellu að árásarmenn eins og sá í London séu „íslamskir hryðjuverkamenn“ eða eitthvað í þá átt er óbeint verið að réttlæta verknaðinn og gefa í skyn að þeir vinni voðaverk í þágu einhvers málstaðar.

Það gera þeir ekki. Hryðjuverkamenn eru ekkert annað en ótíndir glæpamenn og eiga að vera meðhöndlaðir sem slíkir.

Stríð gegn hryðjuverkum virðist líklegra til að tryggja endurkjör en herör gegn offitu.

Aðalfundur
Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn miðvikudaginn 29. mars 2017, kl 19:30 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

Dagskrá:
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning fulltrúa á landsfund Sjálfsbjargar lsh
- Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn

Stjórnin

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Blind trú

Árið 1992 lýsti bandarískur stjórnmálafræðingurinn Francis Fukuyama yfir „endalokum sögunnar“. Fukuyama trúði því að hugmyndafræðilegri þróun mannkynsins væri lokið. Við fall Sovétríkjanna og lok kalda stríðsins var endapunktinum náð. Hið eina rétta stjórnarfar, hið vestræna lýðræði, hafði í anda náttúruvals Darwins orðið ofan á og bolað burt óæðri stjórnarháttum, svo sem harðstjórn, einræði og kommúnisma.

Fáum okkur te

„Í gær var reynt, með hryðjuverki, að þagga niður í lýðræðinu,“ sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, er hún ávarpaði breska þingið daginn eftir hryðjuverkaárásina við þinghúsið í vikunni. „En í dag komum við hér saman eins og aðra daga – eins og kynslóðirnar á undan okkur gerðu og eins og komandi kynslóðir munu gera – til að segja: Við látum ekki hræðast ... Því við vitum að lýðræðið og þau gildi sem því fylgja munu alltaf verða ofan á.“

Sem Lundúnabúi get ég vottað staðfestu samborgara minna. Lífið gengur sinn vanagang og fólk sendir ódæðismönnunum fingurinn. „Allir hryðjuverkamenn eru vinsamlegast minntir á að þetta er London,“ stendur nú á skilti í einni neðanjarðarlestastöðinni: „Sama upp á hverju þið takið munum við einfaldlega fá okkur te og halda okkar striki. Bestu þakkir.“ Ekkert fær haggað lýðræðinu. Eða hvað?

Tíu árum eftir að Fukuyama skrifaði metsölubók um hamingjurík endalok sögunnar leit önnur metsölubók dagsins ljós. Árið 2002 urðu hugleiðingar tvídjakkaklædds stjórnmálafræðings sem hélt því fram að mannkynið væri „vopnaframleiðandi dýr haldið óþrjótandi drápsþorsta“ óvæntur sumarsmellur í Bretlandi. Í bókinni Straw Dogs: Thoughts on Humans and Other Animals færir John Gray rök fyrir því að framþróun mannkynsins sé aðeins goðsögn. Þótt framþróun sé staðreynd þegar kemur að tækni og vísindum – skref fyrir skref bætist við ný þekking og gamlar kenningar glatast sem reyndust rangar – er það ekki svo þegar um er að ræða mannlegt samfélag, siðferði og stjórnmál. Þar hverfist þróun mannsins í hringi. Það sem þykir siðferðilega rangt einn daginn getur þótt í fínu lagi þann næsta. Sem dæmi er ekki langt síðan pyntingar þóttu glópska fortíðar. En nú tíðkast þær aftur hjá rótgrónum lýðræðisríkjum.

Einlægur ákafi

Nokkrum dögum eftir að hryðjuverkamaður réðst að lýðræðinu í London trúum við því flest sem hér búum að fátt fái stjórnarfarinu haggað. Því lýðræðið „og þau gildi sem því fylgja,“ eins og May orðaði það, „munu alltaf verða ofan á.“ Lýðræðið er hið eina rétta ástand. Það eru sögulok.

En einmitt í þessari blindu trú liggur hættan.

Sagan sjálf sýnir að sögulok eru hvergi nærri. Fáir halda því til að mynda lengur fram að vestrænt lýðræði hafi verið næsta skref í þróun stjórnarhátta í Rússlandi við fall kommúnismans. Og það er með stuðningi fjöldans, leikreglum lýðræðisins, sem Erdogan, forseti Tyrklands, reynir nú að veita lýðræði þar í landi náðarhögg. Lýðræðislega kjörinn forseti Bandaríkjanna er manna duglegastur við að grafa undan frjálslyndum gildum Vesturlanda. Og svo mætti lengi telja.

Bandarískur blaðamaðurinn William Shirer varð frægur fyrir fréttaflutning sinn frá Þýskalandi á fjórða áratug síðustu aldar. Uppgangi nasismans lýsti hann svo: „Flestum Þjóðverjum, að mér virtist, stóð á sama þótt þeir væru smám saman sviptir frelsinu, þótt mikilfenglegri menningu þeirra væri tortímt og í staðinn kæmi barbarismi. ... Þvert á móti virtust þeir styðja það af einlægum ákafa.“

Á eigin ábyrgð

London, Brussel, Berlín, París, Nice. Um alla Evrópu ógna misindismenn lífi og limum saklausra borgara. Það er hræðilegt. Ömurlegt. En mesta ógn við lýðræðið við upphaf 21. aldar eru hins vegar ekki slíkir hrottar. Við stöndum þá af okkur. Helsta ógnin við lýðræðið í dag – og alla daga – er blind trú á goðsögnina um framþróun mannsins. Því lýðræði er hvorki náttúrulegt né óhjákvæmilegt ástand. Lýðræði er ekki örlög okkur sköpuð. Það er hvorki annarra náðarsamlegast að gefa okkur né annarra að taka. Það býr með okkur sjálfum og er á okkar eigin ábyrgð. Gleymum því ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

ÖRYGGI FJÖLSKYLDUNNAR Í FYRIRRÚMI

Við erfiðar vetraraðstæður verður öryggi fjölskyldunnar að vera tryggt. Volvo XC60 býður einstakt öryggi. Volvo öryggi. Hann er fjórhjóladrifinn, glæsilegur og öflugur jeppi. 23 cm veghæð gerir hann afar góðan í snjó og ófærð. Nú fæst Volvo XC60 AWD í nýrri Executive útgáfu.

LEÐURÁKLÆÐI
RAFDRIFIÐ ÖKUMANNSSÆTI MEÐ MINNI
LEIÐSÖGUKERFI MEÐ ÍSLANDSKORTI
BAKKMYNDAVÉL
VÉLARHITARI M. TÍMASTILLI (HEITUR Á MORGNANA)
VERÐ FRÁ 8.385.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC60 D4 AWD EXECUTIVE



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur meginähersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

Léttir fyrir strákana okkar

Íslendingar unnu afar mikilvægan útivallarsigur á seigu liði Kósóvó, 2-1, í Shkoder í Albaníu í gær. Snilli Gylfa Þórs Sigurðssonar kom enn og aftur í ljós þegar mest á þurfti. Kósóvó beit hraustlega frá sér í leiknum.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
skrifar frá Shköder
eirikur@365.is





Gleði, gleði, gleði! Strákarnir fagna marki Gylfa Þórs úr vítaspyrnu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið náði sem betur fer að landa þremur stigum gegn erfiðum andstæðingi í Albaníu í gærkvöldi, er okkar menn unnu 2-1 sigur á Kósóvó í erfiðari leik en margur átti eflaust von á.

Björn Bergmann Sigurðarson og Gylfi Þór Sigurðsson úr vítaspyrnu skoruðu mörk Íslands í fyrri hálfleik en eftir mikla elju gestgjafanna í upphafi þess síðari uppskáru þeir mark er Atdhe Nuhiu skoraði. Sem betur fer komust Kósóvóar ekki nær þrátt fyrir fína pressu frá þeim.

Mikill ákafi heimamanna

Ákafinn var mikill hjá gestgjöfunum í upphafi og íslensku leikmennirnir áttu fullt í fangi með að koma sínu spili í gang.

Þeir fengu afar lítinn tíma á bolta og til að skila honum á samherja. Gylfi Þór var lítið í spilinu og sóknarmennirnir gerðu lítið annað en að hlaupa og berjast.

Það fjaraði undan pressu Kósóvó strax eftir stundarfjórðung. Íslendingar fengu þá meira svæði til að athafna sig á og þvinga gestgjafana til að verjast.

Þegar það lukkaðist byrjuðu leikmenn Kósóvó að gera mistök sem okkar menn refsuðu fyrir.

Auðvelt fyrir Björn

Í fyrra marki Íslands í fyrri hálfleik urðu mistökin til þess að Arnór Ingvi gat lagt boltann út á Gylfa, sem skaut að marki. Samir Ujkani varði en Björn Bergmann hirti frákastið og skoraði í autt markið.

Gylfi skoraði sjálfur síðara markið úr vítaspyrnu sem kom til eftir eitraða sendingu hans á Birki Má, inn fyrir varnarlínu Kósóvó.

Benjamin Kololli gerði sig sekan um slæm mistök, missti af boltanum og felldi Birki. Spyrnan hjá Gylfa var örugg, eins og við var að búast.

Berisha öflugur

Kósóvó sýndi að liðið er með sterka einstaklinga. Valon Berisha var öflugur framan af og ógnaði íslenska markinu með skoti snemma leiks sem strauk slána á íslenska markinu. En það var augljóst að liðsheild og leikskipulag Íslands var miklu sterkara en hjá andstæðingunum.

Ísland refsaði

Íslendingar refsuðu fyrir mistök Kósóvóa, en íslenskir samherjar björguðu hverjir öðrum eftir mistök þeirra.

Kósóvó sýndi líka að liðið hefur engu að tapa og að leikmenn þess eru algjörlega óhræddir við að láta til sín taka.

Eftir að hafa stillt sig af í leikhléinu mættu þeir dýrvitlausir til leiks í síðari hálfleik og eftir að hafa komist afar nærri nokkrum sinnum uppskáru þeir mark er Atdhe Nuhiu skoraði með skalla af stuttu færi á 52. mínútu.

Héldu haus

Meðbyr gestgjafanna var mikill og stemningin á vellinum eftir því. En Íslendingar náðu sem betur fer að halda haus og klára leikinn með sigri, þó svo að það hafi stundum staðið tæpt.

Leikurinn reyndi á taugarnar en strákarnir hafa margsinnis sýnt, sem betur fer, að þeir eru með stáltaugar þegar á reynir.

Sigurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir íslenska liðið upp á framhaldið í riðlinum en hefði liðið tapað stigum í Albaníu hefði leiðin á HM í Rússlandi orðið afar grýtt.

Með þessum þremur stigum eru strákarnir okkar aftur á móti í fínum málum og spila leik á heimavelli gegn Króatíu um toppsæti riðilsins.

visir.is Umsögn um alla leikmenn, umfjöllun og viðtöl má finna á íþróttavef Vísis.

KÓS 1–2 **ÍSL**

0-1 Björn Sigurðarson (25.), **0-2** Gylfi Þór Sigurðsson, víti (34.), **1-2** Atdhe Nuhiu (53.)

Skot (á mark): 7 (5) – 9 (5)
Horn: 5 – 2 **Rangstöður**: 1 – 1

Frammistaða Íslands (4-4-2)

Hannes Þór Halldórsson	6
Birkir Már Sævarsson	7
Kári Árnason	8
Ragnar Sigurðsson	8
Ari Freyr Skúlason	6
Emil Hallfreðsson	5
Aron Einar Gunnarsson	7
Gylfi Þór Sigurðsson	8
Arnór Ingvi Traustason	6
Björn Bergmann Sigurðarson	7
Viðar Örn Kjartansson	5
(69. Jón Daði Böðvarsson	6)

Nýjast

Domino's-deild karla

Keflavík - Tindastóll 83-73
Keflavík: Amin Stevens 29/23 frák, Magnús Traustason 27, Reggie Dupree 14, Hörður Axel Vilhjálmsson 6/9 stoðsendingar.
Tindastóll: Antonio Hester 23/12 frák., Chris Caird 15, Pétur Birgisson 14.
Keflavík vann einvígið, 3-1.

Þór Þorl. - Grindavík 88-74
Þór: Tobin Carberry 25, Emil Karel Einarsson 16, Maciej Baginski 13, Davíð Ágústsson 9.
Grindavík: Ólafur Ólafsson 21, Lewis Clinch 21, Þorleifur Ólafsson 12.
Staðan er 2-2. Oddaleikur á sunnudag.

Undank. HM 2018 Riðill Íslands

Króatía - Úkraína 1-0
Tyrkland - Finnland 2-0
Kosóvó - Ísland 1-2

Efri		Neðri	
Króatía	13	Tyrkland	8
Ísland	10	Kósóvó	1
Úkraína	8	Finnland	1

ÓLAFÍA KOMST EKKI ÁFRAM



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er úr leik á KIA Classic-mótinu á LPGA-mótaröðinni. Hún endaði fyrstu tvo hringina á þremur höggum yfir pari samtals og var tveim höggum frá því að komast í gegnum niðurskurðinn.

Um helgina

Stöð 2 Sport á laugardegi

14.00	WGC	Golfstöðin
17.00	Sviss - Lettland	Sport 2
17.00	Andorra - Færeyjar	Sport 3
17.00	Svíþjóð - H-Rússl.	Sport
19.45	Belgía - Grikkland	Sport 2
19.45	Portúgal - Ungverj.	Sport
19.45	Búlgaría - Holland	Sport 3
21.30	Kia Classic	Sport 4
00.00	Sunna í Invicta	Sport 2
04.30	F1 í Ástralíu	Sport

Stöð 2 Sport á sunnudegi

14.00	WGC	Golfstöðin
16.00	England - Litháen	Sport
16.00	Aserb. - Þýskaland	Sport 2
16.00	S. Marino - Tékkl.	Sport 3
18.45	N-Írland - Noregur	Sport 2
18.45	Skotland - Slovenía	Sport 4
18.45	Danmörk - Rúmenía	Sport 5
19.15	Oddaleikur í Dom.	Sport
19.30	NBA: Houston-OKC	Sport 3
21.00	Körfuboltakvöld	Sport
21.30	Kia Classic	Sport 4



Hugsun
-skilgreinir hún manninn?

Opinn fræðslufundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar
Sturlugötu 8, miðvikudaginn 29. mars kl. 17.00–18.30.
Kaffiveitingar frá kl.16:30 – Allir velkomnir



Skilningur og vit hjá manneskjum og vélmennum
Kristinn R. Þórisson
prófessor í tölvunarfræði við HR



Þegar minnið hopar
Ellý Katrín Guðmundsdóttir



Heilinn
Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur

Á www.decode.is/fundir getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

IDdesign

KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

179.990 kr. ~~239.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



35%
AFSLÁTTUR

MORO
Hægindastóll og skammel í grá-brúnu eða rauðu slitsterku áklæði.

119.980 kr. ~~189.980 kr.~~



EBBA
Hægindastóll. Fjórir litir. Lion gulur, blár, bleikur eða grár.

30%
AFSLÁTTUR

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~



EASY
Þriggja sæta sófi.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 95 x 85 cm

35%
AFSLÁTTUR

69.990 kr.
~~109.990 kr.~~

OSWALD
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt eða dökkblátt slitsterkt áklæði. Viðarfætur.
Stærð: 185 x 84 x 87 cm

25%
AFSLÁTTUR

74.990 kr. ~~99.990 kr.~~





20%
AFSLÁTTUR

TWIST
2,5 sæta sófi. Ljósblár, dökkgrár eða appelsínugulur. Viðarfætur. Stærð: 159 x 92 x 95 cm

87.990 kr. ~~109.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

DEVON
Tveggja sæta svefnsófi. Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

99.990 kr. ~~139.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



MORRISON
Borðstofuborð úr hvíttaðri olíuborinni eða olíuborinni gegnheilli eik.

30% AFSLÁTTUR

MORRISON borðstofuborðið er 100 cm breitt, 200 cm langt og hæðin er 73 cm. Það er stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir sem gera það mögulegt að stækka borðið í 512 cm. Hvíttuð eða olíuborin eik.

279.993 kr. ~~399.990 kr.~~

PÁSKA TILBOÐIN

VIVALDI
Borðstofustóll. Eik með svörtu áklæði í setu og baki.



50% AFSLÁTTUR

29.995 kr. ~~59.990 kr.~~

ALBERTA
Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.



20% AFSLÁTTUR

6.990 kr. ~~8.990 kr.~~

EIFFEL
Eldhússtóll með króm-löppum. Litir: Rautt, grátt, svart eða hvítt.



25% AFSLÁTTUR

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Brúnt og dökkgrátt áklæði.

Stærð:
330 × 230/170 × 90 cm



25% AFSLÁTTUR

224.990 kr. ~~299.990 kr.~~

NATUZZI EDITIONS

EIFFEL
Eldhússtóll með svörtum löppum. Litir: Grátt, svart, hvítt eða turkis blátt.



25% AFSLÁTTUR

7.490 kr. ~~9.990 kr.~~







Tvær 48 cm stækkanir fylgja.

SINGLE
Borðstofuborð hvítt og svart.
Stærð: 120 x 80 x 76 cm.

35% AFSLÁTTUR

49.990 kr. ~~79.990 kr.~~

OMAHA
Borðstofustóll. Turkisblátt eða grátt áklæði.



35% AFSLÁTTUR

9.990 kr. ~~15.990 kr.~~

Þú finnur nýja bælinginn okkar á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
25. MARS 2017 LAUGARDAGUR



Fyrirsætur farðaðar og þeim greitt nokkrum klukkutímum fyrir sýningarhald gærkvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Tíska í Hörpu



Reykjavik Fashion Festival var sett í vikunni. Tískusýningar í Hörpu hófust í gær. Mikið tilstand var baksviðs þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var á ferð. Sjö hönnuðir kynna línur sínar á hátíðinni sem má kalla hina íslensku tískuviku.





Gersemar og grafík á Granda

Hönnuðurnir Tinna Pétursdóttir og Hlín Reykdal hafa efnt til samstarfs í nýrri vinnustofu og verslun þeirrar síðarnefndu á Fiskislóð á Granda. Hlín hefur í verslun sinni selt eigin hönnun, skartgripi og fleira. Skartið framleiðir hún á vinnustofu í sama húsnæði. Tinna mun selja grafíska hönnun, plaköt sem hafa vakið mikla athygli. Í nýjustu plakötum sínum leikur hún sér með myndir af penslastrokum. „Litavalið er voða mikið það sem er að hrífa mig hverju sinni, og þegar ég fæ hugmynd eða innblástur þá er ég yfirleitt strax með tón eða litapallettu í huga. Ég er búin að vera að leika mér svolítið með penslastrokur og myndir af þeim. Síðan vinn ég myndirnar," segir Tinna.

Bakgrunnur hennar er í grafík. „Mér er það náttúrulegt að kryfja myndir og slíta smáatriði í sundur og leika mér með forrit, liti og layout," segir Tinna. Hún segir samstarfið til komið á sérstaklega mikið af sama fólki og ég er búin að halda upp á búðina hennar síðan hún var opnuð. Hún er með einstakt vöruval sem er ekki endilega að tappa inn á trendin. Mér finnst vörurnar fá svo vel að njóta sín í látlausu umhverfinu hjá henni og ég hef gaman að gleyma mér í alls konar gersemum sem hún velur að selja. Mig langaði svo mikið að selja þessa línu hjá henni og hafði það mikið í huga þegar ég var að vinna þetta. Við hittumst svo fyrir tilviljun á bar og síðan ekki söguna meir," segir Tinna. **– kbg**



Tinna Pétursdóttir ásamt nýlegum verkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Furðuverur í Safnahúsinu

Þjóðminjasafn Íslands tekur þátt í HönnunarMars. Í Safnahúsinu við Hverfisgötu sýna Þórunn Árnadóttir, Milla Snorrason og pólskir og íslenskir myndskreytar. Sýning myndskreytanna er sérlega lífleg, furðuverur af síðum bóka eru stækkaðar upp og prýða gólfið. Gaman fyrir fjölskyldur að líta þangað. Sigurður Oddsson sýnir í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu.



Ný verslun

Hildur Yeoman opnaði á dögunum verslun undir eigin nafni á Skólavörðustíg og kynnti einnig samstarf sitt við 66°Norður á HönnunarMars. Í búð Hildar eru einnig skór frá merkinu Kalda eftir Katrínu Öldu Rafnsdóttur til sölu úr haust- og vetrarlínu hennar, Paris-Texas.

Fjölskyldudagur í Norræna húsinu

Fréttir og þekking er á meðal þess sem SuoMu, samband finnskra hönnuða, flytur með sér frá Finnlandi og hyggst deila með gestum HönnunarMars í Norræna húsinu. Sérstakur fjölskyldudagur verður haldinn í húsinu á laugardag.

Egill í strætó



Í dag verður farið í strætóferð um Reykjavík undir leiðsögn Egils Helgasonar fjölmiðlamanns og Péturs H. Ármannssonar arkitekts og skoðuð þróun borgarinnar 1930 og 1960 þegar strætisvagnar gegndu lykilhlutverki í samgöngum og borgarþróun. Brottför frá Ráðhúsi Reykjavíkur kl.13.00.



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is





„Smátt og smátt var ég farin að sjá heildarmyndina,“ segir Linda Ósk Valdimarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þjónar Guðs þurfa að fylgja Biblíunni

Linda Ósk Valdimarsdóttir dansari var að leita að svörum við spurningum um lífið þegar Vottar Jehóva bönkuðu upp á einn daginn og buðu henni að fræðast um Biblíuna. Tveimur og hálfu ári síðar tók hún skírn sem Vottur Jehóva og nú vill hún boða trúna.

Mér finnst kannski full háfleygt að segjast hafa frelsast, þetta var ekki eitt „aha“ augnablik. Það gerðist bara svolítið smátt og smátt að því meira sem ég lærði, því meira fór ég að sjá í gegnum alls konar hluti og skilja ástand heimsins betur. Í fyrsta skipti fannst mér ég hafa fengið svör og öll púslin passa saman,“ segir Linda Ósk Valdimarsdóttir sem á morgun flytur til Suður-Ameríku til að ganga hús úr húsi og bjóða fólki að læra um Biblíuna eins og Vottar Jehóva eru þekktir fyrir. Hún er 25 ára gömul og gat sér gott orð með dansflokknum og dansskólanum Rebel fyrir nokkrum árum. Hún er núna búsett í Kaupmannahöfn en þar kynntist hún Vottum Jehóva fyrst.

„Ég hef í raun alltaf haft gaman af því að læra og stúdera. Þegar ég var átján ára fór ég að skoða meira alls konar sjálfshjálparbækur um hvernig maður getur verið betri manneskja, en líka hvernig maður lætur starfsferilinn blómstra. Ég var leitandi að góðum lífsgildum og fannst mikið óréttlæti í heiminum og það opnuðust stórar spurningar um hvaðan við komum, hvert framtíðin stefnir og hvernig við getum notað ástríðu okkar til að stuðla að breytingum. Mér varð fljótt ljóst að maður breytir ekki heiminum sjálfur en maður getur tekið ábyrgð á sjálfum sér og lagt sitt af mörkum.“

Linda segist alltaf hafa haft sína barnatrú en verið dæmigerður íslenskur unglingur sem svaf af sér fermingarfræðsluna og fermdist fyrir pakkana. „Ég fann aldrei nein fullnægjandi svör. Svo bankaði upp á hjá mér fólk sem var að kenna um Biblíuna. Ég hleypti því inn en var samt alveg rosalega skeptísk og vildi alls ekki lesa neitt af þess eigin ritum. En Biblían sjálf, það er eitthvað sem þjóðin mín er byggð á og lögin í þjóðfélaginu eru byggð á. Þannig að ég hugsaði að það sakaði ekki að þekkja betur það sem er hluti af menningu okkar.“

Linda segist hafa verið skeptísk í aðra röndina en alltaf með annað augað opið. Hún hafi dælt út spurningum um allt sem henni datt í hug. „Konan sem kom lét Biblíuna alltaf svara spurningum mínum. Mér fannst ég alltaf fá fullnægjandi svör við þeim spurningum sem ég hafði og þau höfðu alltaf einhverjar staðreyndir sem studdu svörin. Smátt og smátt var ég farin að sjá heildarmyndina og sjá í gegnum samfélagslegar kenningar og hvernig þær stangast á við það sem Biblían er að kenna.“

Uppreisnargjörn á yngri árum

Linda segir Íslendinga almennt ekki hafa mikla þolinmæði fyrir fjölbreytni í trúarskoðunum eða því að fólk sé mjög trúað. „Við erum víkingar. Það getur verið erfitt að skera sig úr og vera öðruvísi en ég hef samt alltaf verið þannig að ég set spurningarmerki við hlutina í stað þess að fylgja straumnum. Ég var náttúrulega ekki með danshóp sem hét Rebel fyrir ekki neitt. Þegar ég var yngri kom uppreisnargirnin kannski fram á neikvæðan hátt en hún kom samt fram út frá réttlætiskennd. Ég er alveg Íslendingur í mér á þann hátt að vilja ekki vera steypt í fast form eða láta stjórna mér. Þess vegna spyrja sig margir hvernig ég þoli að vera Vottur Jehóva með öllum þeim svokölluðu ‚reglum‘ sem því fylgja. Þetta eru í raun gildi sem maður lærir og það er ekkert verið að taka frá manni frjálsan vilja. Biblían er skrifuð okkur til hagsbóta og ef við kjósum að fylgja henni þá er það okkur aðeins til góðs.“

Linda er sem sagt úr dæmigerðri íslenskri fjölskyldu, sem ekki rækti neina trú í ríkum mæli, og áður þekkti hún engan sem var Vottur Jehóva. „Mamma var náttúrulega alls ekki ánægð. Hún var ekki alveg að taka þetta í mál. En hennar hræðsla stafaði kannski af því að hún héldi að ég myndi aldrei tala við sig aftur. Ef maður veit ekki hvað barnið sitt er að fara út í, og hefur bara heyrt slæma hluti, þá er auðvitað skiljanlegt að maður verði hræddur. En það er töggur í mömmu og þó það væri áskorun þá útskýrði ég fyrir henni að ég væri í rauninni að grafa dýpra í það sem mér var kennt sem barn. Bæði vinir og fjölskylda hafa þó aðeins tekið eftir jákvæðum breytingum í fari mínu og samband mitt og mömmu hefur í rauninni aldrei verið jafn gott og núna.“

„Kjaftasögur“ um útskúfun

Kjaftasögurnar, já. Í gegnum tíðina hafa margir fyrrverandi Vottar Jehóva stigið fram og lýst útskúfun úr Vottunum eftir að hafa stigið feilspor eða valið að draga sig út úr söfnuðinum.

Linda segir að það sé aldrei þannig að fólk sé rekið með skít og skömm úr söfnuðinum. Sjálf óttast hún ekki að verða fyrir neinni útskúfun. „Það er alls ekki þannig sem þetta fer fram. Það er eiginlega bara þvert á móti. Það eru allir ófullkomnir og það getur öllum orðið á. Þá er bara talað um hvað kom fyrir og fólki hjálpað að komast á rétta braut aftur. Þegar þú skírist sem Vottur Jehóva þá ertu að taka á þig ákveðna ábyrgð og segja að þér þyki Biblían innihalda bestu gildin og þú viljir gera þitt besta til að fylgja þeim. Ef þú síðan ákveður að fara á móti því þá getur þú ekki verið Vottur Jehóva lengur. Þetta er pínu eins og að sækja um vinnu í banka. Þá þarf að fylgja reglum og stefnu bankans. En ef allir starfsmenn myndu byrja að stela og ekkert yrði gert í því þá færu hlutirnir úr böndunum innan bankans. En því að bera nafn Guðs fylgir ábyrgð og það að vera Vottur Jehóva er eins og að vera í samstarfi við Guð. Til þess að hægt sé að hafa traust og einingu innan safnaðarins verða þegnar Guðs að vera tilbúnir til þess að fylgja þeim gildum og stefnu sem Guð setur.“

Aftur er Linda spurð um þær sögur að fólki sem gengur úr söfnuðinum sé ekki lengur heilsað á götum úti og það missi tengsl við þá vini sem það hefur eignast innan Votta Jehóva og jafnvel eigin fjölskyldu líka. „Þegar fólk ákveður að hætta þá gerist það oft að fólk fer upp á móti í staðinn. En Biblían kennir, og mælir með, að maður eigi að velja góða vini og umkringja sig þeim. Ef fólk hættir og fer að rakka niður söfnuðinn getur það dregið aðra niður með sér. Þínir nánustu móta þig. Ef maður er Vottur Jehóva og trúir því að Biblían sé með bestu lífsgildin en maður er stöðugt að umgangast fólk sem fer á móti því þá getur það dregið mann niður. En svo gerir fólk bara það sem því finnst best.“

> ÉG VAR NÁTTÚRULEGA EKKI MEÐ DANSHÓP SEM HÉT REBEL FYRIR EKKI NEITT. ÞEGAR ÉG VAR YNGRI KOM UPPREISNARGIRNIN KANNSKI FRAM Á NEIKVÆÐAN HÁTT EN HÚN KOM SAMT FRAM ÚT FRÁ RÉTTLÆTISKENND.

Biblían látin þýða sig sjálf

Að sögn Lindu trúa Vottar Jehóva því sem stendur í Biblíunni, án utanaðkomandi túlkunar. Þannig er bókstafurinn látinn ráða en ekki túlkun presta og annarra manna trúarinnar. Trúin hafi þannig spunnist út frá því sem almenningur las úr Biblíunni en ekki yfirboðurum. „Við látum í raun Biblíuna þýða sig sjálfa. Þá kemur í ljós að Biblían er mjög einföld og skýr og margt af því sem trúarleiðtogar hafa verið að kenna í gegnum tíðina stangast á við það sem stendur í Biblíunni. Út frá því kemur þessi mikla réttlætiskennd, að ganga hús úr húsi og gefa fólki tækifæri til þess að læra hvað Biblían sé virkilega að kenna. Vottum Jehóva finnst fólk eiga rétt á að vita hvað Biblían segir í raun og veru og sjá í gegnum hvað er búið að snúa mikið upp á sannleikann varðandi hana.“

Hún bendir á að Biblían sé útbreiddasta bók í heiminum og sé uppi í hillu á fjölmörgum heimilum. „En margir þeir sem telja sig þekkja hana lesa aldrei í henni. Vottar Jehóva er eina trúfélagið sem ég hef kynnst sem virkilega notar Biblíuna og fylgir því sem þeir kenna úr Biblíunni.“

Vottar Jehóva hafa einnig vakið athygli fyrir að halda hvorki upp á jól né afmæli, dagamun sem flestir Íslendingar gera sér og hlakka til ár hvert. „Persónulega var ég aldrei mikið jólabarn. Í mörgum fjölskyldum eru jólin hátíð sem er haldin til að fjölskyldan komi saman og gleðjist. Því miður er það sjaldnast

FRÁBÆR TILBOÐ!

WHITE PEARL GÆSADÚNSÆNG
Góð gæsadúnsæng fyllt með 90% af mjúkum gæsadúni og 10% af gæsafiðri. Áklæði úr 100% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Fylling: 750 gr. Stærð:
135 x 200 sm.
29.990 nú **19.990**
135 x 220 sm.
34.990 nú **24.990**
200 x 220 sm.
49.990 nú **39.990**
Vnr. 4027450, 4027451, 4027485



SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
19.990

Sparið **10.000** krónur











Kauptu 2 og sparaðu **1000**

AMUNGEN MYRKVUNARGARDÍNA
Góð myrkvunargardína sem heldur birtunni úti. Fást í 3 litum: Svartar, gráar og ljósgráar. 1 vængur í pakka. Stærðir: 140 x 175 sm. **3.595**
nú 2 stk. **6.190** 140 x 245 sm. **4.495**
nú 2 stk. **7.990** Vnr. 5007740



RÚM+SÆNG/KODDI+LAK+SÆNGURVERASETT

FRÁBÆRT FERMINGARTILBOÐ!

SleepWell

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

Sparið **31.285** krónur









Svamp-fylling | 10 ára ábyrgð dýnu | 2 ára ábyrgð áklæði | Pokagormar | Mjúk Meðalstíf Stíf Stífleiki | Yfirdýna

SLEEPWELL DÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + KRONBORG TEYGJULAK + SÆNGURVER
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m^2.
Stærð: 90 x 200 sm. Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Gott teygjulak úr 100% bómull.
Fæst í nokkrum litum. Sængurverasett að eigin vali að verðmæti **3.595** Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Vnr. 8880000913-0, 4117000, 1416001, 1364280, 1335680

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VALITOR KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR | Netgíró

ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: 76.235

44.950

GILDIR 25.03 - 29.03

sem það tekst og það var þannig í minni fjölskyldu. Ég fann aldrei beint þennan jólaanda. Þegar ég fór svo að læra um Biblíuna komst ég að því að uppruni jólanna stangast á við það sem hann er sagður vera. Hann er sagður vera afmæli Jesú Krists en þetta er hátíð sem kemur frá heiðinni trú. Frá þeim sem trúðu á sólina og tunglið en ekki Guð og Jesú. Í sögu kristinnar trúar var á einhverjum tímapunkti alls konar trú blandað saman til að friða samfélag þess tíma. Þegar maður lærir svona mikið um Biblíuna og fer að bera virðingu fyrir trúnni þá vill maður að hlutirnir séu réttir og mér finnst persónulega ekki rétt að halda hátíð sem er sögð vera samkvæm Biblíunni en stangast á við það sem Biblían er í rauninni að kenna."

Hið sama gildi um afmæli. „Afmæli er ekki kristin hátíð, og frumkristnir menn héldu ekki þá hátíð. Í Biblíunni er aðeins tvisvar sinnum minnst á afmæli og í bæði skiptin voru kristnir menn teknir af lífi svo mér finnst það ekki viðeigandi að taka þátt í þeirri hátíð."

Afstaða Votta Jehóva til samkynhneigðar

„Fólk heldur að Vottar Jehóva séu með þvílíka fordóma en það er alls ekki. Fólk má lifa sínu lífi eins og það vill. Það hefur enginn rétt til að setja sig í eitthvert dómarasæti og halda að maður sé betri en einhver annar af því að maður lifir lífinu svona eða hinsegin. Samkynhneigðir eru fólk eins og hvert annað og eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og kærleik eins og allir aðrir," segir Linda um afstöðu Votta Jehóva til samkynhneigðar.

Aftur á móti segir hún að samkynhneigð sé ekki samkvæm Biblíunni og því sé ekki hægt að vera meðlimur í Vottum Jehóva ef maður er kominn út úr skápnum. „Samkvæmt Biblíunni var mannkynið skapað sem karl og kona saman. Okkur var einnig ætlað að vera fullkomin og lifa í fallegri paradís á jörð, en við erum auðvitað, á svo margan hátt, komin langt frá þessum uppruna bæði sem mannkyn og jörð. Samkynhneigð er því partur af ófullkomleika, eins og allir eru ófullkomnir. Samkynhneigðir eru ekkert ófullkomnari en annað fólk og ég hef kynnst mörgu yndislegu samkynhneigðu fólki en þegar maður boðar orð Guðs og finnst það vera góður leiðarvísir þá þarf maður að vera tilbúinn til þess að fylgja stöðlum Guðs eftir bestu getu."

Mælt er með því að Vottar Jehóva eignist maka í sömu trú. „Biblían er skrifuð okkur til hagsbóta og þegar maður er með einhverjum sem er með sömu gildi og maður sjálfur þá gengur sambandið oft betur en annars. En þetta fer allt saman eftir frjálsum vilja þó Biblían mæli með því að vera með einhverjum af sömu trú. Það er auðveldara. Þegar fólk giftir sig og sækir blessun frá Guði þá er gott að hafa í huga að hann er búinn að setja ákveðinn leiðarvísi um hvernig hjónabandið virkar best og í Biblíunni eru tól til þess að hjálpa fólki að stuðla að góðu hjónabandi. Það getur samt auðvitað margt komið upp en það er betra að fólk reyni að vinna í sambandinu í stað þess að hlaupa frá því eins og er mjög algengt í dag." Hún segist hafa hrifist af því hversu mörg sterk pör séu innan safnaðarins, samanborið við mörg brotin sambönd í kringum sig áður.

„Það að vera Vottur Jehóva finnst mér vera mikill heiður. Maður er að bera nafn þess æðsta í heiminum, Jehóva (Jehóva er nafn Guðs sem tekið hefur verið úr flestum Biblíuþýðingum síðustu aldar). Maður er í raun eins og fulltrúi Guðs, þess sem skapaði allt og er yfir öllu. Ég hélt að ég myndi aldrei verða Vottur Jehóva en þegar maður hefur öðlast þá þekkingu sem er að finna í Biblíunni þá langar mann að verða það á endanum. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun."



ÞEGAR ÞÚ SKÍRIST SEM VOTTUR JEHÓVA ÞÁ ERTU AÐ TAKA Á ÞIG ÁKVEÐNA ÁBYRGÐ OG SEGJA AÐ ÞÉR ÞYKI BIBLÍAN INNIHALDA BESTU GILDIN OG ÞÚ VILJIR GERA ÞITT BESTA TIL AÐ FYLGJA ÞEIM. EF ÞÚ SÍÐAN ÁKVEÐUR AÐ FARA Á MÓTI ÞVÍ ÞÁ GETUR ÞÚ EKKI VERIÐ VOTTUR JEHÓVA LENGUR. ÞETTA ER PÍNU EINS OG AÐ SÆKJA UM VINNU Í BANKA. ÞÁ ÞARF AÐ FYLGJA REGLUM OG STEFNU BANKANS.

Linda segist alltaf hafa haft sína barnatrú en verið dæmigerður íslenskur unglingur sem svaf af sér fermingarfræðsluna og fermdist fyrir pakkana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Myndi hafna blóðgjöf

Linda Ósk segir að í Biblíunni sé mælt með því að halda sig frá blóði. „Þetta er mjög viðkvæmt umræðuefni. Oft er spurt hvort við viljum að börnin okkar deyi, en auðvitað vill það enginn og það vilja allir halda lífi og vilja það besta fyrir börnin sín. Okkur er kennt að bera mikla virðingu fyrir lífi.

Það er að koma mikið í ljós í nýjustu rannsóknum að þessi mikla blóðgjöf sem verið hefur í læknavísindunum er ekki jafn saklaus og talið hefur verið. Ef þú færð átta mismunandi blóðgjafir í þig þá færðu í raun átta mismunandi DNA í líkamann sem getur reynst erfitt fyrir hann að vinna úr. Í Danmörku kom nýlega tilkynning þar sem fólk, sem hafði fengið blóðgjöf á ákveðnu tímabili, var beðið um að koma til skoðunar því það voru miklar líkur á að það hefði smitast af AIDS. Fólk hefur alveg jafn mikið dáið við það að fá blóð eins og ekki. Það er ekki jafn mikið talað um það í fjölmiðlum en ef maður kannar þetta vel kemur í ljós að mikið er um aukaverkanir af blóðgjöf. Það hefur orðið ákveðin vakning í læknavísindum að undanförnum árum varðandi þetta málefni."

Fréttablaðið bar þessar fullyrðingar undir Tómas Guðbjartsson, yfirlækni á Landspítalanum. Hann segir allt gert til að koma til móts við kröfur Votta Jehóva. „Það er engin spurning að blóðgjafir almennt eru lífsbjargandi á hverjum degi. Við gætum ekki framkvæmt þær opnu hjartaaðgerðir sem við erum að gera án þess að hafa blóð. Ég hef sjálfur gert að áverkum á fólki á Íslandi þar sem hefur þurft næstum 50 lítra af blóði. En við skurðlæknar eru meðvitaðir um óskir Votta Jehóva. Þeir eru flestir tilbúnir að tengjast hjarta- og lungnavél, sem er fyllt með vökva sem er í alls konar efni en ekki blóð. Í þeim aðgerðum er reynt allt til að halda blóðtapi í skefjum. Það er gert samkomulag um það að ef blæðir mikið eftir aðgerðina þá sé ekki gefið blóð og þeir eru þá heldur til í að láta lífið eftir það. Þetta er auðvitað stressandi fyrir teymið og skurðlækninn en þetta er samt gert. En það er samt rétt sem hún segir að blóð er í raun vefur úr annarri manneskju. Það eru rannsóknir sem sýna að þetta bælir aðeins ónæmiskerfið. Það er ekki æskilegt að gefa neinum blóð nema hann þurfi þess. Ég og mitt rannsóknarteymi höfum stundað miklar rannsóknir á hvernig við getum dregið úr þeim, en þær eru engu að síður algjörlega nauðsynlegur hluti af okkar vopnum til að fleyta sjúklingum í gegnum stórar aðgerðir."

visir.is Lengri útgáfa er á Vísi.

Tree Of Life



Otikon™

Eyrnadropar við verk og bólgu

Við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu

- Hjálpar einnig við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni
- Hentar börnum
- Gefið sem úði, auðvelt í notkun
- 100% náttúruleg innihaldsefni
- 15 ml glas



Nýtt

www.apotekarinn.is

Apótekarinn
- lægra verð

NAMMILAND

50% AFSLÁTTUR ALLA FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA



OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Maríu Hreiðarsdóttur hefur vegnað vel í uppeldishlutverkinu. Hún er seinfær móðir og segist hafa notið góðs stuðnings. María vill meiri umræðu um ófrjósemisaðgerðir á þroskaskertum og réttindi þeirra til fjölskyldulífs.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



María segir mestu máli skipta að vera til staðar. „Veita ást, hlýju og viðurkenningu. Það þarf að hugsa vel um allt sem eru stórar stundir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vildi alltaf verða móðir

María býr í fjölskylduvænu hverfi í Reykjavík. Út um stofugluggann sést grunnskólinn sem sonur hennar gengur í. Þar fyrir neðan er leikskólinn sem hann gekk í áður. Veggir stofunnar eru prýddar ljósmyndum. Flestar eru þær af syni hennar og stórum viðburðum í lífi hans. Skírn, ferming, afmæli og sigrar á fótboltamótum.

María er sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samninginn á að fullgilda fyrir árslok. Í samningnum er meðal annars kveðið á um rétt fatlaðra til fjölskyldulífs.

Maríu langaði alltaf til þess að verða móðir. „Flestar konur upplifa þessar tilfinningar og mig langaði eins og margar aðrar konur að eignast börn og verða móðir.“

María varð barnshafandi árið 2002, þá rúmlega þrítug. Hún upplifði blendnar tilfinningar á meðgöngunni. „Fjölskyldan studdi vel við bakið á mér. Einnig fólk sem þekkti mig vel, það stóð með mér og studdi mig. En svo var fólk sem þekkti mig minna, vissi minna um getu mína, sem var með fordóma í minn garð.“

Eftir að sonur hennar fæddist barst barnaverndaryfirvöldum bréf um að María væri ekki hæf vegna þroskaleysis og heilsufars. „Sem betur fer þá gerðu barnaverndaryfirvöld ekkert í þessu. Ég var með það góðan stuðning að það var ekki tilefni til þess að hafa þessar áhyggjur.“

María naut góðs stuðnings fyrstu æviár sonarins. „Ég naut margs konar stuðnings. Hann fólst til dæmis í því að benda mér á ýmislegt, varðandi snuð, pela, að skipta á barninu og baða það. Þetta skipti allt máli. Seinni árin hefur stuðningurinn snúist um aga, nám, félagslíf, matarvenjur og að gera eitthvað skemmtilegt saman. Ég er líka heppin varðandi skólann og finn fyrir stuðningi og skilningi. Ég hef reyndar verið með gott fagfólk með mér í liði sem hefur komið með mér á fundi í skólanum. Sonur minn nýtur stuðnings þroskaþjálfa inni á heimilinu sem hjálpar honum með námið síðustu ár og hann hefur stundum komið með á fundi í skólanum. Það gengur vel,“ segir hún.

María þekkir fleiri mæður með þroskahömlun og segir reynslu þeirra misjafna. „Auðvitað er reynslan upp og ofan, eins og hjá öðru fólki. Ég tek eftir því að fólk vantar oft stuðning. Það þarf að vera skilningur á því að þegar um seinfæra foreldra er að ræða þarf að vera langtímastuðningur.“

Sonur hennar er að komast á unglingsár. Það leggst vel í Maríu. „Honum gengur prýðilega. Auðvitað gengur hann í gegnum skapsveiflur eins og önnur börn en mér hefur fundist ganga vel að takast á við uppeldið.“

Sonur hennar er heilbrigður með lítils háttar frávik. „Hann á alla möguleika,“ segir María. „Það voru engir möguleikar fyrir mig þegar ég var ung. Það var enginn stuðningur að ráði í barnaskóla, sem gerði það að verkum að maður átti enga möguleika. Þetta er allt annað í dag.“

> ÞAÐ VAR EKKI ÆTLAST TIL ÞESS AÐ ÉG MYNDI EIGNAST ANNAÐ BARN OG ÞVÍ VAR KOMIÐ TIL SKILA AF FAGFÓLKI Á SPÍTALANUM.

María segir mestu máli skipta að vera til staðar. „Það skiptir mestu máli að vera til staðar, veita ást og hlýju og viðurkenningu. Það þarf að hugsa vel um allt sem eru stórar stundir í lífi barnsins sem maður vill að takist vel. Að búa til góðar minningar er mikilvægt. Mér finnst líka mikilvægt að börn séu í íþróttum og tómstundum. Sonur minn er í fótbolta og hefur aðeins verið að æfa skák upp á síðkastið.“

Þegar hún lítur til baka segist hún viss um að þeir fáu sem hafi haft fordóma fyrir henni sem foreldri hafi skipt um skoðun. „Ég man sérstaklega eftir einni sem viðurkenndi að hún hefði haft rangt fyrir sér.“

Hún nefnir að fagfólk á spítalanum hafi sýnt að það hafi ekki búist við því að hún eignaðist annað barn. Hún upplifir engin sárindi vegna þessa lengur. „Ég er ekki sár yfir neinu lengur. En það var ekki verið að búast við því að maður kæmi aftur. Það var ekki ætlast til þess að ég myndi eignast annað barn og því var komið til skila af fagfólki á spítalanum,“ segir María.

Hún telur að fatlaðar konur eignist ekki börn vegna fordóma í samfélaginu. Þá minnir hún á að enn eru framkvæmdar ófrjósemisaðgerðir á fötluðum konum án þess að þær séu fyllilega upplýstar um hvað í þeim felst. „Ófrjósemisaðgerðirnar eru framkvæmdar til þess að koma í veg fyrir að fatlaðar konur eignist börn. Sumir segja að það sé til þess að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi en það hefur verið sýnt fram á það að það er ekki leiðin til að koma í veg fyrir ofbeldi, að taka konur úr sambandi. Þessar aðgerðir eru stundum framkvæmdar án þess að konurnar hafi nægjanlegar upplýsingar um hvað þær þýða. Konurnar skilja ekki afleiðingarnar að fullu og það er auðvitað mjög slæmt. Að skilja ekki hvað er verið að gera við mann og að maður geti ekki átt börn eftir þessa aðgerð.“

Fyrst og fremst manneskjur

Seinfærir foreldrar eru fyrst og fremst fólk og manneskjur," segir dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Hanna Björg hefur í aldarfjórðung rannsakað líf og aðstæður fjölskyldna þar sem foreldrar eru seinfærir . „Það eru engar rannsóknir, mér vitanlega, sem hafa sýnt fram á bein tengsl greindar og hversu hæf við erum sem foreldrar. Það er hins vegar mýta sem margir trúa.

Margir halda að seinfærir foreldrar séu allt öðruvísi en aðrir foreldrar," segir Hanna Björg og bendir á að seinfærir foreldrar séu jafn misjafnir og þeir eru margir. „Í öllum fjölskyldum erum við misjafnlega sett með svo margt. Það sem skiptir máli er hvert stuðningsnetið er í kringum okkur, hver reynslan er, hvað við þekkjum til barna, hvernig hefur verið hugsað um okkur. Það er svo margt sem skiptir máli þegar kemur að færni okkar sem foreldra."

Hanna Björg segir að með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna sé gerð krafa um að við virðum rétt fatlaðs fólks til fjölskyldulífs. Að barn sé aldrei tekið af foreldrum sínum einungis vegna fötlunar foreldris eða barns. Samningurinn sé skýr að því leyti.

Hér á landi er fjöldi seinfærra fjölskyldna. Hanna Björg segir þó mikilvægt að hengja sig ekki í greiningar. Stærsta vandamál seinfærra foreldra séu fordómar og vantrú á hæfni þeirra sem uppalenda. „Ég ítreka að það er svo margt sem skiptir máli í færni foreldra. Það er bara ekki klippt og skorið. Eitt af því sem fólk hefur lýst er að þegar það segir frá því hver staða þess er, hver greiningin er, þá breytist framkoman við það. Það er stutt í það að fólk setji samasemmerki á milli seinfærni og þess að vera vanhæfur uppalandi," segir hún.

Hanna Björg segir að þeir sem veita seinfærum fjölskyldum stuðning verði að trúa á foreldrana og virða tengsl foreldra og barns. „Stuðningurinn þarf að beinast bæði að fjölskyldunni sem heild og hverjum einstaklingi í fjölskyldunni. Svo er mikilvægt eins og María nefnir að stuðningur sé reglulegur og veittur til langs tíma. Þjónustan á líka að vera sveigjanleg og foreldrar eiga að upplifa sig við stjórn. Sumir þurfa mikinn stuðning, aðrir minni. Margir eru mjög góðir foreldrar en þurfa mismikinn stuðning.

Fyrst og fremst þurfa þeir sem eru í stuðningshlutverki að hlusta og koma ekki fram af dómhörku. Það er mjög margt gott fólk sem er að veita stuðning. Það á ekki að stjórna. Það á að styðja. Ef við viljum að fólki mistakist, þá tölum við í boðhætti. Ef við komum inn með fordóma, þá finnum við yfirleitt það sem staðfestir fyrirframgefnar hugmyndir okkar. Við þurfum að vera næm og horfa á styrkleikana líka. Við erum flest með þessar fyrirframgefnu hugmyndir um hvernig foreldrar eiga að vera, hvað þeir eiga að gera. Við þurfum eiginlega að reyna að vera viðsýnni og virða fjölbreytileikann," segir Hanna Björg og segir líklegt að íslenskt fjölskyldulíf sé mun fjölbreyttara en margur heldur.

Hönnu Björgu þykir vænt um að fylgjast með börnum seinfærra foreldra vaxa úr grasi. „Mér þykir mest vænt um að sjá hversu sterk tengsl eru á milli barna og foreldra í þessari stöðu. Og að sjá að langflest barnanna sem voru send í fóstur hafa komið til baka, viljað taka upp samband við foreldra sína."



Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Virðing fyrir heimili og fjölskyldu

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er sérstaklega vikið að fjölskyldulífi þess.

1 Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um aðra, til þess að tryggja megi:

- að réttur alls fatlaðs fólks, sem til þess hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsu og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur,
- að réttur fatlaðs fólks til óheftrar og ábyrgrar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli fæðinga og til að hafa aðgang, þar sem tekið er tillit til aldurs, að upplýsingum og fræðslu um getnað og fjölskylduáætlanir sé viðurkenndur og að því séu tiltæk nauðsynleg ráð sem gera því kleift að nýta sér þennan rétt.
- að fatlað fólk, þ.m.t. börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við aðra.

Landsvirkjun

Samfélagsábyrgð og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Geta hnattræn viðmið orðið að raunverulegum aðgerðum?

Velkomin á morgunverðarfund 30. mars nk.

Ný *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna* um sjálfbæra þróun eru viðmið til að takast á við fjölþætt vandamál. Hvernig þau verða uppfyllt er í höndum ríkja heims og mikilvægt að stjórnvöld, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar láti til sín taka. Landsvirkjun mun leggja áherslu á þrjú af *heimsmarkmiðunum* sem falla vel að áherslum fyrirtækisins; loftslagsmál, sjálfbæra orkuvinnslu og jafnrétti. Á fundinum deilum við reynslu okkar og leitum leiða til að skýra hvernig fyrirtæki geti breytt hnattrænum viðmiðum í raunverulegar aðgerðir.






Loftslagsmál – heimsmarkmið 13
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Jafnrétti kynjanna – heimsmarkmið 5
Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu

Sjálfbær orka – heimsmarkmið 7
Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs

Fundarstjóri: **Stella Marta Jónsdóttir**, forstöðumaður verkefnastofu Landsvirkjunar

Hótel Reykjavík Natura
30. mars 2017
kl. 8:30–10:00 (morgunkaffi hefst kl. 8.00)

Við hvetjum fólk til að mæta á fundinn með umhverfisvænum ferðamáta
Allir velkomnir
Skráning á www.landsvirkjun.is

JÓNSSON & LE'MACKS • IJ.is • SÍA

25 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Sólarferðir frá kr. **49.850** m/afslætti*

Borgarferðir frá kr. **59.995** m/morgunmat

Allt að **25.000 kr.** afsláttur á mann

HEIMSFERÐIR FAGNA 25 ÁRA AFMÆLI

Komdu og fagnaðu með okkur í Skógarhlíð 18 í dag, smakkaðu á afmælistertunni og kynntu þér spennandi ferðamöguleika.

Opið í dag frá kl. 11-15

BÓKAÐU FERÐ ALLUR PAKKINN Taska, handfarangur og íslensk fararstjórn innifalið.

*Öll verð eru með afslætti.

BÚDAPEST



Stökktu ☺☺☺

Frá kr. 64.995 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 64.995 m.v. 2 í herbergi.
20. apríl í 4 nætur.

VERONA



Hotel Mastino ☺☺☺

Frá kr. 80.096 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 80.096 m.v. 2 í herbergi.
20. apríl í 4 nætur.

PRAG



Jurys Inn Prague Hotel ☺☺☺

Frá kr. 71.771 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 71.771 m.v. 2 í herbergi.
27. apríl í 4 nætur.

LJUBLJANA



Stökktu ☺☺☺

Frá kr. 59.995 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 59.995 m.v. 2 í herbergi.
28. apríl í 3 nætur.

MADEIRA



Stökktu ☺☺☺

Frá kr. 92.480 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 92.480 m.v. 3 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. apríl í 11 nætur.

KRÓATÍA

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Laguna Istra ☺☺☺

Frá kr. 94.830 m/morgunmat innif.

Netverð á mann á frá kr. 94.830 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 105.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
27. júní í 7 nætur.

BIBIONE

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Villaggio Marco Polo ☺☺☺

Frá kr. 74.545 m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá kr. 74.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.

PORTOROZ

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Hotel Neptun ☺☺☺☺

Frá kr. 94.845 m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá kr. 94.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 115.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA • NM8150



BENIDORM



Hotel Melia Benidorm ☺☺☺☺

Frá kr. 83.365 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 83.365 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 98.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA



Estrella de Mar Apts. ☺☺☺

Frá kr. 68.545 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 68.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 95.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. ágúst í 7 nætur.

COSTA DEL SOL



Aguamarina Apartments ☺☺☺

Frá kr. 56.145 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 56.145 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 77.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
4. júní í 7 nætur.

KRÍT



Omega Platanias ☺☺☺

Frá kr. 88.045 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 88.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 107.795 m.v. 2 fullorðna í herb.
5. júní í 10 nætur.

ALBIR



Hotel Sun Palace Albir ☺☺☺☺

Frá kr. 63.465 m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá kr. 63.465 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 79.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. júní í 7 nætur.

MALLORCA



Hotel Sorrento / Portofino ☺☺+

Frá kr. 81.895 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 81.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 121.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
10. júlí í 10 nætur.

SALOU



Hotel Jaime I ☺☺☺

Frá kr. 69.885 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 69.885m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 93.785 m.v. 2 fullorðna í herb.
6. júní í 9 nætur.

TENERIFE



Arena Suites Apts. ☺☺☺

Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.795 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
26. ágúst í 7 nætur.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu











Allir geta fundið eitthvað fyrir sinn smekk í heimsálfunni hvort sem það er að fylgjast með dýralífi, mannlífi, heimsækja fallega fossa eða slaka á við hvíta strönd. NORDICPHOTOS/GETTY/N. RUFFALO

Afríka er ódýrari en þú heldur

Marga ferðalanga dreymir um ferðalag um Afríku enda mjög fjölbreytt afþreying þar í boði. Margir setja þó verðið fyrir sig, en ef vel er skoðað er hægt að lifa tiltölulega ódýrt á bakpokaferðalagi um „álfuna grænu“.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Heimsálfan græna hefur lengi verið draumur helstu ferðalanga. Afríka býður upp á allt: hvítar strendur, náttúrufegurð, dýralíf, ótrúlega ættbálkamenningu og lifandi borgarlíf.

Margir hafa sett verðmiðann fyrir sig þegar þeir hafa verið að íhuga ferðalag þangað, það er hins vegar hægt að komast til margra landa álfunnar og ferðast þar um á verði hefðbundins bakpokaferðalags. Sjálf eyddi ég tæpum þremur mánuðum í álfunni fyrr á þessu ári, á ferðalagi um Malaví og Sambíu, og að vinna og ferðast um í tvo mánuði í Gana. Allt eru þetta tiltölulega örugg og ódýr lönd sem bjóða upp á stórkostlegar upplifanir.

Fyrir dýravini býður suðurhluti álfunnar upp á mesta fjörið. Þar er hægt að komast á safarí og keyra um milli helstu aðalpersóna Konungs ljónanna. Það vita það ekki allir en helstu dýr Afríku eru ekki á vappi á götunni heldur mega þau einungis eiga heima í þjóðgörðum þar sem þau njóta ákveðinnar verndar. Sjálf heimsótti ég South Luangwa-þjóðgarðinn, níu þúsund ferkílómetra-gimstein í Sambíu. Þar var hægt að gista í tvær nætur, fá allar máltíðir og heimsækja þjóðgarðinn tvisvar með leiðsögumanni fyrir 150 dollara. Aðstaðan og maturinn var frábær og alveg ótrúleg upplifun að vera umkringd dýrum bæði í þjóðgarðinum en líka á landi hótelsins. Fíll kíkti í heimsókn og ruddi niður girðingu, aparnir sátu í kringum okkur þegar við lásum við stöðuvatnið þar, og maður þurfti að læsa dyrunum á kvöldin enda flóðhestar duglegir að spássera um á nóttunni.

Meðalkostnaður við að ferðast um í Gana, Malaví og Sambíu



Helstu lönd sem bjóða upp á safarí eru auk Sambíu Suður-Afríka, Tansanía, Botsvana og Kenýa. Þó er hægt að kynna sér dýralíf í fleiri löndum. Bæði Gana og Malaví eru með þjóðgarða sem vert er að heimsækja. Ég fékk fylli mína í Sambíu og kaus frekar að heimsækja fílaverndarsvæði í Sambíu og mónumarkettina í regnskógi í Volta-héraði í Gana, enda var það ódýrara en annað safarí og skemmtileg leið til að kynnast einu dýri sérstaklega.

Þeir sem hafa meiri áhuga á landslagi en dýrum geta sleppt safarí og farið beint í að skoða náttúruna í öllum þessum löndum. Fyrir fjallagarpa er ógrynni af fjöllum í boði til að klífa. Þekktasta fjall Afríku er án efa Kilimanjaro sem tekur marga daga að klífa og kostar mörg hundruð þúsund krónur að fá að heimsækja. Þeir sem vilja verja minna fé geta farið á eigin vegum eða með leiðsögumanni gegn vægu gjaldi, venjulega undir nokkrum þúsund krónum, upp á fjöll í Malaví og Gana. Útsýnið þar er stórfenglegt, sérstaklega nálægt Malavístöðuvatninu og í Volta-héraði í Gana. Oftast er hægt að skipuleggja göngur í með milligöngu gistiheimila.

Það eru ekki bara fjöll í þessum löndum heldur eru einnig fallegir fossar. Viktoríufossa má heimsækja bæði Simbabve- og Sambíumegin, einnig eru minni fossar í norðurhluta Sambíu og margir í Gana. Það er eiginlega ekkert betra en að ganga í gegnum frumskóg og enda gönguna á sundi í ískaldri bunu úr fossi eins og til dæmis við Wli-foss í Gana sem sagður er vera hæsti foss Vestur-Afríku.

Sambía og Malaví eru landlukt. Þrátt fyrir það er hægt að slaka á á ströndinni ef maður heimsækir löndin tvö. Malavístöðuvatnið er tæplega 30 þúsund ferkílómetrar að stærð og er frábært að gista á Nkahta Bay svæðinu þar og slaka á á ströndinni, snorkla í stöðuvatninu eða þá fara í bátsferð og stinga sér fram af klettum. Þeir sem vilja sérstaklega njóta stranda og þess að skoða vatnadýralíf í suðurhluta Afríku geta einnig heimsótt Mósambík og Zanzibareyju við Tansaníu. Gana er með langa strandlengju þar sem eru þægileg gistiheimili frá austri til vesturs. Í vestri er sérstaklega vinsælt að prófa brimbretti, en varasamt er að synda nokkurs staðar án þess að vera búin að athuga öldueganginn en öldurnar eru mjög sterkar víðast hvar við ströndina.

Í öllum Afríkuríkjum er að finna fjölbreytta menningu hvað varðar mat, listir og tónlist. Vestur-Afríka er sérstaklega þekkt fyrir trommumenningu sína, en talið er að hún hafi borist til Karíbahafseyja og haft áhrif á þróun tónlistar þar. Hægt er að fara á trommunámskeið í Gana, eða einfaldlega fara á vinsæla skemmtistaði til að heyra hressa tóna. Í Malaví er einnig vinsælt að spila á trommur við varðeld á ströndinni, algjör hápunktur í ferð minni þangað. Í Sambíu eru svo skemmtilegar danshefðir, sumar hverjar sem eru sérstaklega fyrir konur og iðkaðar í aðdraganda hátíða eins og brúðkaupa. Hægt er að kaupa afrískar grímur víða, en fyrir þá sem eru til í smá handavinnu er skemmtilegast að búa eina slíka til en það er í boði í Cape Coast í Gana. Hægt er að fara á matreiðslunámskeið og læra að gera helstu þjóðarréttina víða en þau geta verið ansi dýr, einfaldara er ef maður þekkir einhvern innfæddan að fá bara að fylgjast með.

Styttra, auðveldara og ódýrara er að ferðast um Afríku en margir gera sér grein fyrir. Einnig er friðsælla í flestum löndum en margir halda. Áður en haldið er í Afríkureisu þarf auðvitað að skoða vel hvernig aðstæður eru í viðkomandi landi, passa upp á bólusetningar og taka malaríulyfin með, en það er allt þess virði til að upplifa þessa ótrúlegu álfu. Ef Tenerife eða borgarferð til Evrópu hljómar ekki nógu spennandi sem næsta ferð mæli ég eindregið með að draga fram bakpokann og koma sér suður.

Ráðstefnur & fundir

Kynningar:
Hótel Borealis
Icelandair hótel Reykjavík Natura
HljóðX

LAUGARDAGUR 25. MARS 2017



Afslöppuð fundaraðstaða á Hótel Borealis

Hlaðan á Hótel Borealis er kjörin fyrir ráðstefnur, fundi og hópefli. →2

Hlaðan á hótel Borealis er kjörin fyrir ráðstefnur, fundi og hópefli.

Hótelið er í fallegu og afslöppuðu umhverfi við rætur Búrfells í Grímsnesi. Skammt frá þjóðgarðinum á Þingvöllum. Akstursfjarlægð frá Reykjavík er um klukkustund.

Rýmin eru tvö, hlaða og fjós.

Gott aðgengi er að útisvæði þar sem meðal annars er hægt að kveikja varðeld.

Á hótelinu eru 40 herbergi og og heitur pottur utandyra þar sem hægt er að njóta norðurljósa í fallegu umhverfi.

Fallegur veitingasalur sem tekur allt að 200 manns í sæti. Áhersla er lögð á ljúffenga rétti úr íslensku hráefni. Sjón er sögu ríkari.

Nánari upplýsingar í síma: 561 3661
eða netfang: hilmar@hotelborealis.is
www.hotelborealis.is



Hótel Borealis er glæsilegt sveitahótel. Þar er afslappað umhverfi sem hentar vel vinnuhópum sem vilja ró og næði. Fallegur veitingasalur og ljúffengur matur. Ráðstefnusalir með allri nútíma tækni.





Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439 | **Veffang:** visir.is





FUNDURINN Á EKKI
AÐ BYRJA MEÐ VESENI

GRÆJURNAR ÞURFA AÐ VIRKA!



HljóðX sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir funda- og ráðstefnusali.
Fyrir stór og lítil fyrirtæki, hótel og veitingastaði og önnur samkomuhús

Einfalt, smekklegt og ekkert vesen!

Hafðu samband við sérfræðing okkar í síma 553-3050

HLJÓÐX

HLJÓÐX · DRANGAHRAUN 5 & GRENSÁSVEGUR 12 · SÍMI 553-3050 · WWW.HLJODX.IS

FÓLK

Helgin

LAUGARDAGUR 25. MARS 2017



HönnunarMars er í fullum gangi og fjölda áhugaverðra viðburða að finna víða um borgina. Í Hörpu sýna meðal annars húsgagnahönnuðir nýjustu vörur sínar.

helgin ➔4



MYND/ANTON BRINK

Slakar best á heima

Yesmine Olsson er mætt til leiks á ný sem einkaþjálfari. Að auki kennir hún fólki að elda indverskan mat og fer í fyrirtæki sem gestakokkur og eldar fyrir starfsfólk. ➔2

SLY

Svefnsófi með springdýnu
Svefnflötur 140x200 cm
Rúmfatageymsla í sökkli
kr. 129.900 / TILBOÐSVERÐ kr. 110.415





ZEAL

Svefnbekkur með springdýnu
Svefnflötur 70x200 cm
kr. 79.900



Recast svefnsófi með springdýnu - Svefnflötur 140x200 cm kr. 119.900 - Skemill kr. 33.200

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Yesmine er mörgum að góðu kunn fyrir skemmtilega matreiðsluþætti en hún er einnig þekkt sem dansari og einkaþjálfari. Hún hefur gefið út nokkrar matreiðslubækur og er óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir. „Ég er nýbyrjuð að vinna aftur sem einkaþjálfari í World Class í Smáralind og í Ögurhvarfi. Yfirleitt vinn ég mikið heima en mér finnst gott að byrja daginn á því að fara í World Class að kenna því hreyfing hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi. Þetta brýtur líka upp daginn hjá mér," segir Yesmine en henni líður best þegar hún hefur nóg að gera.

Undanfarið hefur Yesmine fetað nýjar slóðir og unnið sem gestakokkur á mismunandi vinnustöðum. „Í síðustu viku var ég t.d. að elda hjá Ölgerðinni. Þetta er mjög skemmtilegt og mikil áskorun. Það eru líka forréttindi að fá að elda með flottum kokkum. Ég hef líka verið önnum kafin við að kenna fólki að elda og ekki haft mikinn tíma í annað. Þess vegna er gott að hafa einkaþjálfunina með, þetta er góð blanda. Það er líka frábært að fá að vinna við það sem maður hefur mest gaman af að gera," segir Yesmine en hún heldur reglulega námskeið í indverskri matreiðslu heima hjá sér. Henni finnst skemmtilegast að elda mat sem kemur fólki á óvart. „Það er svo gaman að leyfa fólki að smakka eitthvað nýtt og upplifa stemninguna sem er í kringum indverskan mat."



Yesmine heldur matreiðslunámskeið heima hjá sér. MYND/ANTON

Gaman að borða góðan mat

Innt eftir því hvers vegna hún hafi svona mikinn áhuga á mat segir Yesmine að það sé sennilega af því að henni finnist matur svo góður. „En ég valdi ekki að vinna með mat, maturinn valdi mig. Þetta byrjaði allt með því að ég skrifaði þrjár matreiðslubækur með áherslu á indverska matargerð. Í raun ætlaði ég aldrei að kenna matreiðslu eða vinna með mat," segir Yesmine.

Hún leggur áherslu á að fólk skemmti sér vel við eldamennskuna. „Mér finnst gaman að maturinn komi fólki ánægjulega á óvart og vona að námskeiðin verði til þess að fólk haldi áfram að elda indverskt. Þetta er ekki aðeins eldamennska heldur líka stemningin í kringum matinn. Ég kenni grunnatriði í indverskri matargerð sem kemur sér vel hvort sem fólk ætlar að halda indverskt matarpartí eða bara elda góðan, sterkan mat fyrir fjölskylduna," segir hún og bætir við að best sé að tryggja sér pláss á námskeiði hjá sér í gegnum tix.is.

Hrifin af „street food"

Yesmine fylgist vel með nýjum straumum og stefnum í matargerð, ekki síst þegar kemur að hollum réttum. Hún segist lengi hafa verið hrifin af svokölluðu „street food" hvaðanæva úr heiminum og hún reyni að búa til hollari útfærslu á slíkum mat. Spurð hvort hún eldi dæmigerðan íslenskan mat, eins og ýsu og lambakjöt, skellir Yesmine upp úr. „Getur þú séð mig fyrir þér að elda ýsu? Nei, ég borða ekki ýsu því ég er alin upp í Svíþjóð og þar vandist ég þorski og laxi. Ég er hins vegar svo heppin að vera gift manni úr sveit, sem á fullt af lömbum, hænum og hestum hjá foreldrum sínum í sveitinni, svo að ég á alltaf lambakjöt, egg og fer í nokkrar góðar hestaferðir á hverju ári til að ná góðri jarðtengingu. Ég er mjög hrifin af íslenskum matarhefðum þótt ég borði hvorki slátur né hákarl og maðurinn minn eldar oft kjötbollur og sunnudagslambalærið."

Slakar best á heima

Þegar Yesmine er ekki að vinna finnst henni gaman að fara á skíði, enda alin upp við það í Svíþjóð. „Við fjölskyldan förum oft á hestbak og í veiði og þá höfum við alltaf nesti með okkur. Ég nenni ekki að fara neitt nema fá eitthvað gott að borða líka."

Annars segist Yesmine vera heimakær og nýtur þess að slaka á heima hjá sér með manni og börnum. „Mér finnst gaman að elda góðan mat í góðra vina hópi og hlusta á skemmtilega tónlist. Ég þarf ekki meira en það."



„Þetta byrjaði allt með því að ég skrifaði þrjár matreiðslubækur með áherslu á indverska matargerð." MYND/ANTON BRINK



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433

Svefntruflanir úr sögunni

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Melissa Dream eru vísindalega samsettar vörur sem aðstoða fólk við að sofa betur og vakna hresst.

Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess er kostur.“



Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

Finnur ekki fyrir fótaóeirð

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream og ákvað að prófa.“ Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og finn ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við töflurnar er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“

Ekkert hefur reynst eins vel

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina.“ Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“



SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínó- sýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR
Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is



Júlíus Jóhannsson fann ótrúlega góð áhrif eftir að hafa notað Amínó Liði í fimm daga. MYND/ERNIR

Átti erfitt með að trúa virkninni

Júlíus Jóhannsson er mikill fjallgöngugarpur og hjólreiðamaður, rétt rúmlega fertugur og var farinn að finna fyrir slæmum verkjum og óþægindum í liðum, sérstaklega í hnjánum. „Það var helst sem ég fann fyrir miklum óþægindum daginn eftir fjallgöngu eða hjólatúr, sem hömluðu mér því ég varð stirður strax að morgni.

Ég var farinn að finna fyrir því að ég væri ekki eins ferskur og ég hafði verið og var farinn að átta mig á að einhverjar breytingar væru að eiga sér stað í líkamanum. Fjallgöngurnar reyndu sérstaklega á hnén og var þetta orðið hvimleitt vandamál hjá mér.

Ég hef ekki haft mikla trú á fæðubótarefnum í gegnum tíðina, en ákvað að prófa Amínó Liði, þar sem ég sá að þetta er framleitt úr íslenskum sæbjúgum og íslensku fiskpróteini, það fannst mér áhugavert. Ég trúði því ekki þegar ég fór að finna fyrir áhrifum af Amínó Liðum, því að aðeins eftir fimm daga fann ég ótrúlega góð áhrif. Ég átti erfitt með að trúa þessu, því að ég var alltaf að bíða eftir því að verða slæmur eftir fjallgöngur eða hjólatúra.

Ég ætla klárlega að halda áfram að nota Amínó Liði, því það virkar mjög vel fyrir mig.“





Íris Ásmundardóttir ballerína er mjög hraust, sjaldan þreytt og með góða einbeitingu. MYND/ANTON BRINK

Styrkir ónæmiskerfið og eykur úthald og hreysti

Íris Ásmundardóttir æfir ballet í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspestir sem ég má ekkert vera að því að eyða tímanum í,“ segir Íris.

» Hreysti og betri einbeiting fyrir tilstuðlan Bio-Kult.

Henni finnst Bio-Kult gera sér gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“



Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract.

HEIMILI OG SKÓLI
ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL
FORELDRAVERÐLAUNA 2017

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á heimiliogskoli.is. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **9. apríl 2017**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum
Tilvalið fyrir fjölskyldur!



Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5 -12 ára börn 1.200kr.
HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

Kínahofið
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022
Við erum á facebook
www.kinahofid.is




Hönnun frá AGUSTAV.


Lampar frá BERLIN NORD.


Stóll og hliðarborð frá A. Guðmundsson.


Stóll frá Sýrusson hönnunarhúsi.


Hliðarborð frá North Limited.


Dögg Design.

Þversnið af íslenskum húsgögnum

HönnunarMars er í fullum gangi og fjölda áhugaverðra viðburða að finna víða um borgina. Í Hörpu sýna meðal annars húsgagnahönnuðir nýjustu vörur sínar.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Sýningin er haldin af þeim sjö fyrirtækjum sem eru í Félagi húsgagna- og innréttinga-framleiðenda, AGUSTAV, Axis, Á. Guðmundsson, G.Á. Húsgögnum, Sólóhúsgögnum, Syrusson hönnunarhúsi og Zenus, í samvinnu við Samtök iðnaðarins.

Til viðbótar voru sex hönnuðir handvaldir til þátttöku, þau Bryndís Bolladóttir, Dögg Design, FÓLK, North Limited, Skata og STUDIO BERLINORD. Þessir hönnuðir og fyrirtæki eru afar ólík innbyrðis en eiga hugvit, fagmennsku og gæði sameiginlegt. Þau endurspegla breitt svið. Þarna má sjá þverskurð af því nýjasta í íslenskri hönnun og húsgagnaframleiðslu og hér ættu allir að sjá eitthvað við sitt hæfi. Þá er hönnunartímaritið HA með bás á sýningunni," útskýrir Theresa Himmer, sýningarstjóri sýningarinnar Íslensk húsgögn og hönnun sem fram fer í Hörpu á HönnunarMars.

„Fyrir íslenska hönnuði er HönnunarMars lykilviðburður og ómetanlegt tækifæri til þess að kynna verk sín fyrir almenningi. Um leið er hátíðin frábær vettvangur fyrir fagaðila innan hönnunargeirans til að hittast og eiga samtal," segir Theresa.


Hægindastóll fra Zenus

Sýningin í Hörpu er opin í dag og á morgun milli klukkan 12 og 18.

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@365.is 512 5441
Viðar Ingi Pétursson, vip@365.is 512 5426

Ráðgjafar

Dynamics NAV viðskiptahugbúnaður

Atvinna

Ráðgjafar

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu tengdum Dynamics NAV viðskiptalausnum. Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavini og þátttaka í vöruþróun á lausnum Wise.

Við leitum að kraftmiklu, sjálfstæðu fólki sem á auðvelt með að vinna í hóp, hefur áhuga á hugbúnaði og tæknimálum og góða almenna menntun.

Sérstaklega leitum við að fólki sem hefur áhuga og/eða reynslu af einhverju af eftirfarandi:

- Microsoft Dynamics NAV
- Birgða- og aðfangakeðju, s.s. vöruhúsum, flutningum og tollafgreiðslu
- Framleiðslukerfum
- Málefnum sveitarfélaga
- Gagnagreiningum – Power BI

Reynsla af bókhaldi er mikill kostur.

Starfsstöð er á skrifstofu félagsins í Reykjavík.

Wise lausnir

Wise lausnir ehf. vinna að hugbúnaðargerð og þjónustu henni tengdri. Við leggjum metnað okkar í að aðstoða viðskiptavini okkar við að ná hámarksárangri út úr nýtingu sinni á viðskiptalausnum. Lausnirnar byggja á Microsoft Dynamics NAV sem er einn vinsælasti viðskiptahugbúnaður heims.

Starfsmenn Wise á Íslandi eru nú 80 á skrifstofum félagsins í Reykjavík og á Akureyri.

Við bjóðum:

- Góðan starfsanda og liðsheild
- Frábæra starfsaðstöðu og samkeppnishæf laun
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Símenntun í starfi

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

wise

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri » sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

560.000.000.000
gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum 2016

540.000.000
km sem erlendir ferðamenn óku á Íslandi 2016

2.300.000
áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna 2017

46.000
ferðamenn eru núna á Íslandi

7,3
meðalfjöldi gistinátta ferðamanna

1
af hverjum 10 bílum á Íslandi er bílaleigubíll

HAGFRÆÐINGUR

sem vill láta til sín taka á skrifstofu ferðamála

Ferðaþjónustan hefur á örfáum árum vaxið í það að vera sú atvinnugrein sem skapar þjóðinni mestar gjaldeyristekjur. Hröðum vexti fylgja ótal áskoranir og nú vantar okkur öflugan hagfræðing á nýja skrifstofu ferðamála í ráðuneytinu.

Ferðaþjónustan tengist beint eða óbeint nánast öllum atvinnugreinum. Hagfræðingurinn sem við leitum að fær einstakt tækifæri til að taka þátt í stefnumótun, vinna að upplýsingaöflun, tölfræðigreiningum og áætlanagerð varðandi þennan hástökkvara íslensks atvinnulífs.

Markmiðið er að hámarka þjóðhagslegan ábata og tryggja um leið að atvinnugreinin og íslenskt samfélag geti vaxið og blómstrað hlið við hlið. ***Ert þú til í að slást í hópinn!***

Allar nánari upplýsingar um starfið og menntunar- og hæfniskröfur er að finna á ***starfatorg.is***

Upplýsingar um starfið veitir Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ferðamála **sigrun.brynja.einarsdottir@anr.is**

Umsóknir skulu sendar á netfangið **postur@anr.is.**

Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur er til og með **10. apríl.**

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Viltu ganga til liðs við okkur?

Óskum eftir að ráða hæfileikaríka þjónustufulltrúa og sölufólki

Þjónustufulltrúi

Við leitum að þjónustuliprum starfskrafti í fullt starf og sumarstarf í Kortadeild N1. Starfsmenn okkar eru á breiðu aldursbili og við hvetjum því jafnt yngri sem eldri til að sækja um. Lágmarksaldur er þó 20 ára.

Vinnutími er frá 9-17 og vinnuaðstaða eins og hún gerist best en starfið er fjölbreytt og felst í að þjónusta viðskiptavini N1 ásamt því að sjá um útgáfu N1 korta.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta unnið undir álagi
- Stundvísi

Sölufulltrúi í úthringiver

Við leitum að áhugasömu og jákvæðu sölufólki til að sinna verkefnum í úthringiveri innan Kortadeildar N1.

Í starfinu felst sala og þjónusta við viðskiptavini sem nýta sér N1 kortið. Vinnutími er samkvæmt samkomulagi og er vinnuaðstaðan eins og hún gerist best. Bæði er um að ræða fullt starf og hlutastarf.

Hæfniskröfur

- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Vilji til að ná árangri
- Góð almenn tölvukunnátta
- Stundvísi
- Reynsla af sölustörfum kostur

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt Þjónustuver, fyrir **5. apríl.**

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

N1



Spennandi starf

Fjármálastjóri

Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða fjármálastjóra. Starfið er nýtt.

Umsóknarfrestur
17. apríl

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4772

Starfssvið

- Umsjón með daglegri fjármálastjórnun.
- Yfirumsjón með bókhaldi, gerð ársreikninga og fjárhagsáætlana.
- Vinna við áhættumat og fjárhagslegar greiningar.
- Samningagerð.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála, viðskipta-, hagfræði eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af fjármálastjórnun og áætlanagerð.
- Þekking og reynsla af uppgjöri og endurskoðun kostur.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri kostur.
- Reynsla af samningagerð kostur.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni.
- Jákvætt viðhorf, sveigjanleiki og góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í máli og riti.

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Jarðböðin við Mývatn voru opnuð sumarið 2004 og hafa verið í örum vexti allar götur síðan. Á síðasta ári fór gestafjöldi í fyrsta sinn yfir 200 þúsund og er gert ráð fyrir auknum umsvifum á næstu árum. Jarðböðin hafa skapað sér sess sem kjölfesta í ferðaþjónustu í Mývatnssveit, enda opin alla daga allt árið um kring. Mývatnssveit er rómuð fyrir náttúrufegurð, en þar búa rúmlega 380 manns. Þar er meðal annars leikskóli, grunnskóli, íþróttahús, heilsugæsla og verslun.

Jarðböðin munu og geta aðstoðað við útvegun húsnæðis þar sem verið er að byggja ný raðhús sem hugsuð eru til útleigu fyrir starfsmenn.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Landhelgisgæsla Íslands

Gæðastjóri

Landhelgisgæsla Íslands leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum aðila í starf gæðastjóra. Viðkomandi hefur yfirumsjón með gæðakerfi Landhelgisgæslunnar. Gæðastjóri þarf að hljóta samþykki Samgöngustofu vegna starfsleyfa flugdeildar. Byrjunartími er samkomulag.
Viðkomandi þarf að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

Umsóknarfrestur
10. apríl

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4780

Helstu verkefni

- Umsjón með gæðakerfi í tengslum við flugrekstur Landhelgisgæslunnar.
- Aðstoð við gerð og þróun gæðahandbóka og verkferla.
- Yfirumsjón með framkvæmd úttekta samkvæmt verkferlum og reglugerðum.
- Innleiðing og þróun gæðakerfis fyrir aðrar deildir Landhelgisgæslunnar.
- Önnur tilfallandi verkefni sem falla undir verksvið gæðastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og víðtæk reynsla á sviði gæðastjórnunar er skilyrði.
- Góð þekking og reynsla af reglugerðum EASA og Samgöngustofu, er beinast að flugrekstri, þjálfun og viðhaldi loftfara er skilyrði.
- Reynsla á sviði flugmála er æskileg.
- Þekking á uppbyggingu, þróun og stjórnun gæðakerfa.
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvufærni.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti.

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Sölumaður

Traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að öflugum sölumanni á vinnufatnaði og rekstrarvörum.

Helstu verkefni:
- Sala á vinnufatnaði, öryggisskóm og tengdum vörum
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda við viðskiptavini fyrirtækisins
- Innkaup í samvinnu við innkaupastjóra
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Gerð kynningar- og markaðsefnis í samráði við sölu- og markaðsstjóra
- Söluferðir og heimsóknir til viðskiptavina

Menntun- og hæfniskröfur:
- Reynsla af sölustörfum
- Menntun með áherslu á sölu- og markaðsfræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, danska er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Verkefnastjóri í ferðaþjónustu

Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á ***www.atlantik.is***

Atlantik leitar að verkefnastjóra í fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf í ferðaþjónustu. Um fullt framtíðarstarf er að ræða og viðkomandi þarf að geta unnið yfirvinnu þegar á þarf að halda.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Sala, tilboðsgerð, úrvinnsla og framkvæmd ferða á Íslandi fyrir hvataferðahópa, ráðstefnur og viðburði auk ferða fyrir farþega af skemmtiferðaskipum
- Samskipti við innlenda samstarfsaðila og erlenda viðskiptavini
- Sölu- og markaðsmál
- Þátttaka í vöruþróun og hugmyndavinnu um nýjungar í ferðaþjónustu
- Aðstoð við önnur verkefni á álagstímum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða reynsla af starfi í ferðaþjónustu
- Þekking á Íslandi og framboði ferðaþjónustu æskileg
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Skipulagshæfni
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Excel er kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Samskiptahæfni og þjónustulund

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Viltu taka þátt í ævintýrinu?

Störf við vörukynningar í verslun Costco

COSTCO WHOLESALE wds working in partnership

Warehouse Demo Services (WDS) er fyrirtæki sem vinnur náið með Costco í Bretlandi. Starfsmenn þess sjá um allar vörukynningar í verslunum Costco. Við leitum að áhugasömum aðilum til að starfa við vörukynningar í nýrri verslun Costco á Íslandi.

Þetta gæti verið einmitt rétta starfið fyrir þig ef þér finnst gaman að ræða við fólk um hágæða vörur og ekki skemmir fyrir ef þú hefur áhuga á mat. Störfin felast í að kynna matvörur, drykkjarvörur og margskonar gæða búsáhöld.

Þessi störf henta mjög vel fyrir aðila sem vilja starfa fyrir alþjóðlegt fyrirtæki, fá góða þjálfun og vera hluti af stórum hópi af eldhressum starfsmönnum þar sem gæði og góð þjónusta er lykilatriði.

Um hlutastörf er að ræða og er bæði hægt að vinna þrjá daga í viku eða um helgar. Hentar bæði aðilum sem leita að hlutastarfi með námi og einnig aðilum á öllum aldri sem vilja vinna hlutastörf. Lágmarksaldur er 18 ára en ekkert hámark :-)

Hæfniskröfur:
- Hafa gaman af því að fræða og kynna
- Vera opinn og jákvæður persónuleiki
- Hafa frábæra samskiptahæfni
- Afburða þjónustuhæfni

WDS sér um yfir 70.000 vörukynningar á ári í verslunum í Bretlandi fyrir hönd Costco. Þessar kynningar gera það að verkum að kaupendurnir kynnast vörunum á nýjan hátt. Það er frábær upplifun að fá að smakka, lykta og snerta vöruna ásamt því að fræðast um hana áður en hún er keypt. Þetta gerir upplifun kaupandans svo miklu meiri og skemmtilegri.

Kynningarmyndband um starfið: https://vimeo.com/fizzexperience

Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðunni, www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk.



FAST Ráðningar



FASTUS

Fastus ehf er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði, og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði, fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Hjá Fastus starfar fjölbreyttur og fjölhæfur hópur sérfræðinga sem leitast við að finna viðeigandi lausnir fyrir sérhvern viðskiptavin félagsins.

Nánari upplýsingar á www.fastus.is

Söluráðgjafi á fyrirtækjasviði

Vegna aukinna verkefna óskar Fastus ehf eftir að ráða söluráðgjafa á fyrirtækjasvið. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina sem eru m.a. stóreldhús, mötuneyti, veitingahús og hótel. Í boði er áhugavert framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki sem er vaxandi á sínum markaði.

Starfssvið:
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með samskiptum við ákveðna viðskiptavini
- Heimsóknir og kynningar hjá viðskiptavinum um land allt
- Öflun viðskiptasambanda og gerð tilboða
- Samskipti við birgja og umsjón með völdum vörumerkjum

Hæfniskröfur:
- Nám á matvælasviði eða sambærileg menntun
- Rík þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Reynsla eða áhugi á sölu
- Góð tölvufærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Upplýsingar veitir:
Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila.
Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á fimm þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur.
Á velferðarsviði starfa um 2.500 starfsmenn á um 100 starfseiningum í borginni, sem margar veita þjónustu allan sólarhringinn.
Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári og eru áætluð útgjöld sviðsins um 26 milljarðar á árinu 2017.
Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Nánari upplýsingar um starfsemi velferðarsviðs má sjá á vef sviðsins; www.velferdarsvid.is

Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Við leitum að skrifstofustjóra og staðgengli sviðsstjóra með mjög góða skipulags- og greiningarhæfni og brennandi áhuga á stjórnsýslu. Þarf að vera eldsnöggur að skrifa góðan texta og tileinka sér nýjustu tækni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar.

Skrifstofustjóri stýrir skrifstofu sviðstjóra, sem skiptist í deild gæða og rannsókna og stjórnsýsludeild. Á skrifstofunni fer fram undirbúningur og úrvinnsla funda velferðarráðs, gæðaeftirlit, söfnun og samhæfing tölulegra upplýsinga, rannsóknir, úttektir og ýmis greiningarvinna auk upplýsingamiðlunar.

Helstu verkefni skrifstofustjóra
- Stýrir daglegum rekstri skrifstofu sviðsstjóra og tekur þátt í stjórnun sviðsins
- Tekur þátt í undirbúningi funda velferðarráðs og situr fundi ráðsins
- Er samhæfingaraðili og hefur yfirsýn yfir stjórnsýslu sviðsins
- Styður við eftirlits- og þjónustuhlutverk velferðarsviðs
- Hefur yfirumsjón með rannsóknum og tölfræðiúrvinnslu, gerð starfsáætlunar og ársskýrslu
- Hefur yfirumsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sviðsins í samráði við upplýsingadeild ráðhúss
- Sinnir sérverkefnum í umboði sviðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistarapróf nauðsynlegt
- Þekking, reynsla og áhugi á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og textagerð
- Afar góð færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist starfinu
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Upplýsingar veita:
Katrín Óladóttir
katrin@hagvangur.is
Regína Ásvaldsdóttir
regina.asvaldsdottir@reykjavik.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk.
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef staðan losnar á ný.
Laun taka mið af ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Við ráðningar í störf hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af mannréttindastefnu borgarinnar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR FORD

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Ford að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga og einstaka laugardaga frá 11.30-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 3. apríl.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

EPOXY FLEX
GÓLFLAGNIR

Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu.
Góð laun og fríðindi í boði.
Ekki yngri en 18 ára .

Upplýsingar í síma 892 0378.

Starfsmaður á lager og í útkeyrslu

epal

Starfssvið:
Umsjón með lager og verkstæði.
Móttaka, talning og frágangur á vörum.
Samantekt pantana og eftirfylgni.
Umsjón með viðgerðum.
Önnur tilfallandi störf.

Menntunar- og hæfniskröfur:
Reynsla af lagerstörfum og birgðahaldi er kostur.
Kunnátta/áhugi á minniháttar viðgerðum er kostur.
Frumkvæði og skipulagshæfni.
Jákvæðni og sveigjanleiki.
Góð þjónustulund
Stundvísi og almenn hreysti
Æskilegur aldur 30-60 ára

Umsóknir óskast sendar fyrir 31. mars á netfangið: elisabet@epal.is







TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

Lagerstjóri

Starfssvið

- Verkstjórn og stýring daglegra verkefna á Auka- og varahlutalager
- Yfirumsjón með móttöku og afhendingu á vörum
- Umsjón með umhirðu lagersvæðis
- Samskipti við birgja
- Mannaforráð

Hæfniskröfur

- Reynsla af verkstjórn og lagerstýringu skilyrði
- Leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, vinnugleði og rík þjónustulund

Vinnutími: mán-fös 08:00-17:00

Við leitum að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi með mikla færni í mannlegum samskiptum sem hefur áhuga á krefjandi og spennandi framtíðarstarfi í ört vaxandi umhvefi.

Auka- og varahlutalager Toyota Kauptúni er um 1500 fm. og þar starfa níu starfsmenn. Lagerinn er á tveimur hæðum með rúmega 30.000 virk vörunúmer. Unnið er með handtölvukerfi.

Toyota Kauptúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, óskast fyllt út á vef félagsins www.toyota.is/storf
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir, fanny@toyota.is Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2017

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570 5070
www.toyotakauptuni.is

JÁRNPRÝÐI

ALMENN SÉRSMÍÐI

Járnprýði ehf vantar fjölhæfan og duglegan járnsmið/blikksmið eða mann með sambærilega reynslu. Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi.

Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með sterkan hóp viðskiptavina.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ingi@jarnprydi.is

Járnprýði ehf | Akralind 5 | 201 Kópavogi | S: 822 1717

SÝSLUMAÐURINN

Skjalastjóri

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir laust til umsóknar starf skjalastjóra.

Skjalastjóri ber ábyrgð á uppbyggingu skjalastjórnunar hjá embættinu. Leitað er að einstaklingi með þekkingu og góða reynslu af skjalastjórnun til að hafa umsjón með skjalavistunarmálum embættisins. Stærsta verkefnið framundan er skráning, frágangur og skil á skjalasöfnum embætta sýslumanna í Reykjavík og Kópavogi.

Helstu verkefni

- Frágangur og skil á skjalasafni embætta sýslumanna í Reykjavík og Kópavogi
- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við skjalastjórn fyrir embættið
- Gerð skjalavistunar- og grisjunaráætlunar ásamt eftirfylgni
- Innleiðing á rafrænu skjalastjórnunarkerfi
- Skipulag og umsjón með skjalasafni embættisins
- Fræðsla fyrir starfsfólk um skjalamál og eftirfylgni með skjalaskráningu

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun á sviði skjalastjórnunar
- Reynsla af sambærilegum störfum er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfum
- Mjög góð almenn tölvufærni
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Þuríður Árnadóttir, sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs (thuridur@syslumenn.is) og Vigdís Edda Jónsdóttir, mannauðsstjóri (vigdisj@syslumenn.is).

Starfshlutfall er 100%. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2017

Sótt er um starfið rafrænt á syslumenn.is/storf
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu embættisins.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur
s. 458 2000
www.syslumenn.is



Þau **Maren** og **Jón Kolbeinn** hafa fengist við verkfræðistörf hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.

17 - 0704 - HVÍ TA HÚSI Þ / S I A

VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

RAFVIRKI VIÐ RAFTÆKNIDEILD Á FLUGLEIÐSÖGUSVIÐI

Helstu verkefni eru vinna við brautarlýsingu og aðflugs- og flugleiðsögukerfi. Almenn raflagnavinna og viðhald hús„stjórnarkerfa. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í spennandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Starfið krefst talsverðra ferðalaga innanlands.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af rekstri og viðhaldi smá-, lág-, og háspennukerfa
- Kunnátta í iðntölvustýringum er æskileg
- Þekking á flugmálum er kostur

Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar. Upplýsingar um starfið veitir Árni Páll Hafsteinsson deildarstjóri í netfanginu **arni.hafsteinsson@isavia.is**.

STARF Í MÓTTÖKU Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru afgreiðsla og útgáfa aðgangsheimilda, símsvörun, móttaka gesta, samskipti við lögreglu vegna bakgrunnsskoðana, skjalavarsla og önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Gott viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð
- Færni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða 100% starfshlutfall fram í september og eftir þann tíma 50% framtíðarstarf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Upplýsingar um starfið veitir Hafdís Viggósdóttir, verkefnastjóri í netfanginu **hafdis.viggosdottir@isavia.is**.

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **3. MARS 2017**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia





RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 3. apríl næstkomandi.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

Íþróttafulltrúi Aftureldingar

Ungmennafélagið Afturelding auglýsir starf íþróttafulltrúa laust til umsóknar. Við erum að leita að jákvæðum og hæfileikaríkum einstaklingi með góða samskiptahæfni til að bætast í hóp okkar á skrifstofu félagsins.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:
- Gerð æfingatöflu félagsins
- Ráðning þjálfara í samráði við deildir félagsins
- Ritstjórn heimasíðu félagsins
- Samskipti við deildir félagsins
- Samskipti við foreldra og iðkendur
- Samskipti við sérsambönd
- Samskipti við skólayfirvöld í Mosfellsbæ
- Umsjón með æfingagjöldum
- Umsjón með þróun iðkendafjölda

Hæfniskröfur:
- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð tölvufærni
- Þekking á starfi íþróttafélaga
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2017.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast sent á umfa@afturelding.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri Aftureldingar, í síma 616-0098.

Rafeindavirki

Við leitum að rafeindavirkja með brennandi áhuga á þráðlausum fjarskiptum og ferðamennsku. Starfsmaðurinn mun sinna uppsetningum og rekstri ásamt því að koma að hönnun þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Starfssvæðið er um allt land.

Starfssvið:
- Sveinspróf í rafeindavirkjun er skilyrði
- Brennandi áhugi á þráðlausum fjarskiptum og fjarskiptabúnaði
- Þekking á nethögun og netkerfum er kostur (Grunnþekking á OSI Modeli og TCP/IP samskiptum)
- Áhugi og vilji til að ferðast um landið
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og hæfni til að starfa í hópi

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl nk.
Nánari upplýsingar á vodafone.is/storf

Vodafone
Við tengjum þig



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Staða nýdoktors í sjávarlíffræði

Laust er til umsóknar þriggja ára staða nýdoktors í rannsóknir á lífríki og búsvæði á Reykjaneshrygg á Hafrannsóknastofnun. Markmið verkefnisins er að 1) kortleggja útbreiðslu tegunda og lýsa botndýra samfélögum og einstaka búsvæðum á Reykjaneshrygg, 2) kanna tengsl fiska við mismundandi búsvæðagerðir og 3) meta áhrif veiða á viðkvæm búsvæði og tegundir.

Hæfniskröfur
Umsækjandi þarf að hafa lokið doktorsprófi í sjávarlíffræði eða sambærilegu námi, góðan bakgrunn í úrvinnslu gagna sem og hafi reynslu við skrif tímaritsgreina og kynningu niðurstaðna á viðeigandi vettvangi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí n.k.
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu sem og þrjá meðmælendur skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Stefán Áki Ragnarsson (stefan.ragnarsson@hafogvatn.is).

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraða í Kópavogi
Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Hjúkrunarfræðingar

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.

- Í boði eru allar vaktir – þar af 50% næturvaktir.
- Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar: **sunnuhlid.is**
Nánari upplýsingar veitir **Svanlaug Guðnadóttir** framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma **864-4184**



RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Sjúkraliðar og sjúkraliðanemar óskast í sumarafleysingar.

Leitað er að jákvæðu og drífandi fólki til starfa við samþætta heimaþjónustu inn á heimili fatlaðs fólks að Sléttuvegi 3, 7 og 9 í Reykjavík. Við leggjum áherslu á samfellda, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu sem stuðlar að auknu sjálfstæði og virkri samfélagsþátttöku.

Afleysingin er frá lok maí til lok ágúst, eða eftir nánara samkomulagi. Vaktavinna, dag- og kvöldvaktir og almennt er unnið aðra hverja helgi. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.
Viðkomandi þarf að vera orðinn 20 ára.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Einstaklingsmiðuð aðstoð við athafnir daglegs lífs inn á heimili fatlaðs fólks.
- Umönnun og hjúkrun samkvæmt einstaklingsáætlun
- Teymisvinna.

Hæfniskröfur

- Sjúkraliðamenntun eða sjúkraliðanemar búnir með þrjá hjúkrunaráfanga.
- Starfsreynsla af umönnunarstörfum æskileg.
- Frumkvæði, sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi.
- Góð íslensku kunnátta skilyrði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bára Denný Ívarsdóttir Forstöðumaður í síma 665 5873, bara.denny.ivarsdottir@reykjavik.is eða Hanna María Karlsdóttir Teymisstjóri hjúkrunar í síma 664 7864, hanna.maria.karlsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 4. apríl n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.



Viltu vinna með okkur?

Hrafnista Garðabæ Ísafold auglýsir eftir sjúkraliðum sem verkstjórum ákveðinna eininga.
Verkstjóri starfar eftir starfslýsingu F samkvæmt samningi SLFÍ og SFV. Verkstjórar hafa tileinkað sér þekkingu í öldrunarhjúkrun og sinna m.a. verkstjórn ákveðinna eininga, stýra verkefnum annarra sjúkraliða og starfsmanna. Á Ísafold búa 60 íbúar á sex heimiliseiningum og er unnið með fagmennsku á heimilislega nálgun umönnunar og hjúkrunar.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Faglegur metnaður
- Sveigjanleiki
- Góð tölvukunnátta
- Starfsleyfi Embættis landlæknis

Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá Fast Ráðningum í síma 552-1606 og tölvupósti, lind@fastradningar.is. Ekki hika við að hafa samband fyrir nánari upplýsingar. Einnig er hægt að sækja um störfin á www.fastradningar.is. Hlökkum til að heyra frá þér. **Umsóknarfrestur er til 7. apríl.**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær



Húsvörður – Staðarhaldari

Húsfélagið að Löngulínu 2 í Garðabæ vill ráða húsvörð - staðarhaldara í hlutastarf (30-35%) auk nokkurra aukaverka eftir samkomulagi.

Fastur vinnutími er mánudaga - miðvikudaga og föstudaga, frá kl. 8-12.

Í húsinu eru 48 íbúðir í þremur stigagöngum ásamt bílgeymslu. Verkefni staðarhaldara eru almenn þrif á sameign, umhirða lóðar, bílastæði og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta. Staðarhaldari þarf að vera sérstaklega þrifsækinn, laghentur, útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara. Möguleiki er að fá íbúð leigða í húsinu.

Skriflegar umsóknir berist: Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2017.



Hvað ætlar þú að gera í sumar ?

Okkur vantar TOPP starfsmenn í hreinsun, slátt og önnur garðyrkjustörf.

Sendu endilega inn umsókn á www.gardlist.is.

Góð laun í boði !

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is

Þjónustumiðstöð Seltjarnesbæjar

Starfsmaður óskast til starfa hjá þjónustumiðstöð Seltjarnarnesbæjar

Umhverfissvið/Þjónustumiðstöð óskar eftir starfsmanni í verkamannastörf hjá þjónustumiðstöð Seltjarnarnesbæjar. Á vegum þjónustumiðstöðvar fer fram fjölþætt starfsemi, s.s. þjónusta við veitur bæjarins, viðhalda gatna og umhverfis, viðhald fasteigna, ásamt almennri þjónustu við bæjarbúa. Um framtíðarstarf er að ræða.

Verkefni

- Helstu verkefnin eru aðstoð/vinna við viðhald veitukerfi bæjarins, lekaviðgerðir og ýmis aðstoð við jarðvinnuframkvæmdir.
- Einnig er um að ræða önnur tilfallandi fjölbreytt verkefni á vegum þjónustumiðstöðvar.

Hæfniskröfur:

- Stundvísi og reglusemi
- Þjónustulund.
- Bílpróf.
- Kostur væri ef umsækendur hefðu minna vélapróf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Kristinn H Guðbjartsson, aðstoðarmaður sviðsstjóra umhverfissviðs sími 5959-183, 822-9115
kristinn.gudbjartsson@seltjarnarnes.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum starfmannafélags Reykjavíkur.

Umsókn skal skilað á *Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar* -undir *http://www.seltjarnarnes.is-Störf í boði*

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

VÉLAVERKSTÆÐI KISTUFELL
TANGARHÖFÐA 13
SÍMI 577 1313

Bifvélavirki óskast til starfa.

Okkur vantar bifvélavirkja til að vinna almennar viðgerðir.
Við erum að mestu sérhæfðir í viðgerðum á vélum.

Upplýsingar og umsóknir sendist á **kistufell@kistufell.com**

Vopnafjarðarskóli

Sundkennara vantar á Vopnafjörð

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir sundkennara í apríl-maí 2017 og/eða næsta haust.
Kennt er á námskeiði og stendur sundkennslan yfir í mánaðartíma eða eftir samkomulagi.
Húsnæði í boði og laun samkvæmt samkomulagi.

Upplýsingar veitir skólastjóri í síma 8614256 og adalbjorn@vopnaskoli.is

EPOXY FLEX GÓLFLAGNIR

Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu.
Góð laun og fríðindi í boði.
Ekki yngri en 18 ára .

Upplýsingar í síma 892 0378.



EFLA

EFLA leitar að liðsauka

Starfsmaður í mötuneyti

EFLA leggur mikinn metnað í mötuneyti starfsmanna sinna og við erum að leita að áhugasömum starfsmanni í hlutastarf í mötuneyti fyrirtækisins að Höfðabakka 9, Reykjavík. Sá einstaklingur sem við leitum að þarf að hafa mikla og óbilandi þjónustulund. Hann þarf að vera skipulagður í verkum sínum, sýna af sér sjálfstæði og frumkvæði í starfi og vera stundvís og reglusamur. Ástríða í matargerð er afar góður kostur í þessu starfi.

Áhugasamir á öllum aldri eru hvattir til að sækja um. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 4.apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur
4. apríl 2017

Nánari upplýsingar
412 6000 eða job@efla.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND



VERKEFNASTJÓRI Á SVIÐI RAFMAGNS

Samorka óskar eftir að ráða drífandi einstakling sem býr yfir miklu frumkvæði, skipulögðum vinnubrögðum og getu til að sinna mikilvægum og spennandi verkefnum.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög Samorku eru um 50 talsins og með starfsemi um allt land. Samtökin eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins og eru staðsett í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35.

Hlutverk samtakanna er að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja og styrkja þannig stöðu þeirra og rekstur.

HELSTU VERKEFNI:

- Móta starfsumhverfi orku- og veitugeirans.
- Umsjón með starfi fag- og málefnahópa sem starfa á vettvangi samtakanna.
- Skipulagning og umsjón með framkvæmd opinna funda um málefni orku- og veitugeirans.
- Skipulagning námskeiða og fræðslu fyrir aðildarfyrirtæki samtakanna og geirann í heild.
- Samstarf við ráðuneyti og opinberar stofnanir.
- Eftirfylgni með nýrri stefnu samtakanna.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Verkfræði/tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku.

NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á WWW.SAMORKA.IS

Bæði konur og karlmenn eru hvött til að sækja um starfið.
Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra, Páls Erlands (pall@samorka.is),sem einnig veitir upplýsingar um starfið.
Umsóknarfrestur er til 4. apríl.

SAMORKA | Borgartúni 35, 105 Reykjavík | 591 0000 samorka.is

» Ráðningarþjónusta

Verkstjóri

Fyrirtæki í fiskvinnslu og ferskfiskútflutningi óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa.
Um fullt starf er að ræða.



» Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð á daglegum störfum s.s. innvigtun á fiski, á framleiðslu, móttöku pantana, útskipun á fiski, gæðaeftirlit og daglegum störfum.

» Hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af fiskvinnslu og sjávarútvegi og stjórnunarstörfum
- Íslensku og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Sölu- og markaðsstjóri



Ísafoldarprentsmiðja leitar að öflugum sölu- og markaðsstjóra til starfa.

Sölu- og markaðsstjóri stýrir söludeild fyrirtækisins, heyrir beint undir framkvæmdastjóra og situr í framkvæmdaráði.

Starfssvið

- Daglegur rekstur söludeildar.
- Yfirumsjón með auglýsingamálum og kynningarstarfssemi.
- Vöruþróun.
- Samningagerð.
- Verðlagning.
- Stefnumótun og áætlanagerð.
- Ritstjórn og utanumhald um heimasíðu og fésbókarsíðu.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af sölu- og markaðsmálum.
- Framúrskarandi hæfileikar í mannlegum samskiptum og sölumennsku.
- Góð færni á samfélagsmiðlum.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2017. Umsókn, ásamt ferilskrá skal send á kristthor@isafold.is.
Nánari upplýsingar veitir Kristþór Gunnarsson framkvæmdastjóri í síma 894 1399.








ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu.
Við erum aðilar að rammasamningi Ríkiskaupa og rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

LOFTORKA

Verkstæðismaður

Óskum eftir að ráða vélvirkja eða bifvélavirkja
til starfa á verkstæði , til að sinna viðgerðum og viðhaldi á verkstæði okkar í Garðabæ.
Í boði er vinna á vel búnu verkstæði.
Fæði á staðnum og heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veitir Robert Andersen á staðnum eða í síma. 8919669 - robert@loftorka.com

Loftorka Reykjavík ehf.
Miðhrauni 10, 210 Garðabæ.

REYKJALUNDUR
endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

Starfsmaður í mötuneyti

Við leitum að stundvísum, samviskusömum og þjónustulundaðum starfsmanni í 100% starf í mötuneyti okkar. Unnið er alla virka daga, aðra vikuna frá kl. 8 – 16 og hina frá kl. 12 - 20. Á föstudögum er unnið frá kl. 7 – 14.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og um framtíðarstarf er að ræða.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings milli Eflingar og Reykjalundar.

Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2017

Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

MOSFELLSBÆR

VARMÁRSKÓLI
MOSFELLSBÆ

Lausar stöður nú þegar við Varmárskóla

Grunnskólakennari
Umsjónarkennari í 4.bekk óskast vegna forfalla.

Annað starfsfólk
Stuðningsfulltrúa og frístundaleiðbeinendur (möguleiki á 100% stöðu)
Skólaliða í 100% starf (hluti af starfinu er í frístund)
Aðstoðarmatráð í mötuneyti nemenda í 60-70% stöðu

Lausar stöður næsta skólaár 2017-2018

Kennarar óskast á unglingstig,miðstig og yngsta stig.
M.a. er óskað eftir kennurum með sérhæfingu í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, tónmennt og dans.

Forstöðumaður frístundasels – tómstundafræðingur óskast
Stöður stuðningsfulltrúa og frístundaleiðbeinenda

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Varmárskóla varmarskoli.is

Upplýsingar veita Þóranna Rósa Ólafsdóttir og Þórhildur Elfarsdóttir skólastýrur í síma 525 0700 eða 899 8465 / 863 3297.Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið thoranna(hjá)varmarskoli.is eða thorhildur(hja)varmarskoli.is

Umsóknarfrestur er til 06. apríl 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



LANDSPÍTALI ... FRAMTÍÐIN ER NÚNA!

LANDSPÍTALI AUGLÝSIR LAUSAR TIL UMSÓKNAR EFTIRFARANDI STÖÐUR;

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR – AUGNSKURÐSTOFUR VIÐ EIRÍKSGÖTU

Við leitum eftir jákvæðum, duglegum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi sem er tilbúinn að leggja okkur lið, með sjúklinginn í öndvegi.

Á augnskurðstofum starfa 6 hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar og árlega eru gerðar um 2400 aðgerðir. Helstu aðgerðir eru vegna skýs á auga og vegna gláku. Um er að ræða dagvinnu og möguleiki er á bakvöktum eftir að einstaklingshæfðri þjálfun er lokið.

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR - BRÁÐADEILD

Á bráðadeild koma allir sjúklingahópar Landspítala og er því starfið fjölbreytt og engir dagar eins. Tækifæri eru til að öðlast víð-tæka þekkingu, færni og miklir möguleikar til framþróunar í hjúkrun.

Starfið felur í sér mikla teymisvinnu þar sem unnið er náið með öllum starfsstéttum. Sérstaklega góður starfsandi ríkir á deildinni. Nýir starfsmenn fá handleiðslu og góða einstaklingsmiðaða aðlögun.

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR - BRÁÐALYFLÆKNINGADEILD

Spennandi breytingar eru framundan á starfsemi bráðalyflækningadeildar A2 og viljum við því fjölga í öflugum hópi reyndra hjúkrunarfræðinga. Breyta á deildinni í 21 rúma greiningardeild þar sem fram fer þverfaglegt mat og meðferð fyrir sjúklinga með langvinn og bráð lyflæknisfræðileg vandamál. Legutími er áætlaður 48-72 klst. Áhersla verður lögð á að greina vandamál og hefja meðferð sem fyrst.

Unnið verður í þverfaglegum teymum þar sem markmiðið er að auka skilvirkni og flæði og bæta gæði þjónustunnar.

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR - HJARTAGÁTT OG HJARTADEILD

Spennandi nýjung á hjartagátt og hjartadeild fyrir áhugasama hjúkrunarfræðinga og mikil tækifæri á sérhæfingu í hjúkrun hjartasjúklinga.

Á deildunum starfar stór hópur metnaðarfullra hjúkrunarfræðinga og er starfsandinn einstaklega góður. Val er um að starfa á báðum deildum samhliða eða í völdum tilvikum á öðrum staðnum eingöngu. Miklir möguleikar eru á þróun í starfi.

SÉRFRÆÐILÆKNIR - HÁLS-, NEF- OG EYRNALÆKNINGAR

Fullt starf sérfræðilæknis við háls- nef- og eyrnadeild á skurðlækningasviði Landspítala er laust til umsóknar.

Leitað er eftir jákvæðum og metnaðarfullum sérfræðilækni, með viðbótarþekkingu í eyrnaskurðlækningum, til að annast sérhæfða meðferð og eftirfylgd við sjúklinga okkar.

SÉRFRÆÐILÆKNIR - KRABBAMEINSLÆKNINGAR

Laust er til umsóknar fullt starf sérfræðilæknis í krabbameinslækningum á geislameðferðardeild krabbameina.

Starfið felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og sérgreinum spítalans. Áhersla er lögð á góða þjónustu og Stöðugar umbætur í þágu sjúklinga.

TALMEINAFRÆINGAR - TALMEINAÞJÓNUSTA

Við viljum ráða 2 talmeinafræðinga við talmeinaþjónustu LSH. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi við greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna tal- og raddmeina, málstols og kyngingartregðu einstaklinga á öllum aldri. Möguleiki er á sérhæfingu innan fagsins, t.d. í tengslum við Barnaspítalann og BUGL.

Tækifæri eru til að öðlast víðtæka þekkingu, færni og miklir möguleikar til framþróunar í faginu. Starfið felur í sér mikla teymis-vinnu þar sem unnið er náið með öðrum starfsstéttum. Nýir starfsmenn fá einstaklingsmiðaða aðlögun.

FLEIRI STÖRF ERU Í BOÐI

DEILDARLÆKNIR/ HEIMILISLÆKNIR VIÐ KRABBAMEINSLÆKNINGAR / NÁMSSTÖÐUR LYFJAFRÆÐINGA Í KLÍNÍSKRI LYFJAFRÆÐI / LAGERSTARF Á BIRGÐASTÖÐ

Kíktu á starfasíðu Landspítala www.landspitali.is/mannaudur og á Facebook www.facebook.com/storfalandspitala

LANDSPÍTALI

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

Múrbúðin óskar að ráða sölumann í verslunina að Kletthálsi 7.
Um er að ræða fjölbreytt starf sem fellst í sölu á byggingavörum.

- Leitað er að einstaklingum 25 ára eða eldri
- Samviskusemi, þjónustulund og metnaður
- Reynsla af sölustörfum æskileg

Góð laun í boði fyrir rétta einstaklinga.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið:
sala@murbudin.is - Öllum umsóknum verður svarað.

MÚRBÚÐIN



Ritari óskast 1/2 daginn

Rótgróin fasteignamiðlun leitar að ritara til starfa hálfan daginn. Starfið felst í afgreiðslu viðskiptavina, símsvörun, skjalavinnslu og almennum ritarastörfum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa góða þjónustulund, vera stundvís og geta hafið störf sem fyrst. Söluhæfileikar er kostur. Áhugasamir sendið inn svar á box@frett.is merkt **Ritari-2503**

Úttektarmaður

landbúnaður – sjávarútvegur

Vottunarstofan Tún auglýsir eftir úttektarmanni í hlutastarf. Um er að ræða úttektir í landbúnaði, sjávarútvegi og fyrirtækjum sem framleiða matvæli og náttúruvörur samkvæmt alþjóðlegum vottunarreglum um lífrænar og sjálfbærar aðferðir.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun
- Þekking á stöðlum á sviði úttekta, umhverfis- og gæðastjórnunar (einkum ISO 9001, 14001, 19011)
- Reynsla af úttektarstörfum á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, matvæla- og/eða náttúruvöruframleiðslu
- Gott vald á íslensku og ensku (talmáli og ritmáli) og á algengum tölvuforritum
- Nákvæmni, góðir samskiptahæfileikar, tímastjórnun, sjálfstæði

Áhugasamir skulu senda (1) upplýsingar um nafn, netfang, símanúmer og núverandi störf, ásamt (2) stuttri greinargerð um hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur, (3) ferilskrá og (4) nöfnum umsagnaraðila (sem ekki er leitað til nema að höfðu samráði) á netfangið **tun@tun.is** eigi síðar en 31. mars n.k.

Vottunarstofan Tún / sími: 511 1330 / tun@tun.is / www.tun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík óskar eftir að ráða arkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir arkitekt til starfa hjá embætti skipulagsfulltrúa. Við leitum að öflugum verkefnisstjóra til að stýra fjölbreyttum skipulagsverkefnum, hafa eftirlit með aðkeyptum ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum, og bera ábyrgð á að skipulagsáætlanir sem lagðar eru fram til afgreiðslu séu í samræmi við lög. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri samskiptahæfni, teymishugsun, sýna frumkvæði, frumleika og nákvæmni og geta starfað sjálfstætt og sýnt metnað í starfi. Um er að ræða spennandi starf í skapandi og faglegu starfsumhverfi með nýsköpun og framsækni í skipulagsgerð að leiðarljósi.

Starfssvið
- Verkstjórn og yfirferð skipulagsverkefna hjá embætti skipulagsfulltrúa sem þarfnast lögbundinnar skipulagsmeðferðar.
- Þátttaka og/eða umsjón verkefnateyma á vegum skipulagsfulltrúa og/eða umhverfis- og skipulagssviðs.
- Mat og gerð umsagna vegna fyrirspurna, umsókna, framkvæmdaleyfa og annarra erinda er varða skipulagsmál og byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.
- Samskipti og samráð við íbúa, hagsmunaaðila, ráðgjafa og stofnanir, nefndir og ráð, skrifstofur og deildir innan og utan borgarkerfis um skipulagsmál og veita ráðgjöf til sömu aðila um framgang og málsmeðferð einstakra skipulagsmála.
- Önnur verkefni á vegum embættis skipulagsfulltrúa.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í arkitektúr á meistarastigi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisstarfi.
- Hæfni til framsetningar og greiningar á flóknum gögnum og miðlun upplýsinga í ræðu og riti.
- Hafa þekkingu á þeirri lagaumgjörð sem skipulagsfulltrúi starfar eftir.
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfileiki til að vinna sjálfstætt.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og þekking á hönnunar-, umbrots-, og teikniforritum.
- Frumkvæði, áræðni og röggsemi til verka.
- Skipulagshæfni, nákvæmni í vinnubrögðum og kostnaðarvitund.

Samstarfsaðilar eru samstarfsmenn á sviðinu, fagaðilar, fagráð og kjörnir fulltrúar, önnur svið og stofnanir Reykjavíkurborgar, starfsmenn ríkisstofnana ,viðskiptavinir og önnur sveitarfélög. Samskipti við verktaka, hönnuði og umsækjendur byggingarleyfa.
Skipulagsfulltrúi starfar á grundvelli skipulagslaga, skipulagsreglugerðar og samþykkt um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er varða skipulagsmál. Hann veitir borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum upplýsingar og ráðgjöf um skipulagsmál. Skipulagsfulltrúi fer með málsmeðferð skipulagsmála og starfar í umboði borgarstjórnar. Næsti yfirmaður starfsmanns er skipulagsfulltrúi.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Björn Axelsson skipulagsfulltrúi í síma 411-1111 eða ***bjorn.axelsson@reykjavik.is***. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir „**Laus störf**" og „**Skipulagsfulltrúi óskar eftir að ráða arkitekt**". Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2017. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum
og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Félagsþjónusta Norðurþings
KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK. Sími: 464-6100 kt: 640169-5599

Verkefnastjóri búsetu óskast til starfa hjá Félagsþjónustu Norðurþings

Félagsþjónusta Norðurþings auglýsir lausa stöðu verkefnastjóra búsetu í málefnum fatlaðra.

Verkefnastjóri búsetu ber faglega ábyrgð á og hefur um sjón með framkvæmd þjónustu við fullorðna einstaklinga með fötlun á þjónustuvæði Norðurþings. Hann stýrir daglegum störfum annarra starfsmanna, sem vinna í málaflokknum.

Helstu verkefni eru:
- Að stýra faglegu starfi innan málaflokksins
- Utanumhald um það starfsfólk sem heyrir undir málaflokkinn, s.s. starfsskipulag og stjórnun, starf teyma og fundarhöld.
- Ábyrgð á að umsóknir / erindi er falla undir málaflokkinn fái afgreiðslu samkvæmt þeim reglum sem um þær gilda.
- Ábyrgð á upplýsingaflæði, ráðgjöf og handleiðslu við forstöðumenn um þætti er falla undir málaflokkinn
- Ábyrgð á þróunarstarfi, verkefnastjórnun og framkvæmd áætlana innan málaflokksins

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda
- Þekking, áhugi og reynsla af starfi með fötluðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvuþekking
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfið hæfir jafnt körlum sem konum.
Karlar eru sérstaklega hvattir til að sækja um starfið, nú þegar er mjög hátt hlutfall kvenna sem starfa í málaflokknum hjá Félagsþjónustu Norðurþings.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Félagsþjónustu Norðurþings, c/o Dögg Káradóttir félagsmálastjóri, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða á netfangið doggkara@nordurthing.is fyrir 8. apríl nk



Vegna mikilla anna leitar Blue Lagoon spa að metnaðarfullum snyrtifræðingi og reyndum faglærðum nuddara.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá, mynd og meðmælendum til: thorny@bluelagoonspa.is fyrir 10. apríl.

ÞREYFING | BLUE LAGOON ICELAND

Verkefnastjóri í málefnum flóttamanna

Rauði krossinn í Reykjavík óskar eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf að málefnum flóttamanna. Starfið felst einkum í umsjón með vinnu sjálfboðaliða sem styðja flóttafólk og innflytjendur við fyrstu skrefin í íslensku samfélagi.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla eða þekking á vinnu með flóttafólki
- Reynsla eða þekking í verkefnastjórnun
- Mikil samskiptahæfni
- Rauða kross reynsla er mikill kostur
- Tungumálakunnátta er mikill kostur

Við leitum að drífandi og duglegum einstaklingi með ríka þjónustulund, þolinmæði, fordómaleysi og áhuga á starfi og hugsjónum Rauða krossins.

Vinsamlegast sendið umsókn á netfangið: **thorir@redcross.is** og merkið með orðinu flóttamenn í heiti póstsins.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 2. apríl.

Rauði krossinn Reykjavík

Sjálfsbjargar HEIMILIÐ

HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ENDURHÆFINGARÍBÚÐ - SUNDLAUG
ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

Sundlaugarvörður

Sjálfsbjargarheimilið óskar eftir að ráða sundlaugarvörð. Um er að ræða 100% starf. Góð sundkunnátta nauðsynleg. Sundlaugarvörður þarf að standast hæfnispróf starfsmanna sem sinna laugargæslu.
Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar mikilvægir svo og frumkvæði í starfi. Laun taka mið af kjarasamningi SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Sjálfsbjargarheimilið er hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ætluð fötluðu fólki. Starfsemin fer fram í Sjálfsbjargarhúsinu við Hátún 12 í Reykjavík. Starfsmenn eru um 75 talsins. Sjálfsbjargarheimilið á því láni að fagna að hafa á að skipa góðum starfsmannahópi. Lagt er uppúr því að koma til móts við starfsmenn eins og hægt er, hvort sem það varðar öflun viðbótarmenntunar eða aðstæður í einkalífi svo dæmi séu tekin. Við höfum verið svo lánsöm að hljóta útnefninguna fyrirmyndarstofnun fjórum sinnum og árið 2014 var Sjálfsbjargarheimilið Stofnun ársins í vali SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu.

Upplýsingar um starfið veitir Þórdís Richter, skrifstofustjóri á netfangi richter@sbh.is og í síma 550 0311.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk. næstkomandi.
Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið, richter@sbh.is.



REKTOR
VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

Landbúnaðarháskóli Íslands er leiðandi afl í rannsóknum, kennslu og nýsköpun á sviði auðlinda- og umhverfisfræða, heildstæðrar landnýtingar, landslagshönnunar og skipulags. Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar rannsóknir og nám sem mæta þörfum atvinnulífs, í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

STOFNUNIN LEITAR EFTIR EINSTAKLINGI MEÐ:

- Akademískt hæfi, þekkingu og reynslu á háskóla- og/eða rannsóknaumhverfi.
- Ríka leiðtoga- og samskiptahæfileika.
- Reynslu af fjármálum, stjórnun og stefnumótun.
- Hæfileika til að móta og miðla framtíðarsýn.

Landbúnaðarháskólinn starfar í tveimur deildum: Starfsmenntadeild á framhaldsskólastigi í búfræði og garðyrkju og háskóladeild auðlinda og umhverfis sem býður upp á BS, MS og PhD nám í búvísindum, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði og landgræðslu, BS nám í umhverfisskipulagi og MS nám í skipulagsfræði. Skráður nemendafjöldi var 305 árið 2016 og starfsmenn eru um 85.

Starfsstöðvar skólans eru þrjár, að Hvanneyri í Borgarfirði, Reykjum í Ölfusi og Keldnaholti í Reykjavík. Höfuðstöðvar skólans eru á Hvanneyri.

Nánari upplýsingar um skólann er að finna á www.lbhi.is.

Mikilvæg verkefni eru framundan hjá skólanum, meðal annars að endurskoða hlutverk og stefnu skólans, styrkja umgjörð um nám og nemendur, auka tengsl við atvinnulífið og efla gæðamál og rannsóknir.

Rektor er æðsti stjórnandi Landbúnaðarháskólans, annast rekstur og stjórnun í umboði háskólaráðs og ber ábyrgð gagnvart því.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 25 APRÍL.

Umsóknir berist Landbúnaðarháskóla Íslands merktar:
„Umsókn um stöðu rektors við Landbúnaðarháskóla Íslands"

Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Umsókn skal fylgja ítarleg greinargerð um náms- og starfsferil. Staðfest eintök af öllum viðeigandi prófskírteinum. Upplýsingar um þrjá meðmælendur.

Umsóknir og fylgigögn skal einnig senda á rafrænu formi eftir því sem unnt er á netfangið kristins@lbhi.is.

Hæfni umsækjenda um embætti rektors verður skoðuð í ljósi heildarmats, m.a. með tilliti til rekstrar- og stjórnunarreynslu, vísindastarfa og hvernig menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors.

Gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðherra skipi í embætti rektors til fimm ára frá og með 1. ágúst 2017 samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð tilnefnir þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda skv. 1. mgr. 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Þorsteinsson, rektor, í síma 433-5000 og á netfanginu bjorn@lbhi.is.

Landbúnaðarháskóli Íslands stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

Einkunnarorð Landbúnaðarháskóla Íslands eru gróska, virðing, viska.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Langholt

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Langholti

Langholt er 9 deilda leikskóli við Sólheima 19-21 í Reykjavík, í næsta nágrenni við Laugardalinn. Leiðarljós Langholts eru gleði, virðing og vinátta og áhersla er lögð á traust, öryggiskennd og að efla sjálfstæði barna. Unnið að því að skapa börnum umhverfi þar sem þau geta svalað forvitni sinni og fróðleiksfýsn, verið virk, frumleg og skapandi. Í Langholti er markvisst unnið með fjölmenningu og útinám er fastur liður í starfi eldri barnanna. Í leikskólanum var unnið að þróunarverkefninu Skína smástjörnur þar sem litið er á lítil börn sem getumikla einstaklinga og að umhyggja og nám fari saman. Lögð er áhersla á gott foreldrasamstarf og góður starfsandi einkennir starfið í Langholti.

Leitað er að einstakling sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn að leiða áfram metnaðarfullt starf í Langholti.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2017. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2017.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7.
112 Reykjavík.
Sími. 522 5700.
www.eir.is



Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunar– og læknanemar

Getum bætt við okkur hjúkrunarfræðingum, hjúkrunar– og læknanemum í sumarafleysingar á Eir hjúkrunarheimili. Einnig er um að ræða fastar stöður hjúkrunarfræðinga. Starfhlutfall og vinnutími samkomulag.

Menntun og hæfniskröfur:
Íslenskt hjúkrunarleyfi, nemar skila inn námsframvindu. Jákvætt viðmót, frumkvæði og samskiptahæfileikar auk faglegs metnaðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veita:
Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma: 522 5700

---

cu2

Ert þú jákvæður og drífandi einstaklingur sem átt auðvelt með mannleg samskipti í söluhvetjandi umhverfi?

Við leitum að öflugum, metnaðarfullum og ábyrgum einstakling í starf vörumerkjastjóra.

Starfið felst meðal annars í gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana, samskiptum við erlenda birgja og innlenda söluaðila, öflun nýrra viðskiptavina, umsjón samfélagsmiðla og ýmsum tilfallandi verkefnum.
Um er að ræða framtíðarstarf í 100% starfshlutfalli.

Menntunar- og Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í vörumerkjastjórnun æskileg
- Mikil færni í íslensku og mjög góð enskukunnátta í tali og riti
- Góð tölvukunnátta á sviði excel, word og powerpoint
- Lausnamiðuð nálgun og hæfni í teymisvinnu
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði

Umsóknir og frestur:

Áhugasamir sendi kynningarbréf ásamt ferilsskrá á ***thora@cu2.is fyrir 8. apríl.***

Fyrirspurnum verður eingöngu svarað í pósti.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Cu2 ehf er traust og vaxandi fyrirtæki á heildsölu- og neytendamarkaði. Við leggjum áherslu á samstarf, framúrskarandi þjónustu og gæði. Okkar markmið er að vera fyrsta val neytenda

JOHN FRIEDA LONDON PARIS NEW YORK · lee stafford · Childs Farm · Levante · Quick Beauty Baby Foot · Dr. Fischer · NANOGEN



BIFVÉLAVIRKI FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan bifvélavirkja á fólksbílaverkstæði Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

STUTT STARFSLÝSING

- Vinna við viðgerðir á bifreiðum
- Greina bilanir
- Þjónusta bifreiðar

HÆFNISKRÖFUR

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Gilt bílpróf
- Stundvísi
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Góð þjónustulund

Vinnutími kl. 8.00-17.15 og föstudaga 8.00-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 3. apríl næstkomandi.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI SKJÓL

Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunar- og læknanemar

Getum bætt við okkur hjúkrunarfræðingum, hjúkrunar– og læknanemum í sumarafleysingar á Skjól hjúkrunarheimili. Einnig er um að ræða fastar stöður hjúkrunarfræðinga.

Starfhlutfall og vinnutími samkomulag.

Menntun og hæfniskröfur:
Íslenskt hjúkrunarleyfi, nemar skila inn námsframvindu. Jákvætt viðmót, frumkvæði og samskiptahæfileikar auk faglegs metnaðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veita:
Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma: 522 5600

Umsóknir má senda rafrænt í gegnum vef Skjóls, **www.skjol.is**

Umsóknir skulu auðkenndar með **SumarSkjólHjúkrun2017**

Hjúkrunarheimili | Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík | Sími. 522 5600. | www.eir.is

---

Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í Árbæjapótek.

Reynsla æskileg.

Umsækjendur hafi samband í síma 567-4200 (Kristján) eða með tölvupósti í arbapotek@internet.is

---



Grasafræðingur
við Lystigarðinn á Akureyri

Umhverfis- og mannvirkjasvið óskar eftir að ráða samviskusaman og vandvirkan einstakling sem grasafræðing í 100% starf í Lystigarð Akureyrar. Vinnutími er sveigjanlegur.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Lystigarðurinn er rekinn af Akureyrarbæ sem grasagarður og skrúðgarður. Almenningsgarðurinn var opnaður formlega 1912 en grasagarðurinn 1957. Garðurinn er nú um 3,7 hektarar. Hlutverk garðsins er margþætt. Fyrst og fremst er þó lögð áhersla á að finna með innflutningi og prófunum, fallegar, harðgerar, erlendar plöntur sem eftirsóknarvert væri að rækta hérlendis auk þess að vera almenningsgarður sem nýtist fólki til fróðleiks og skemmtunar.
Garðurinn er rómaður fyrir fegurð og mikinn fjölda tegunda.

Helstu verkefni eru:

- Sérfræðiþjónusta við að efla og viðhalda íslenskum og erlendum tegundum Lystigarðsins ásamt öðrum sérfræðistörfum sem yfirmaður felur honum.
- Yfirfara, safna, rækta og viðhalda plöntusafni Lystigarðsins.
- Umsjón með gagnagrunni á heimasíðu Lystigarðsins.
- Afgreiða fyrirspurnir er varða greiningu plantna eða á öðru er lýtur að grasafræði.
- Yfirumsjón með þátttöku Lystigarðsins í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.
- Önnur verkefni innan umhverfis- og mannvirkjasviðs.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:

- Háskólagráða í líffræði eða vistfræði með áherslu á grasafræði eða sambærilegt nám.
- Þekking og reynsla af greiningu plöntusafna erlendra og íslenskra.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Viðtæk tölvukunnátta.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði, stundvísi og samviskusemi.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2017.

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

FRAMKVÆMDARÁÐGJÖF

Hnit verkfræðistofa óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til að annast framkvæmdaráðgjöf, eftirlit með verklegum framkvæmdum, verkefnastjórnun og áætlanagerð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

– Að lágmarki B.Sc. gráða í verk- eða tæknifræði
– Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
– Góð samskiptafærni og jákvætt hugarfar
– Einhver starfsreynsla er æskileg, en ekki skilyrði

Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknir óskast sendar á kristinn@hnit.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til 5. apríl.

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
http://www.hnit.is



RÚV LEITAR AÐ HANDRITARÁÐGJAFA

Vegna stóraukinnar áherslu á leikið efni leitar RÚV að liðsauka í hóp úrvals starfsfólks á skemmtilegum vinnustað. Við auglýsum eftir aðila í nýtt starf. Handritaráðgjafi mun gegna lykilhlutverki við ráðgjöf, verkefnaval og þróun leikins efnis hjá RÚV.

HANDRITARÁÐGJAFI
·Þróun, verkefnaval og gerð leikins efnis fyrir RÚV
·Ráðgjöf í vinnu við lestur og val á handritum sem berast
·Ráðgjöf og þátttaka í þróun á handritum
·Þátttaka í stefnumörkun á leiknum verkefnum og fagráði RÚV um leikið efni

RÚV er fjölmiðill í almannaþágu með það hlutverk að upplýsa, fræða og skemmta. Undanfarið hefur RÚV stóraukið áherslur á leikið íslenskt efni, að segja mikilvægar sögur úr nærumhverfi okkar, sögur sem eiga erindi við íslenska sjónvarpsáhorfendur, stórar sögur og smáar, frumlegar, spennandi, dramatískar, krefjandi, skemmtilegar, hjartnæmar, nærandi og gefandi.

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk.
Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur, auk skila umsókna á www.ruv.is/laus-storf
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

RÚV

HÚNAÞING VESTRA

Rekstrarstjóri Framkvæmda- og umhverfissviðs

Laust er til umsóknar starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Um er að ræða 100% starf í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Starfssvið rekstrarstjóra
- Stjórnun verklegra framkvæmda og viðhaldsmála í sveitarfélaginu.
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum framkvæmda- og umhverfissviðs í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar um gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum sveitarfélagsins.
- Áætlanagerð og eftirlit. Meðal annars með
  - o þjónustumiðstöð (áhaldahúss)
  - o eignasjóði
  - o hitaveitu
  - o fráveitu
  - o vatnsveitu
  - o hafnarsjóði,
  - o öðrum eignum sveitarfélagsins sem falla undir starfsemi framkvæmda- og umhverfissvið í samráði og samvinnu við aðra starfsmenn sviðsins og sveitarstjóra.
- Rekstrarstjóra er ætlað að sitja fundi skipulags- og umhverfisráðs og aðra fundi er falla undir verksvið framkvæmda- og umhverfiss viðs skv. ákvörðun sviðsstjóra og sveitarstjóra hverju sinni.
- Önnur mál á sviði framkvæmdar- og umhverfissviðs í samráði við sveitarstjóra.
- Rekstrarstjóri hefur starfsstöð í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf í löggiltri iðngrein sem nýtist í starfi og/eða háskólapróf í tæknigreinum kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er nauðsynleg.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg.
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð er æskileg.
- Góð almenn tölvuþekking skilyrði, kunnátta á teiknihugbúnaði er kostur.
- Leiðtogahæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er mikilvæg.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur um starf rekstrarstjóra Framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra er **til og með 11. apríl nk.** Stefnt skal að því að viðkomandi hefji störf frá og með 1. júlí eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Öllum umsóknum verður svarað skriflega. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Húnaþings vestra á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í síma 455-2400.

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.180. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

HLEMMUR MATHÖLL

MARKAÐS•STJÓRI

Við leitum að framúrskarandi *markaðsstjóra* fyrir nýja mathöll á Hlemmi. Markaðsstjóri hefur umsjón með markaðsmálum, viðburðahaldi og verkefnum tengdum daglegum rekstri mathallarinnar.

STARFSLÝSING

- Umsjón með markaðmálum, þ.m.t. samfélagsmiðlum.
- Skipulagning viðburða og útimarkaða.
- Samstarf og samskipti við kaupmenn.
- Samskipti við verktaka, þjónustuaðila og viðskiptavini.
- Önnur tilfallandi verkefni tengd daglegum rekstri.

HÆFNISKRÖFUR

- Haldbær reynsla og þekking á markaðsmálum og viðburðahaldi er krafa.
- Reynsla af rekstri er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórn og hæfni til að sinna mörgum verkefnum samtímis.
- Reynsla og þekking á markaðssetningu á samfélagsmiðlum.
- Áhugi á mat, matarmenningu og viðburðahaldi.
- Mikið sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Góð samskiptahæfni, tölvukunnátta og íslensku- og enskukunnátta.

Um er að ræða fullt starf. Gert er ráð fyrir ráða í stöðuna snemmsumars og að viðkomandi hefji störf í sumar eða haust, eftir samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2017.** Umsóknir berist á hlemmur@hlemmurmatholl.is. Allar frekari upplýsingar veitir Bjarki Vigfússon í síma 693 3958 / bjarki@hlemmurmatholl.is

Hlemmur – Mathöll er nýr yfirbyggður matarmarkaður á Hlemmi þar sem sameinast undir einu þaki 10 metnaðarfullir matarkaupmenn og veitingastaðir. Til stendur að opna Hlemm í byrjun sumars.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

Sjúkraliðar

Eir hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða sjúkraliða til starfa.
Um er að ræða fastar stöður auk sumarafleysinga.
Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Markmið Eirar er að veita skjólstæðingum bestu hjúkrun sem völ er á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur.

Hæfniskröfur:
- Íslenskt starfsleyfi
- Reynsla af hjúkrun og umönnun æskileg
- Jákvætt viðmót, frumkvæði og samskiptahæfni
- Metnaður og fagleg vinnubrögð

Upplýsingar veita Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir, mannauðsstjóri í síma 522 5700

Umsóknir má senda rafrænt í gegnum heimasíðu Eirar **www.eir.is** auðkenndar með: **SjúkraliðarEirSumar2017**

Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími: 522 5700

Hjúkrunarfræðingar óskast á Hamra hjúkrunarheimili

Getum bætt við okkur hjúkrunarfræðingum auk hjúkrunar- og læknanemum. Starfshlutfall samkomulag.

Menntun og hæfniskröfur:
Íslenskt hjúkrunarleyfi, nemar skila inn námsframvindu.
Jákvætt viðmót, frumkvæði og samskiptahæfileikar auk faglegs metnaðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Upplýsingar veita Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700.

Umsóknir má senda rafrænt í gegnum heimasíðu Eirar www.eir.is auðkenndar með: **UmönnunHamrarSumar2017**

Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími: 522 5700

Sólar
Gluggatjöld

Óskum eftir að ráða fólk til sumarafleysinga í:

- **Verslun**
- **Framleiðslu**
- **Uppsetningar**

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: hjortur@solar.is fyrir 7 apríl n.k.

UMÖNNUN

Eir hjúkrunarheimili leitar eftir starfsfólki við umönnun í fastar stöður og við afleysingar. Starfshlutfall samkomulag.
18 ára aldurstakmark.

Hæfniskröfur:
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi á að starfa með öldruðum
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni

Upplýsingar veita Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700.

Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími: 522 5700

Forstöðumaður á heimili fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að áhugasömum einstaklingi til að sjá um að skipuleggja og leiða starfsemi á heimili fyrir fatlað fólk.

Starfshlutfall og ráðningartími

Um er að ræða allt að 100% starf sem að mestu leyti fer fram í dagvinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf
- Starfsreynsla í málefnum fatlaðs fólks skilyrði.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ber ábyrgð á rekstri heimilisins í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Stýrir faglegu starfi og þróar innra starf í samræmi við stefnu bæjarins.
- Sér um starfsmannamál og skipulag vakta.
Tveggja íbúða raðhús sem býður upp á fjölmarga möguleika í frekari útfærslu og notkun. Húsið getur verið ein heild eða sem tvær eða fleiri íbúðir, er í dag tvö fastanúmer.

Sjá nánar á HELGAFELLfasteignasala.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hraunás 12 – Garðabæ

Glæsilegt parhús á frábærum útsýnisstað

Opið hús sunnudaginn 26. mars á milli kl. 13 og 14.



Virkilega glæsilegt 267,5 fm. parhús á tveimur hæðum með fjórum svefnherbergjum, glæsilegum stofum, þremur baðherbergjum og innbyggðum bílskúr innst í götu við Hraunás í Garðabæ. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt úr vönduðum byggingarefnum. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins og lofthæð á neðri hæð hússins er meiri en gengur og gerist. Gólfsíðir gluggar að hluta og mjög stórar svalir til suðurs og vesturs auk skjólsællrar viðarverandar út af neðri hæð. Aðkoma að húsinu er góð og hellulögð bílastæði eru fyrir allt að 4-5 bíla fyrir framan húsið. Hitalagnir eru í hellulögðum bílastæðum fyrir framan bílskúr og í gangstétt fyrir framan húsið. **Verð 105,0 millj.**



Til leigu

Borgartún 23

Eignamiðlun kynnir eignina Borgartún 23 til leigu.
Um er að ræða skrifstofur og lagerhúsnæði/verkstæði.
Eignin er skráð 1546,2 fm og er á þremur hæðum auk bakhúss.

Eignin leigist í heilu lagi og er laus fljótlega.



Daði Hafþórsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
dadi@eignamidlun.is
824 9096



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957

Fyrirtækið Leir og postulín er til sölu

Fyrirtækið Leir og postulín hefur verið starfrækt í 40 ár.

Um er að ræða verslun með postulín og fylgihluti til handmálunar ásamt tækjum til að prenta á postulín, glös, boli, húfur og penna.

Nánari upplýsingar veitir jon@fasteignaland.is á skrifstofu Fasteignalands.

Leir og Postulín ehf
Súðarvogi 24 104 Reykjavík Sími: 552-1194
Fax 562-3450 Kt. 700608 - 1740 Vsk.: 98446
leirogpostulin@simnet.is www.simnet.is/leirogpostulin

Fasteignaland

Faxafen 10 | 108 Rvk | s. 599 6700
fasteignaland.is | fasteignaland@fasteignaland.is
Halldór Ingi Andrésson Lögg. fasteignasali

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



Kristján J. Eysteinsson, kirkjuhaldari Háteigskirkju, ásamt Birnu Birgisdóttur (t.v.), ritara Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, og Rannveigu Evu Karlsdóttur kirkjuverði. MYND/EYÞÓR

Frábærlega staðsettur veislusalur og gott aðgengi

Safnaðarheimili Háteigskirkju í Reykjavík býr yfir björtum og fallegum sal sem hentar undir fjölda-viðburði af öllum stærðum og gerðum. Salurinn er vel búinn tækjum og með mjög gott framreiðslueldhús. Sérstakur starfsmaður undirbýr allt fyrir leigutaka sem kemur að salnum tilbúnum.

Veislusalur Safnaðarheimilis Háteigskirkju í Reykjavík er einstaklega vel staðsettur, bjartur og fallegur og hentar fyrir flest öll tilefni. Salurinn, sem er á annarri hæð hússins, er um 200 m² að flatarmáli og tekur 130 til 140 manns í sæti og um 180 manns í standandi viðburði, að sögn Kristjáns Eysteinssonar, kirkjuhaldara Háteigskirkju. „Salurinn okkar hentar einkar vel fyrir hvers kyns veislur, t.d. brúðkaup, afmæli, fermingarveislur, skírnarveislur, erfidrykkjur og jafnvel ættarmót hafa verið haldin hér hjá okkur. Fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir leigja hann líka fyrir árshátíðir og skemmtanir og einnig fyrir fundi og ráðstefnur. Leikskólar leigja salinn fyrir jólatrésskemmtanir og aðra viðburði. Auk þess er hann leigður af kórum eða öðru tónlistarfólki sem heldur tónleika í kirkjunni en notar salinn e.t.v. fyrir smá fagnað á eftir eða sem almenna aðstöðu."

Einn stór kostur við salinn er að það er innangengt milli hans og kirkjunnar. „Safnaðarheimilið og kirkjan eru tengd með glergangi og er gangurinn oft nýttur fyrir móttökur í brúðkaupum og hægt er að opna dyr til að komast út á verönd sem snýr að garðinum. Einnig er hægt að ganga af svölum annarrar hæðar niður í garðinn milli safnaðarheimilisins og kirkjunnar."



Næg bílastæði eru við safnaðarheimilið og Háteigskirkju.



Veislusalurinn er um 200 m² að flatarmáli og tekur 130 til 140 manns í sæti og um 180 manns í standandi viðburði. MYND/EYÞÓR

> **Salurinn okkar hentar einkar vel fyrir hvers kyns veislur, t.d. brúðkaup, afmæli, fermingarveislur, skírnarveislur, erfidrykkjur og jafnvel ættarmót hafa verið haldin hér hjá okkur.**
>
> Kristján Eysteinsson

Vel tækjum búinn

Salurinn hefur fullkominn skjávarpa í lofti sem er tengdur við vandað hljóðkerfi með þráðlausum hljóðnemum. „Einnig er píanó hér og hægt er að koma fyrir litlum hljómsveitum ef því er að skipta. Hljóðkerfið er þó aðeins gert fyrir afspilun úr tækjum, t.d. tölvum, símum, iPad, iPod, geislaspilara eða til að flytja talað mál. Þráðlaus nettenging er í salnum."

Fullkomið framreiðslueldhús er í salnum með kæliskáp, eldavél, blástursofni og hraðvirkri uppþvottavél. „Í eldhúsinu er því hægt að taka á móti veisluföngum og undirbúa veislur á auðveldan hátt. Allur borðbúnaður er til staðar fyrir veislur af öllum stærðum." Í húsinu er einnig lyfta með nægu rými fyrir hjólastól auk þess sem snyrting með aðgengi fyrir fatlaða er á efri hæð hússins.

Allt tilbúið

Sérstakur starfsmaður hefur umsjón með öllum viðburðum í salnum að sögn Kristjáns. „Ef salurinn er bókaður þá sér viðkomandi um allan undirbúning, stillir salnum upp, dúkar borð og sér um þjónustu og framreiðslu í veislum og síðan allan frágang á eftir. Þannig getur leigutaki komið að salnum tilbúnum og veislan getur hafist. Fólk getur pantað veitingar hjá umsjónarfólki salarins eða komið með veisluföngin sjálft. Áfengi er ekki selt í salnum en fólki er heimilt koma með sín eigin vínföng."

Safnaðarheimilið er við Háteigsveg 27-29, 105 Reykjavík. Aðgengi að heimilinu er mjög gott og er fjöldi bílastæða við bæði heimilið og kirkjuna. Bókanir á salarleigu eru í síma 511 5400 eða á netfanginu hateigskirkja@hateigskirkja.is.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



FORD EXPLORER XLT 4WD Árg. 2003, ekinn 206 Þ.km, V8 bensín, sjálfskiptur, leður. TILBOÐSVERÐ 699.000 kr. 100% lán Raðnr. 256205 á BILO.is



HONDA Cr-v PANORAMA nýskr. 05/2007, ekinn aðeins 117 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, glerþak. Mjög flott eintak! Verð 1.880.000 kr. Raðnr. 256180 á BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is



567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VW Fox basicline. Árgerð 2006, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 390.000.Ásett verð 590.000 Visa /euro í allt að 36 mán Rnr.212138.



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2006, ekinn 142 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. TILBOÐ1.980.000.Ásett verð 2.490.000 Rnr.115710.



MERCEDES-BENZ Ml 350 bluetec 4matic. Árgerð 2013, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 5.990.000. Ásett verð 6.690.000 fallegur og vel með farinn Rnr.212143.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



LAND ROVER Range rover sport hse. Árgerð 2008, ekinn 122 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.980.000. Umboðsbíll og 1 eigandi Rnr.115714.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu



UPPHÆKKAÐUR DEKURJEPPI
Land Cruiser 120 VX 35" skr. 07/06, ek. 157þ, sjálfsk. krókur, leður, mjög vel farinn Verð 3.490þ s.840-9173



Land Rover Discovery 4.S nýsk. 04/13 ek. 57þús 3 L dísel, sjálfsk. Leður, bakkskynjarar. Einn eigandi, verð 7.990.000. kr. s:8923207



Mazda 323 árg. '01 ek. 104þús toppbíll. Verð 420þús Uppl. s. 6601819.



Honda Civic 1.5i vtec árg. 2000, ek. 148.000km b.s. skoðaður í mjög góðu standi, tilboð óskast engin skipti, góður bíll. Upplýsingar í 699-5595



Chevrolett Lacetti station 2010, keyrður 79 þús. Sjálfskiptur. Verð 980.000 þús. Uppl. í s. 847-8813



Toyota Rav4 2006 til sölu! sjálfskiptur og skráður í apríl, ek. 157.500 km. Einn eigandi. Bílnum fylgir þjónustubók og hefur alltaf verið reglulega smurður. Dráttarkrókur. Nýleg dekk og bremsur nýlega yfirfarnar. Skoðaður 2018 Bein sala. Verð 1.400.000 kr. Uppl. í s. 698-4464

CHEVROLET Suburban LT Flex-Fuel.



Árgerð 2016, ekinn 56 Þ.KM, sjálfskiptur, 8 manna, luxusleður, bakkmyndavél OFL.

Verð 11.900.000. Rnr.234001 er á staðnum.

BÍLAMARKAÐURINN STOFNAÐ 1974
Smiðjuvegi 44E • 200 Kóp.
S. 567 1800

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



NISSAN Pathfinder 35"
Verð: 2.690.000
Árgerð: 2006 | Dísel
Ekinn: 155þ.km. | Sjálfskiptur
Rnr.260293.



RENAULT Kangoo express langur
Verð: 1.690.000
Árgerð: 2014 | Dísel
Ekinn: 119þ.km. | 6 gírar
Rnr.106748.



TOYOTA Land cruiser 120 vx 33"
Verð: 2.790.000
Árgerð: 2006 | Dísel
Ekinn: 260þ.km. | Sjálfskiptur
Rnr.270408.



HOBBY 560 ul
Verð: 3.990.000
Árgerð: 2016 | Bensín
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.107970.



CHEVROLET Captiva
Verð: 1.790.000
Árgerð: 2007 | Dísel
Ekinn: 130þ.km. | Sjálfskiptur
Rnr.106967.



TOYOTA Hilux gx
Verð: 5.990.000
Árgerð: 2016 | Dísel
Ekinn: 10þ.km. | Sjálfskiptur
Rnr.120265.



NÝR VW PASSAT GTE
5 ára ábyrgð. Digit. mælaborð, stóri skjárinn, krókur o.m.fl. Bill.is s: 5773777. 5,39m



Traustur fjölskyldubíll, ný skoðaður, til sölu. Mazda Premacy árg '02, lítið ek. 119.000 km. Gott viðhald; ný dekk, alternator, geymir og púst. Engin skipti; verð 650.000,- Uppl. í s. 8598855, Friðjón



MERCEDES BENZ ML350. Árgerð 2005. Ekinn 175þ.km. Einn eigandi í sveit. Bíll í toppstandi. Negld vetrardekk, sumardekk, 8 álfelgur. 2,29 mkr. Uppl.6600747



Grand Cherokee 38 tommur, breyttur, lækkuð hlutföll og læsingar, auka tankar og mikið endurnýjað. S: 8590300



GOTT VERÐ 1.450ÞÚS - M/VSK
Ford Transit Connect. Árg 12, ek.60.þ D1,8 75hö ,beinskiptur. Sk '18. S:896-0220.



GJAFA PRÍS 750ÞÚS
Izusu Trooper Árg '02 ek.178þkm, nýjar bremsur, sjálfskpt,'32 dekk Sk '18 S: 896-0220.



Kia Picanto sjálfskiptur 12/2004 ek.132 þús. km gott viðhald. Nýleg sjálfskipting, tímareim, bremsur og fl V. 490 þ. s. 8950577

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Jeppar



Toyota verso árg 2003 sjálfsk tímareim innbygðirbarnastólar ekinn220.þús gott viðhald verð 350þús. Uppl. s. 897 5758

Bátar



Úrvals sjálfstýring fyrir smábát a einstaklega góðu verði. Upplýsingar s: 8343700



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



Til sölu 39 feta skúta árg '92 staðsett í Pula í Króatíu. Skútan er með nýja vél og nýjan létta bát selst á 2.millj. mögulegt að selja fjórðungshlut í skútunni. Upp. s: 8217305

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

Garðyrkja

HELLUR OG LÓÐALÖGUN
Getum bætt við okkur verkum í hellulögnum og hleðslum. Sími 823-7170.

Bókhald

FRAMTAL 2017
Framtöl einstaklinga, verktaka
og rekstraraðila.
Góð og traust þjónusta.
Vönduð vinna.
FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.
Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

SMIÐSKRAFTUR EHF.
NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
Uppl. í s. 663 3944 Ingi
smidskraftur@gmail.com



FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Gott Viðhald
Húsasmíðameistari
S. 771 6050
Nýsmíði, viðhald, sumarhús og gipsvinna.
gottvidhald@gmail.com

Alhliða smíðavinna Smíðaverktakar ehf 777-0709 8695927 smidaverktakar@gmail.com Facebook: smíðaverktakar ehf

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Rekstrarhagfræðingur aðstoðar við stofnun fyrirtækja, bókhald og rekstur, einnig verkferla og skrifstofutækni, stefnumótun o.fl. Margra ára reynsla.
5d.is • 5d@simnet.is • S. 845 7616

Útleiguhús fyrir ferðaþjónustu



25-30 fm sumarbústaðir tilbúnir til niðursetningar á undirstöður.
Fullkláraðir að innan.
Nánari upplýsingar í síma 899 0913 eða reisum@simnet.is www.reisum.is

vélastilling
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
Alhliða bílaverkstæði



viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 35 þús. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Húsnæði óskast

Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
sendtohelgi@gmail.com

Til sölu

TIL SÖLU TVÖ STÁLGRINDARHÚS OG FJÖGUR TRÉGRINDARHÚS TIL FLUTNINGS







Hús 1 - stálgrindarhús.
Gólfflötur 1. hæð 553 fm.
Gólfflötur 2. hæð 274 fm.
Hús 2 - 4 stk. trégrindarhús.
Hvert að gólffleti um 130 fm.
Hús 3 - stálgrindarskemma.
Gólfflötur um 375 fm.
Nánari upplýsingar
efnisveitan.is eða í síma: **863 4007**

Skemmtanir



Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



Hljómsveitin TRAP
Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Reynir, Örn og Diddi spila um helgina,
föstudag 23-02 (opið til 03) og laugardag 00-03
Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC F. FOREIGNERS - ENSKA - ENGLISH
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENSKA f. Fullorðna I,II,II, ENGLISH f. Adults: Byrja/Start: 3/4, 1/5, 29/5, 26/6, 21/8, 11/9: Morgna/Síðd/Kvölds - Morn/Aftern/Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5 nem/students - www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi.
Sumarhús - einbýlishús.
Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá
ghalldor@simnet.is

Atvinnuhúsnæði

GLÆSILEGT VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI (TÖLVULAGNIR)
Til leigu í Askalind 4 Kópavogi. 80 m2 bjartur salur með gluggum í norður og suður. Auklega 20 fermetra milliloft/geymsla.
Laust fljótlega. Upplýsingar í GSM 896-4494

TIL LEIGU 50 M2
Gott atvinnubil í Steinhellu með 4 m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir snyrtilega starfsemi. S: 770-0111

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

STARFSFÓLK Í AFGREIÐSLU KORNIÐ / FJARÐABAKARÍ
Óskum eftir starfsfólki 18 ára og eldri í afgreiðslu í bakarí okkar bæði virka daga og á helgarvaktir. Áhugasamir sendi umsóknir á umsokn@kornid.is

Handlaginn maður óskast tímabundið. Helst vanur járnsmíði (suðu) gjarnan öflugur eldriborgari. Gæti verið aukavinna. Vagnasmiðjan RVK. Uppl s. 894 6000

Framtíðarstarf á líflegum vinnustað
Leitum að kraftmiklum og áreiðanlegum starfsmönnum í almenna smur- og hjólbarðaþjónustu á þjónustuverkstæði okkar á Bíldshöfða og Réttarhálsi.

Hæfniskröfur
- Reynsla af smurþjónustu
- Þjónustulipurð og samskiptahæfni

Öll hjólbarðaverkstæði N1 hafa hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin.

Nánari upplýsingar veitir Dagur Benónýsson í **síma 440 1030** eða **dagur@n1.is**

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is**, merkt Bílaþjónusta.

N1

ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarii og önnur tilfallandi störf í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf.
Áhugasamir sendi umsókn og/eða ferilskrá á: kokuhornid@kokuhornid.is

MOSFELLS BAKARÍ

MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

Bakarameistarinn

BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI
leitar af bakara með metnað og reynslu. Brennandi áhugi á terugerð, bakstri og fagleg vinnubrögð skilyrði. Einnig vantar aðstoðaramann í framleiðslu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir hafi samband við Óttar í

síma 864 7733

Viðskiptatækifæri

TIL SÖLU LÍTIL BÍLALEIGA
Tvær heimasíður - tvöföld markaðssetning. Bara rekstur - engir bílar fylgja. Góður stökkpallur inn á ört vaxandi markað. Auðveld kaup og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S: 770-0111

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð
Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir
á aðeins 5.500.-
Verið hjartanlega velkomin.

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



INHOPE insafe
SAFT



Icelandair hótel Reykjavík Natura og forverar þess eiga ríkulega sögu þegar kemur að því að hýsa ráðstefnur, fundi og alls konar viðburði að sögn Bjarkar Óskarsdóttur, veitingastjóra hjá Icelandair hótel Reykjavík Natura. MYND/EYÞÓR

Þjóna viðskiptavinum af mikilli reynslu og alúð

Níu misstóra sali má finna á Icelandair hótel Reykjavík Natura sem hýsa 10-300 manns. Hótelið býður upp á úrval veitinga fyrir allar tegundir viðburða og gott starfsfólk. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi.

Icelandair hótel Reykjavík Natura og forverar þess eiga ríkulega sögu þegar kemur að því að hýsa ráðstefnur, fundi og alls konar viðburði tengda fjölskyldunni. Hótelið býr yfir níu misstórum sölum sem hýsa á bilinu 10-300 manns. Það er því ljóst að fyrirtæki og fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum ættu að finna eitthvað við sitt hæfi þar, segir Björk Óskarsdóttir, veitingastjóri hjá Icelandair hótel Reykjavík Natura. „Meðal ólíkra viðburða sem við höfum hýst undanfarin ár fyrir fyrirtæki má nefna minni stjórnarfundi upp í stærri fyrirtækjafundi. Hvort sem það eru hálfir eða heilir fundadagar hjá fyrirtækjum erum við ávallt tilbúin að taka þátt í skemmtilegum uppákomum, t.d. í tengslum við veitingar, með litaþema, leikjum eða hverju sem kemur upp í hugann. Allir salir okkar standast tæknikröfur sem viðskiptalífið væntir í dag.“ Meðal vinsælli viðburða nefnir Björk þá sem fjölskyldan sameinast við, t.d. brúðkaup, afmæli, fermingar eða skírn. „Einnig má nefna viðburði á borð við vísindaferðir, vínsmökkun, fræðslu um bjórbrugg eða samkomur hjólahópa.

Frá upphafi hafa rekstraraðilar hótelsins einnig verið miklir frumkvöðlar í veitingahúsarekstri að sögn Bjarkar og lifa margar sterkar hefðir enn í rekstri hótelsins í dag. „Það er ein stór ástæða þess að margar stórar ættir eiga sér langa sögu í að halda upp á ýmsa viðburði innan fjölskyldunnar á þessu hóteli. Þrátt fyrir ríkar hefðir hefur líka farið fram hér mikil nýsköpun í þróun veitinga í gegnum árin, þegar ekki voru svo margir staðir í Reykjavík.“





Níu misstórir salir eru á hótelinu sem hæfa litlum og stórum fyrirtækjum og alls kyns viðburðum tengdum stórum sem smáum fjölskyldum.

Frábærar veitingar

Auk úrvals sala og ríkra hefða býður hótelið upp á frábært úrval veitinga fyrir allar tegundir viðburða og reynslumikið og gott starfsfólk sem þjónar viðskiptavinum af mikilli alúð. „Úrvalið af góðum veitingum hjá okkur er endalaust ef svo má segja. Brönsinn á veitingastaðnum Satt er orðinn vel þekktur og nú erum við farin að bjóða upp á hann líka á föstudögum. Matreiðslumenn okkar leggja sig fram við að verða við óskum gesta og er gaman að segja frá því að innan hóps okkar er fjölbreytileiki í þjóðerni sem við höfum nýtt okkur til að sem flestir njóti. Að öðru leyti byggir matreiðsla okkar mest á fersku og góðu hráefni og reynum við að nota sem mest íslenskt hráefni. Einnig tökum við virkan þátt í því að gera gesti okkar meðvitaða um matarsóun.“

Góð staðsetning

Starfsfólk Reykjavík Natura er gott og reynslumikið að sögn Bjarkar sem segir hótelið stolt af starfsfólki sínu. „Við erum hluti af stærra fyrirtæki, Icelandair hótels, sem hefur lagt sig fram við að þjálfa starfsfólk sitt. Til þess var Hótelklassinn stofnaður sem heldur utan um öll námskeið og fræðslu til starfsmanna. Þess má einnig geta að Icelandair hótel útskrifar flesta iðnnema í matreiðslu og framreiðslu á landinu í dag.“

Við hótelið er fjöldi bílastæða og staðsetningin er góð en bæði er stutt í miðbæinn og flugvöllinn. „Hér sameinast t.d. fjölskyldur í bröns áður en farið er í hjólaferð eða göngutúr um Nauthólsvíkina og nágrenni. Margir erlendir gestir hafa t.d. aldrei séð sjóinn og finnst nálægðin við hann, frábær. Svo má geta þess til gamans í lokin að ef gestir vilja koma á þyrlu hingað, þá er stæði fyrir hana fyrir utan gluggann hjá okkur.“

Nánari upplýsingar má finna á www.icelandairhotels.com/is/hotelin/natura.

Tæknilausnir fyrir alla fundi

HljóðX býður upp á heilan heim lausna fyrir ráðstefnur, fundi og aðra viðburði þar sem tæknimálin þurfa að vera í lagi.

HljóðX sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir funda- eða ráðstefnusali, hvort heldur sem er í fundarherbergjum stórra og minni fyrirtækja, á hótelum, veitingastöðum eða stærra húsnæði á borð við íþróttasali. „Hvort sem þörf er á tveimur hátölurum og einum hljóðnema á litlum fundi eða stórum flatskjáum og öðru sem þarf til að halda fjölmenna ráðstefnu, þá erum við með rétta tæknibúnaðinn," segir Ingólfur Arnarson framkvæmdastjóri. Einnig er hægt að fá búnað fyrir fundi í heimahúsum.

„Við leitumst við að hafa tæknibúnaðinn sé bæði áreiðanlegan og hagkvæman. Þegar við höfum sett hann upp er ekkert sem á að geta farið úrskeiðis. Við hugsum út frá því að búnaðurinn sé einfaldur í notkun, ekki síst fyrir fundi og ráðstefnur þar sem allt þarf að ganga vel fyrir sig."

Búnaður af fullkomnustu gerð

HljóðX hefur langa reynslu af tæknilegum lausnum og er eitt fremsta fyrirtæki landsins á þessu sviði. „Við erum alltaf með búnað af nýjustu og fullkomnustu gerð frá heimsþekktum framleiðendum, sem eru með leiðandi vörumerki á markaðnum. HljóðX er með umboðið fyrir Harman samsteypuna og fyrir stærri viðburði erum við með teymi frá þeim til aðstoðar," segir Ingólfur en á stórum fundum eða ráðstefnum er tæknimaður frá HljóðX á staðnum.

> **Við erum alltaf með búnað af nýjustu og fullkomnustu gerð frá heimsþekktum framleiðendum, sem eru með leiðandi vörumerki á markaðnum.**

Kaupa eða leigja?

Hjá HljóðX er hægt að leigja eða kaupa einstaka hluti, svo sem þráðlausa hljóðnema, hátalara, ljósabúnað, leiksvið og fleira. „Við bjóðum upp á faglega ráðgjöf og föst verðtilboð í hönnun, uppsetningu, sölu og leigu á hljóð-, ljósa- og myndakerfum," segir Ingólfur. „Við setjumst niður með viðskiptavinum okkar og förum yfir hverju þeir þurfa á að halda. Síðan er allt undirbúið og allur búnaður settur upp og gert klárt innan þess tímaramma sem unnið er eftir."

HljóðX er einnig með verslun sem selur hljóðfæri og minni hljóðkerfi sem henta tónlistarfólki vel.



„Við hugsum út frá því að búnaðurinn sé einfaldur í notkun, ekki síst fyrir fundi og ráðstefnur þar sem allt þarf að ganga vel fyrir sig," segir Ingólfur.
MYND/ERNIR

Verkefni HljóðX

HljóðX hefur komið að tæknimálum og séð um tæknibúnað á mörgum af stærstu viðburðum hérlendis. „Í fyrra sáum við um nær allan tæknibúnað fyrir Secret Solstice hátíðina. Við vorum með stærstu og öflugustu útivagnana á Menningarnótt og sáum um allan tæknibúnað fyrir RÚV á Arnarhóli og Stöð 2 og Bylgjuna í Hljómskálagarðinum. Við erum með búnað og mannskap til að sinna stærstu sem smæstu verkefnum."

TIL HAMINGJU



- **Rósbjörg Jónsdóttir** með What Works – The International Summit of Social Progress, Harpa, apríl 2017 (300 gestir)
- **María Rúnarsdóttir** með International Federation of Social Workers – Europe conference, Harpa, maí 2017 (700 gestir)
- **Unnur Pétursdóttir** með International Conference of Physiotherapy in Psychiatry and Mental Health, Hilton, apríl 2018 (200 gestir)
- **Guðrún Björt Yngvadóttir** með Lions Clubs International Board of Directors Meeting, Hilton, apríl 2019 (150 gestir)
- **Sigríður Guðrún Suman** með European Biological Inorganic Chemistry Conference Series - EUROBIC 15, Háskóla Íslands, ágúst 2020 (500 gestir)
- **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** með International Society for the Performing Arts – ISPA conference, Harpa, júní 2021 (500 gestir)

Við hjá Meet in Reykjavík erum stolt af þessum flottu athafnakonum og ambassadorum okkar sem hafa stuðlað að komu ofantaldra ráðstefna

Við hvetjum alla þá sem ganga með hugmynd að ráðstefnu eða viðburði í maganum að hafa samband við okkur og við hjálpumst að við að stuðla að nýsköpun og þekkingu í landinu

ambassador@meetinreykjavik.is
Sími: +354 527 6666 / Sóltún 26, 105 Reykjavík

www.meetinreykjavik.is
www.meetinreykjavik.is/ourservices/ambassadorprogram

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Kristján Ólafsson
Hrl.
Löggiltur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Eggert Maríuson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 690 1472



Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 661 7788



Nadia Katrín
Sölufulltrúi
Sími 692 5002



Helga Snorradóttir
Skjalavinnsla



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali
Sími 895 7784



Ingibjörg Agnes Jónsdóttir
Sölufulltrúi
Sími 897 6717



Jóhanna Gustavsdóttir
Sölufulltrúi
nemi í löggildingu fasteignasala
Sími 698 9470



FANNAFOLD 169 – 112 RVK.

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 25. MARS KL. 14:00 – 15:00

Fallegt og vandað 384,3 m2 einbýlishús við enda á botnlanga í Foldahverfi.
Húsið, sem hannað er af Kjartani Sveinssyni, er á tveimur hæðum.
Möguleiki að gera aukaíbúð.
Frábært útsýni.

V. 109 millj.



Hafðu samband
ÞÓRARINN THORARENSEN
sölustjóri. Sími 770 0309



HÖRPULUNDUR – 210 GBÆ.

BÓKIÐ SKOÐUN

Einstaklega glæsilegt 200,7 fm. 6 herbergja einbýlishús á einni hæð. Afar vandaðar innréttingar og gólfefni. Eignin hefur nánast öll verið endurnýjuð á síðustu árum. Mikil lofthæð með innbyggðri lýsingu í öllu íbúðarrými. Stór suðurverönd. Bárujárn á þaki var endurnýjað 2016 ásamt flasingum á bílskúrsþaki. Eignin var klædd og einangruð að utan með flísakerfi 2012. Gólfhiti þar sem flísar eru á gólfi. Sjón er sögu ríkari.

V. 89,9 millj.



Hafðu samband
ÞÓRARINN THORARENSEN
sölustjóri. Sími 770 0309



UNDIRHLÍÐ – 801 SELFOSS

LAUS TIL AFHENDINGAR

- Glæsilegt 212.5 fm heilsárshús
- Fjögur svefnherbergi
- Steyptur kjallari sem bíður uppá möguleika
- Miklar verandir í kringum hús
- Stórglæsilegt útsýni til allra átta
- Eignin stendur á 8.400 fm eignarlóð

V. 49,9 millj.

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



GNOÐARVOGUR – 104 RVK

LAUS TIL AFHENDINGAR

- Þriggja herb., 76.6 fm endaíbúð
- Íbúð er öll endurnýjuð og máluð
- Nýtt eldhús, gólfefni, hurðar, rafmagn
- Húseign hefur verið endurnýjuð öll að utan
- Öflugt húsfélag

V. 38,5 millj.

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



KLEPPSVEGUR 18 - 105 RVK.

Opið hús á þriðjudaginn 28. mars kl. 17:00-17:30

- Falleg og mikið endurnýjuð 4ja herb. endaíbúð á fyrstu hæð samtals 109,5 fm
- Þvottahús inn af baðherbergi, geymsla í sameign
- Húseign hefur verið mikið endurnýjuð að utan
- Góð staðsetning stutt í skóla og ýmsa verslun og þjónustu

V. 43,9 millj.



Hafðu samband
JÓHANNA GUSTAVSDÓTTIR
Sölufulltrúi. Nemi í löggildingu fasteignasala. Sími 698 9470

Óskum eftir 250-350 m2 einbýlishúsi á tveimur hæðum í Seláshverfi í Árbæ.

Skipti möguleg á 220 m2 einbýlishúsi á einni hæð í Seláshverfi eða bein sala.



Hafðu samband
ÞÓRARINN THORARENSEN
sölustjóri. Sími 770 0309



GERPLUSTRÆTI 6-12 Í HELGAFELLSLANDI

AÐEINS 3 ÍBÚÐIR EFTIR Í 30 ÍBÚÐA FJÖLBÝLISHÚSI MEÐ TVEIMUR LYFTUM, STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU, STÓRBROTIÐ ÚTSÝNI

4ja til 5 herbergja íbúðir frá 115,9 til 133,9 fm að stærð, stórar suð-eða suðvestur svalir.

Verð frá 47,5 til 52,9 millj.



- Skilast fullbúnar án gólfefna með flísum á baðherbergjum/þvottahúsi.
- Innréttingar frá HTH, eldhústæki frá AEG, blöndurnartæki frá Tengi hf
- Hönnuður er Kristinn Ragnarsson
- Vandaðir verktakar, Upp-sláttur ehf
- Frábær staðsetning, fjölskylduvænt hverfi með ótal útivistarmöguleikum.

ENGU TIL SPARAÐ



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali
Sími 895 7784



Ingibjörg Agnes Jónsdóttir
Sölufulltrúi
Sími 897 6717



Jóhanna Gustavsdóttir
Sölufulltrúi
nemi í löggildingu fasteignasala
Sími 698 9470

Vogabyggð

Eignamiðlun hefur til sölu eftirtaldar byggingarlóðir í Vogabyggð.

	Byggingarmagn ofanjarðar (fm)	Núverandi byggingarmagn (fm)
Dugguvogur 2		3.868
Dugguvogur 4		2.825
Trilluvogur 1	4.640	
Súðarvogur 2	6.200	
Kuggavogur 2	9.070	
Kuggavogur 5	4.730	
Skektuvogur 2	7.250	
Arkarvogur 2	16.230	
Kleppsmýrarvegur 6	5.090	



Óskað er eftir tilboðum í lóðirnar.

Tilboð þurfa að berast á skrifstofu Eignamiðlunar fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 19. apríl n.k. og gilda til kl. 17:00 þann 28. apríl n.k.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
824 9093 / 588 9090

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

SPÁNN - ÞAR SEM SÓLIN SKÍN ALLT ÁRIÐ - VERÐ FRÁ 20,7 M





GLÆNÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐJARÐARHAFSSTÍL

Stórglæsilegar, bjartar og vel hannaðar íbúðir í vönduðum fjórbýlishúsum í Dona Pepa, um 30 mín akstur suður af Alicante. Sameiginleg sundlaug í lokuðum garði.

Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, góð stofa, eldhús opið við borðstofu. Hægt að velja um íbúðir á neðri hæð með lokuðum sérgarði eða penthouseíbúðir á efri hæð með góðum svölum út frá stofu og stórum þaksvölum. Traustur byggingaraðili með áratuga reynslu.

Stutt í golf, á ströndina og La Zenia Boulevard verslunarmiðstöðina. Úrval veitingastaða og verslana í nágrenninu.

Mikið úrval af góðum eignum á Spáni, íbúðir, raðhús og einbýlishús. Nýjar eignir og eignir í endursölu.

Íslenskir löggiltir fasteignasalar sjá um allt kaupferlið og aðstoða við að skipuleggja skoðunarferðir og sýna eignirnar.

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR
Áralöng reynsla af sölu fasteigna á Spáni.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM: 893-2495
adalheidur@stakfell.is



GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI



FALLEG ÍSLENSK HEIMILI

Nýr íslenskur þáttur þar sem sérfræðingarnir Gulla Jónsdóttir, arkitekt og hönnuður, Helgi Ómarsson, ljósmyndari og stílisti og Þóra Margrét Baldvinsdóttir hönnunarráðgjafa fá það skemmtilega verkefni að skoða falleg íslensk heimili. Markmiðið er að ná fram því sem fallegt er og gleður augað. Sitt sýnist hverjum en svo mikið er víst að það er alltaf fróðlegt að fá umfjöllun um mismunandi arkitektúr, hverfi og hugmyndir manna um híbýli. Síðast en ekki síst er einfaldlega gaman að sjá hvernig aðrir hafa hreiðrað um sig.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817 | 365.IS | 365

LEIKVANGURINN

Wenger veit... ...en enginn annar



Stærsta spurning enska boltans er hvort Arsene Wenger verði áfram knattspyrnustjóri Arsenal. Tveggja ára samningur er á borðinu. Mun hann skrifa undir eða ekki?

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@365.is

Framtíð Arsene Wenger. Hver er hún? Er hún á hliðarlínu Arsenal eða er komið að leiðarlokum eftir 21 ár? Wenger er sigursælasti knattspyrnustjóri Arsenal og hefur unnið þrjá Englandsmeistaratitla með félaginu og 15 titla alls. Meðal annars tapaði hann ekki leik eitt tímabilið, afrek sem trúlega verður ekki leikið eftir. En flestir geta verið sammála um að félagið er að hjakka í sama hjólfarinu. Það hefur ekki verið nálægt því að vinna enska titilinn í mörg ár, hefur fallið út í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar fimm ár í röð og svona mætti lengi telja. Það eina jákvæða fyrir stuðningsmenn Arsenal er að liðið endar alltaf fyrir ofan Tottenham. Slíkt er mikilvægt.

Flestallir stuðningsmenn væru til í að halda með liði sem kæmist alltaf í Meistaradeildina, endaði í efri hlutanum í deildinni og einn og einn bikar læddist í bikaraskápinn. En stuðningsmenn Arsenal vilja meira. Liðið á trúlega fallegasta völl Englands, marga spennandi leikmenn og spilar oftar en ekki stórskemmtilegan fótbolta. Það er bara ekki nóg. Fjórir tapleikir í síðustu fimm deildarleikjum, skammarlegt 10-2 tap fyrir Bayern München og nú síðast tap fyrir WBA, þar sem leikmönnum virtist bara vera alveg sama, hafa sett framtíð Wengers enn á ný undir smásjána.

Wenger skrifaði undir samning 2014 og sagði þá að hann yrði dæmdur í lok samningsins. Nú er sá samningur að renna út í maí og dómurinn meðal flestra stuðningsmanna er að Wenger eigi að kveðja félagið. Næsti deildarleikur liðsins er gegn Manchester City og er það samdóma álit sérfræðinga að framtíðin verði að vera komin á hreint fyrir þann leik. Flestir sparkspekingar taka kraftaverkið í Katalóníu máli sínu til stuðnings. Eftir niðurlægjandi tap Barcelona gegn PSG í Meistaradeildinni steig Luis Enrique, stjóri félagsins, fram og sagði að hann ætlaði að hætta. Viti menn. Barcelona vann seinni leikinn 6-1 í ótrúlegum leik. Margir höfðu reyndar spáð því að Enrique myndi hverfa á brott en flestir eru sammála að batamerki eru á leik liðsins eftir að leikmenn vissu að það yrðu breytingar í sumar.

Eftir tapið fyrir WBA sagði Wenger að hann vissi framtíð sína og myndi láta vita innan skamms. En af hverju að bíða? Ákveði hann að kveðja fær hann lófatak hvar sem hann kemur. Ákveði hann að vera áfram er ekki víst að ró færist yfir Arsenal. Sérstaklega ef hann missir sína bestu leikmenn eins og flest bendi til.

Wenger kom sem stormsveipur inn í enska boltann fyrir rúmum tuttugu árum. Hann breytti því hvernig leikmenn æfðu, tók mataræðið í gegn og færði enska boltann inn í nútímann. Hann þótti meistari á félagaskiptamarkaðnum og fann falda demanta víða. En nú virðist sem aðrir knattspyrnustjórar séu búnir að ná honum og stuðningsmenn spyrja fleiri spurninga eftir hvern leik en Wenger nær að svara.

Tveir menn virðast ráða því hvort Wenger verður áfram eða ekki. Stan Kroenke, aðaleigandi félagsins, og Wenger sjálfur. Í raun skipta skoðanir annarra hluthafa Arsenal ekki máli. Og Kroenke vill halda Wenger og varla vill Wenger skilja félagið eftir í rjúkandi rúst. Það eru ekki miklar líkur á að Sanchez verði áfram, Özil ekki heldur. Granit Xhaka hefur valdið vonbrigðum, Theo Walcott, Kieran Gibbs, Francis Coquelin, Callum Chambers og Alex Oxlade-Chamberlain hafa tekið litlum framförum og eru ekki nógu góðir til að vinna deildina hvað þá Meistaradeildina. Sumir benda á að Wenger fái 8,9 milljónir punda í laun á ári. Það sé næg ástæða til að geta ekki sleppt takinu.

En hann getur ekki unnið efasemdastuðningsmenn á sitt band, sama hvernig tímabilið endar. Það er því nánast borðleggjandi að hann verði að hætta til að Arsenal geti tekið næsta skref. En Wenger er ólíkindatól og það kæmi minna en ekkert á óvart ef hann myndi henda í undirskrift á tveggja ára samningi sem Kroenke er með tilbúinn á skrifstofu sinni. En hann má fara að ákveða sig. Óákveðni hefur aldrei verið góður vinur knattspyrnunnar, hvað þá knattspyrnustjóra í liði sem getur svo miklu, miklu meira.

Tölur Arsene Wenger með Arsenal

Tók við 30. september 1996

Leikir	Sigrar	Jafntefli	Töp
779	449	192	138

Skoruð mörk	Mörk fengin á sig
1.466	746

Titlar

Englandsmeistari	3
FA-bikarinn	6
Góðgerðarskjöldurinn	6







Líklegir eftirmenn Wengers

Massimiliano Allegri
49 ára gamall, stjóri Juventus

Luis Enrique
46 ára gamall, stjóri Barcelona

Leonardo Jardim
42 ára gamall, stjóri Monaco

Thomas Tuchel
43 ára, stjóri Dortmund

Patrick Vieira
40 ára, stjóri New York City FC

Ummæli um Wenger að undanförnu

WENGER ER EINS OG FRÆNDI SEM VILL EKKI FARA HEIM ÚR PARTÍINU.
Chris Sutton, knattspyrnusérfræðingur

HANN HEFUR EKKI BREYST MIKIÐ, HANN HEFUR EKKI BREYTT VINNUAÐFERÐUM SÍNUM.
Gilberto Silva, fyrrverandi leikmaður Arsenal

HANN VERÐSKULDAR VIRÐINGU EN ÞAÐ SEM ÉG TEL AÐ SÉ MIKILVÆGAST ER AÐ FÉLAGIÐ KOMI HREINT ÚT OG SEGI HVAÐ ER AÐ FARA AÐ GERAST.
David Seaman, fyrrverandi leikmaður Arsenal

ÉG VERÐ HISSA EF HANN FER.
Tony Pulis, stjóri WBA

ÞAÐ ÞARF FLEIRA Í ENSKA VALSINN EN FAGRA SKÓNA OG SILKIFÍNT ÞRÍHYRNINGASPILIÐ. ÞAÐ ÞARF STÁL MEÐ SILKINU, ÞETTA ER ENSKA DEILDIN.
Stefán Hilmarsson, stuðningsmaður Arsenal

ÉG HELD AÐ ÞÚ VERÐIR AÐ LÍTA Á LEIKMENNINA. ÞEIR HAFA Í SUMUM TILFELLUM BRUGÐIST ARSENE.
Patrick Vieira, fyrrverandi fyrirliði Arsenal

markhönnun ehf

netto

Landsins mesta úrval af páskaeggjum



www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um frumherja sjónvarpsins.



Þegar stríðinu lauk sneri Baird sér að sínu helsta hugðarefni: sjónvarpstækninni. Þrotlausar tilraunir hans báru að lokum árangur.

Fjarsýnisstöð á Íslandi

Ófreskisaugu: Nú geta menn sjeð í myrkri og þoku og í gegn um holt og hæðir.“ Þessa grípandi fyrirsögn mátti sjá í Lesbók Morgunblaðsins sumarið 1927. Umfjöllunarefnið var ýmsar uppfinningar skoska hugvitsmannsins Johns Logie Baird, en þó einkum sú nýjasta sem að sögn íslensku blaðanna myndi gera mönnum kleift að sjá fólk, skip og flugvélar í dimmasta myrkri eða svörtustu þoku.

„Maður sá, sem mynd á að sendast af langar leiðir, getur nú setið í í kolsvarta myrkri, en hinir ósýnilegu geislar, sem beint er að honum, flytja lifandi mynd af honum langar leiðir. Uppgötvun þessi getur haft stórkostlega þýðingu á mörgum sviðum. Í ófriði geta t.d. flugvjelar og njósnarar ekki látið náttmyrkur skýla sjer. Með hjálp hinna ósýnilegu geisla og vjelar Bairds, er hægt að sjá til ferða þeirra, án þess að þeir hafi hugmynd um.“

Óhætt er að segja að íslensku blaðamennirnir hafi verið óþarflega fljótir á sér. Meðal þess sem John Logie Baird og samstarfsmenn hans unnu að á seinni hluta þriðja áratugarins voru tilraunir með næturssjón og gerð búnaðar til að nema innrautt ljós. Tilraunirnar voru þó enn smáar í sniðum og bundnar við tilraunastofur, þótt vissulega mætti láta sig dreyma um stórfelldari hagnýtingu tækninnar síðar meir. Er þetta hvorki í fyrsta né síðasta sinn sem hrifnæmir blaðamenn gera of mikið úr nýjustu tækniframförum.

Áhugavert er þó að svo snemma sem árið 1927 hafi íslensk blöð fjallað um John Logie Baird eins og heimskunnan uppfinningamann sem búast mátti við að lesendur kynnu deili á. Aðeins tveimur árum fyrr var þessi, að miklu leyti sjálfmenntaði, uppfinningamaður með öllu óþekktur í veröldinni.

Baird fæddist í Vestur-Skotlandi árið 1888 og nam vélfræði og rafmagnsfræði við tækniskóla og háskóla í Glasgow en fyrri heimsstyrjöldin kom í veg fyrir að hann lyki námi. Hann sóttist eftir að ganga í herinn, en fékk ekki inngöngu vegna bágrar heilsu. Þess í stað hóf hann störf hjá fyrirtæki sem sinnti sprengiefnagerð.

Þegar stríðinu lauk sneri Baird sér að sínu helsta hugðarefni: sjónvarpstækninni. Þrotlausar tilraunir hans báru að lokum árangur og er hann almennt sagður uppfinningamaður sjónvarpsins, en hefð er fyrir að tímasetja þann atburð árið 1926.

Fjölmiðlasprengjur

Reyndar má endalaust deila um hvort hægt sé að eigna einum manni heiðurinn af sjónvarpinu. Mikil gróska var í rannsóknum á útvarpsbylgjun og á sviði ljósfræði í byrjun tuttugustu aldar. Vísindalegar forsendur sjónvarpsins voru vel þekktar og sjálft heitið, „television“, var löngu komið fram. Veturinn 1925-6 tókst Baird að varpa lifandi andlitsmynd af samstarfsmanni sínum á skjá í nokkurri fjarlægð. Það má heita fyrsta sjónvarpssendingin í sögunni og í þeim skilningi má tala um sjónvarpið sem uppfinningu Bairds, en útilokað má telja að honum hefði tekist að fá skráð einkaleyfi á fyrirbærinu enda fátt frumlegt við búnaðinn. Framlag Bairds fólst því í að þróa hagnýtar og nothæfar útfærslur á uppgötvunum annarra.

Sagan segir að strax að lokinni þessari fyrstu sjónvarpsútsendingu hafi Baird hlaupið á ritstjórnarskrifstofur eins stóru Lundúnablaðanna til að segja frá afreki sínu. Þegar ritstjórinn frétti af þessum óðamála gesti sem segðist geta varpað lifandi myndum frá einum stað til annars, á hann að hafa látið öryggisgæsluna vita að vitfirringur væri kominn í heimsókn, líklega hættulegur og mögulega vopnaður.

Sumir aðdáenda Bairds harma það mjög hversu gjarn hann var á að segja fjölmiðlum frá nýjustu afrekum sínum og ljóstra þannig upp um viðfangsefni sín. Telja þeir að með örlítið meiri þagmælsku og varkárni, hefði Baird getað fullkomnað tækni sína í friði og ró og þannig öðlast yfirburðastöðu í kapphlaupinu um þróun sjónvarpsins. Sitthvað er við þá söguskoðun að athuga. Ekki hvað síst að Baird hafði ekkert fjárhagslegt bolmagn til að þróa sjónvarpstækni á laun, með tilheyrandi efniskostnaði og launum fjölda aðstoðarmanna. Þess í stað hlaut hann að reyna að fanga athygli fjársterkra aðila með því að sýna afrakstur tilrauna sinna jafnóðum, þótt keppinautar kynnu að njóta góðs af þeim upplýsingum.

Næstu árin var Baird ítrekað í fréttum vegna sjónvarpstilrauna sinna, sem allar miðuðust að því að sannfæra umheiminn um að gerlegt væri að þróa tæknina áfram og gera hana að almenningseign með tíð og tíma. Stöðugt fjölgaði þeim sem fengið höfðu að sjá sjónvarpsútsendingar hans og blaðafregðin fylgdi í kjölfarið, eins og íslensku blöðin leiddu í ljós þegar á árinu 1927.

Helsta keppikefli Bairds var að sannfæra stjórnendur BBC, breska ríkisútvarpsins, um að veðja á sjónvarp. BBC sýndi tækninni mikinn áhuga, enda eðlilegt að líta á hana sem rökrétt framhald af hljóðvarpi. Fyrirtækið setti því mikið fé í þróunarstarf og hóf til að mynda snemma tilraunaútsendingar á kyrrum myndum, þar á meðal veðurspákortum.

Það voru einkum tvö fyrirtæki sem létu að sér kveða í sjónvarpstríðinu í byrjun fjórða áratugarins. Annars vegar fyrirtæki Bairds sjálfs, en hins vegar hið alþjóðlega Marconi-fyrirtæki sem stofnað hafði verið um rekstur loftskeytakerfa ítalska uppfinningamannsins Marconis. Síðarnefnda fyrirtækið var miklu stærra, ríkara og hafði yfir að búa fullkomnum rannsóknarstofum og fjölda tæknimanna.

Þrátt fyrir aflsmuninn helltu Baird og fyrirtæki hans sér út í slaginn og komu upp stórri sjónvarpsmiðstöð í Crystal Palace-tækniþróunarmiðstöðinni, sem komið hafði verið fyrir í hluta samnefndrar sýningarhallar í Sydenham-hverfinu í Lundúnum. Þaðan var sjónvarpað ýmiss konar efni, svo sem hnefaleikakeppnum og einföldum sjónvarpsleikritum til að kynna tæknina og hvetja efnafólk höfuðborgarinnar til að koma sér upp sjónvarpsviðtækjum, sem voru að skjóta upp kollinum á markaðnum. Það var líka frá stöðinni í Crystal Palace sem gerðar voru tilraunir með langdrægni útsendinga um miðjan fjórða áratuginn. Inn í þá sögu drógust Íslendingar með harla óvenjulegum hætti.

Íslendingar ríða á vaðið

Fyrir nokkrum misserum var afhjúpað á Akureyri söguskilti um upphaf sjónvarps á Íslandi. Þar er rakin lítt þekkt saga um að á árunum 1934 til 1936 hafi breski verkfræðingurinn Fredrik Livingstone Hogg og Grímur Sigurðsson, síðar útvarpsvirkjameistari, tekið við sjónvarpssendingum frá Bretlandi. Búnaðinn munu þeir félagarnir hafa fengið að hluta að utan en að öðru leyti smíðað sjálfir.

Þeir Hogg og Grímur tóku við sjónvarpsmerkjunum í húsinu Sjónarhæð. Þar var að finna heljarmikil móttökuloftnet frá því nokkrum árum fyrr þegar breskur trúboði, Arthur Gook að nafni, rak þar trúarlega útvarpsstöð sem áður hefur verið fjallað um á þessum vettvangi. Hafði Hogg raunar verið tæknimaður Sjónarhæðarútvarpsstöðvarinnar.

Synd væri að segja að þeir Hogg og Grímur hafi mikið verið að hampa þessari tilraunamennsku sinni. Þannig fluttu íslensku blöðin reglulega fregnir af sjónvarpstilraunum Breta, án þess að hafa hugmynd um að útsendingarnar hefðu náðst norður í landi. Margar þessara frétta eru mjög tæknilegar og benda til góðs skilnings höfunda á eðli sjónvarpsins, en aðrar fólu í sér vangaveltur um framtíðina. Til dæmis spurði blaðamaður Alþýðublaðsins sig þeirrar spurningar snemma árs 1935 hvenær Íslendingar myndu hafa ráð á „að koma upp fjarsýnisstöð við hliðina á Ríkisútvarpinu“. Og komst að þeirri niðurstöðu að það ætti ekki að vera mjög langt þangað til.

Það segir ef til vill sína sögu um hversu langt var í raun frá Akureyri til Reykjavíkur að enginn blaðamaður fyrir sunnan hafði hugmynd um sjónvarpstilraunirnar nyrðra. Það var því ekki fyrr en mörgum áratugum síðar að Grímur Sigurðsson sagði frá þeim í útvarpsviðtali. Af upprifjun hans mátti ráða að myndinni sem náðist hafi verið varpað upp á örsmáan skjá og að skýrleiki útsendingarinnar hafi verið mjög mismunandi eftir dögum. Stundum hafi myndin verið það góð að greina mátti á henni smáatriði.

Velta má því fyrir sér hvort sjónvarpstilraunirnar á Akureyri hefðu fengið stærri sess í sögunni ef fyrirtæki Bairds hefði ekki orðið undir í samkeppninni um þróun sjónvarpsins. BBC ákvað á árinu 1936 að halda áfram tilraunaútsendingum með báðum tæknikerfunum, þótt ýmsar vísbendingar væru komnar fram um að kerfi Marconi-félagsins væri hentugra. Mikill eldsvoði í Crystal Palace síðar á sama ári, þar sem sjónvarpsstöð og upptökuver Bairds brunnu til grunna, reyndist fyrirtækinu svo hálfgert rothögg. John Logie Baird hefur að sönnu fengið sinn sess í sögubókum sem brautryðjandi sjónvarpstækninnar, en það skapaði honum lítinn auð. Sjónvarpsáhorf tveggja áhugasamra Akureyringa um miðbik fjórða áratugarins ratað því ekki inn í söguna sem hluti af glæstri sigurgöngu alþjóðlegs stórfyrirtækis, heldur er það neðanmálsgrein í hliðarsögu um ævintýri sem hefði getað orðið. Sagan er stundum grimm og alltaf skráð af sigurvegurunum.

MARGIR HALDA ÞAÐ SÉ EKKI HÆGT AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASLIT ÚR ANDLITI
HÁRÆÐASLITSMEÐFERÐ



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

ego dekor

SÓFAR Á TILBOÐI 15-40% AFSLÁTTUR



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 188.800,-



NAPOLI SÓFI M/2 TUNGUM
Stærð: 320X170X170cm
~~Verð: 249.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 174.300,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm - færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 127.425,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



ARES TUNGUSÓFI
Stærð: 278X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 186.150,-



ORLANDO TUNGUSÓFI
Stærð: 272X165cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



JERSEY 4RA SÆTA
Breidd: 298cm
~~Verð: 195.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 156.000,-



NAPOLI TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
~~Verð: 199.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 119.400,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

25. MARS 2017 LAUGARDAGUR

Ætla að byggja nýtt Árbæjarheimili

Það var stór stund hér í Árbænum þegar kirkjan var vígð 29. mars 1987 eftir sautján ár í byggingu. Að baki voru margir fundir, ótal hamarshögg og sjálfboðavinna fjölda fólks," segir séra Þór Hauksson, sóknarprestur í Árbæjarsókn í Reykjavík. Hann undirbýr nú, ásamt öðru starfsfólki Árbæjarkirkju og sjálfboðaliðum, þrjátíu ára vígsluafmæli guðshússins á morgun. Biskupinn, frú Agnes Sigurðardóttir, mun predika í hátíðarmessu sem hefst klukkan 11 og margir úr starfsliði kirkjunnar koma að athöfninni, að sögn Þórs. „Svo verður tekin skóflustunga að nýju safnaðarheimili og eftir það verður hátíðarkaffi sem soroptimistakonur, kvenfélagið og sóknarnefndin sjá um þannig að fólk verður mettað andlega og líkamlega."

Við létum teikna nýjan sal fyrir hrun og ætlum að blása lífi í fyrirætlanir okkar.

Safnaðarsalurinn er fyrir löngu orðinn of lítill, að sögn Þórs. „Fólk vill láta jarðsyngja sig frá sinni sóknarkirkju en við höfum oft þurft að fara út fyrir hverfið með fjölmennar erfidrykkjur. Við létum teikna nýjan sal fyrir hrun og ætlum að blása lífi í fyrirætlanir okkar að byggja Árbæjarheimili sem svarar kröfum nútímans um aðgengi fólks á gleði- og sorgarstundum lífsins."

gun@frettabladid.is



Séra Þór Hauksson, sóknarprestur í Árbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigvarður Halldórsson

Suðurgötu 17, Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 20. mars. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, miðvikudaginn 29. mars kl. 13.30.

Guðríður Elíasdóttir

Ellý Björnsdóttir
Halldóra Svava Sigvarðardóttir
Vigdís Sigvarðardóttir
Jens Snævar Sigvarðarson
Elías Sigvarðarson
Guðmundur Sigvarðarson
Magnús Þorgeirsson
Viðar Ólafsson
Sigurður Tryggvason
Kristjana Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Útfararstofa kirkjugarðanna

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*




Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Sköpunarþörfin og ástríðan enn fyrir hendi

Gullsmíðin er skemmtilegt fag, ég fór í myndlistarskóla en svo var pabbi í gullsmíði og þá ákvað ég að fara þá leið. Hér fæ ég útrás fyrir sköpunarþörfina og ástríðan er enn fyrir hendi," segir hinn sjötugi Sigurður Gunnar Steinþórsson, gullsmiður í Gulli og silfri á Laugavegi 52. En hefur tæknin ekki breyst? „Nei, við sem erum í handverkinu gætum sest við 300 ára gamalt vinnuborð og unnið."

Eiginkonan, Kristjana Ólafsdóttir, er verslunarstjóri og ein þriggja dætra þeirra hjóna er orðin gullsmíðameistari. „Það eru yfir 70 ár sem sama fjölskyldan hefur fengist við þetta," segir Sigurður sem kveðst líka búinn að vera á sömu torfunni alla sína tíð. „Ég fæddist í Skólavörðuholtinu og hef lært og starfað á Laugaveginum. Þetta er bara eins og í sveitinni þar sem menn lifðu alla ævi á sömu þúfunni!"

Sigurður ætlar að bjóða vinnufélögum og nánustu ættingjum til fagnaðar. „Þetta verður lítið og lokað en þegar ég verð 75 þá held ég kannski stórveislu. Stefnt skal að ... eins og stundum er sagt!" **gun@frettabladid.is**



Sigurður Gunnar Steinþórsson gullsmiður er sjötugur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



†

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, stjúpföður og afa,

Jóns Þorsteins Eiríkssonar

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir einstaka umönnun og ástúð.

Erla Sigurðardóttir
Sævar Guðmundsson
Sigurður Ágústsson
Guðni Ágústsson
Dagný Ágústsdóttir
Anna Björk Njálsdóttir
Sævar Davíðsson
og barnabörn.



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Karlsson

Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést á Landakotsspítala 20. mars. Jarðarför auglýst síðar.

Þorkell Einarsson
Lilja Einarsdóttir
Ástríður I. Einarsdóttir
Karl Trausti Einarsson
Steinunn Árnadóttir
Kjartan Jónas Kjartansson
Ástríður Scheving Thorsteinss.
barnabörn og barnabarnabarn.



†

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Guðjóns Finnbogasonar

Espigrund 8, Akranesi.

Margrét Guðjónsdóttir
Sigurður Guðjónsson
Snorri Guðjónsson
Björn Þverdal Kristjánsson
Ása Jóhannsdóttir
Brynja Leósdóttir
og afabörn.

†

Hjartkær sonur minn,

Ólafur Kristján Sveinsson

lést 13. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,
Magnea Guðlaug Ólafsdóttir



†

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Birnir

myndlistarkennari,

sem andaðist 21. mars, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 30. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Neistann, styrktarsjóð hjartveikra barna.

Margrét Snæbjörnsdóttir
Snæbjörn Björnsson Birnir
Björn Björnsson
Ólafur Björnsson
Kolbrún Jónsdóttir
Sigríður Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Fríða Fanney Stefánsdóttir

Stillholti 19, Akranesi,

lést á gjörgæslu Landspítalans 20. mars. Hún verður jarðsungin mánudaginn 27. mars kl. 13.00 frá Guðríðarkirkju í Grafarholti.

Guðrún Magnúsdóttir
Árni Þorvaldsson
Stefán Magnússon
ömmu- og langömmubörn.

GÓÐ BÓK, GÓÐ HELGI



Eyland
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Löggan
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Land föður míns
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.899.-



Dalalíf IV - Laun syndarinnar
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Svartigaldur
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Stúlkan sem enginn saknaði
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.899.-



Kviksyndi
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Petsamo
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Eftir að þú fórst
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.899.-



Aflausn
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Drungi
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-



Stúlkurnar á Englandsferjunni
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Óskarsson

byggingaverkfræðingur,
Suðurvangi 19a, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 9. mars síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. mars kl. 13.00.

Svava Gísladóttir

Guðrún Guðmundsdóttir
Guðmundur Rafn Guðmundss.
Óskar Guðmundsson
Ásgerður Guðmundsdóttir
Svava Guðmundsdóttir
Rúnar H. Steinsen
Edda Freyja Frostadóttir
Helga Jóna Sigurðardóttir
Jón Garðar Ögmundsson
Eyþór Sigfússon

afabörn og langafabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður míns, tengdaföður og afa,

Ingva Rafns Flosasonar

rakara,
Víðilundi 24, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Lerkihlíð fyrir frábæra umönnun, hlýju og yndislega nærveru.

Karlína Ingvadóttir
Marinó Marinósson
Ingvi Þór, Sævar Óli, Eva María
og aðrir aðstandendur.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Sigurðardóttur

Sléttuvegi 21, Reykjavík.

Sigurður Örn Búason
Elsa Hrönn Búadóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Einar Már Guðmundsson
Guðrún Eygló Guðmundsdóttir
Hafdís Björk Guðmundsdóttir
Þórunn Erla Sighvats
Sigurður Jónasson
Jón Hrafn Jónsson
Jóna Hálfdánardóttir
Heiðar F. Jónsson
Jóhann Sveinsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær mágkona og föðursystir,

Björg Valgeirsdóttir

fv. bankastarfsmaður
og leiðsögumaður,
Dalbraut 16, Reykjavík,

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 23. mars 2017.
Útförin verður auglýst síðar.

Stefanía Stefánsdóttir
Valgeir Hallvarðsson
Eva Hallvarðsdóttir
Herdís Hallvarðsdóttir
Rannveig Hallvarðsdóttir
Tryggvi Hallvarðsson
Hildur Björnsdóttir
Dagný Björnsdóttir
Valgerður Helga Björnsdóttir
Aðalbjörg Kristinsdóttir
Ásgeir Valdimarsson
Gísli Helgason
Jóhannes Karl Jia
Þuríður Vilhjálmsdóttir
Ásgeir Bragason
Skúli Gunnarsson
Jón Hafberg Björnsson



Okkar yndislega mamma, tengdamamma, amma og langamma,

Inger Hallsdóttir

kennari,
Prestastíg 6, Reykjavík,

lést mánudaginn 20. mars síðastliðinn. Inger verður jarðsungin frá Guðríðarkirkju föstudaginn 31. mars klukkan 13.00.

Halldóra Kristjánsdóttir og Jóhannes Vilhjálmsson
Sóley og Snædís Jóhannesdætur
Baldvin Þ. Kristjánsson og Gunnur Helgadóttir
Tinna, Kristján og Helga Baldvinsbörn
Birgitta Bonde
Sara Hallsdóttir Bonde
Kristján Ingi Kristjánsson og Guðleif Þórunn Stefánsdóttir
Cilia Marianne Úlfsdóttir, Sunna og Halla Kristjánsdætur
Karítas Sól, Ágústa Bella, Guðrún og Mohamed Ýmir
Elías Kristjánsson og Ásdís Harpa Smáradóttir
Ísak Örn Elíasson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Georg Grundfjörð Georgsson

rafvirki, Fífumóa 1a,
Reykjanesbæ,

andaðist á Landspítalanum við Fossvog mánudaginn 20. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 30. mars kl. 13.

Ragnheiður Ragnarsdóttir

Ragnar Þór Georgsson
Hildur Björg Georgsdóttir
Fanney Rut Dishaw
Sesselja Antonsdóttir
Uni Hrafn Karlsson
Randy Dishaw

og barnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, nærveru og hlýjar kveðjur við fráfall ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Kristjánsdóttur

sem lést þann 6. mars síðastliðinn. Innilegar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar, Heimahjúkrunar og starfsfólk deildar 11 E. Útförin hefur farið fram að ósk hinnar látnu.

Jóna Helga Hauksdóttir
Inga Guðný Hauksdóttir
Einar Birgir Hauksson
Edda Kristín Hauksdóttir
Anna Karen Hauksdóttir
Bernharð Antoniussen
Kristín Óskarsdóttir
Agnar Hansson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinättu vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður og ömmu,

Lindu Drafnar Pétursdóttur

Skógarflöt 24, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Akraness fyrir ómetanlega aðstoð, stuðning og hlýju á þessum erfiðu tímum.

Þröstur Vilhjálmsson
Vilhjálmur Þrastarson
Birgitta Dröfn Þrastardóttir
Marvin Þrastarson
Aron Benedikt Birgittuson, Birgir Viktor Kristinsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Vilberg Ingi Guðlaugsson

pípulagningameistari,
Baugakór 18, áður til heimilis
að Lækjarfit 10, Garðabæ,

lést á Landspítalanum þann 14. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Ástvinir þakka starfsfólki á Lungnadeild 6-A fyrir góða umönnun.

Hólmfríður Jóhanna Guðjónsdóttir

Heiðar Jónsson
Guðjón M. Jónsson
Brynjar Jónsson
Halla Jónsdóttir
Erna Jóna Gestsdóttir
Hildur Stefánsdóttir
Björg Helga Geirsdóttir
Hlöðver Baldursson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ríkharðs Jónssonar

Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Sérstakar þakkir til Akraneskaupstaðar, Íþróttabandalags Akraness og Knattspyrnufélags ÍA. Einnig til starfsfólks Höfða fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Hrönn Ríkharðsdóttir
Ingunn Ríkharðsdóttir
Sigrún Ríkharðsdóttir
Jón Leó Ríkharðsson
Daði Runólfsson
Þórður Elíasson
Kristján Hannibalsson
Kicki Anderson

og afabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vinarhug og hlýjar kveðjur vegna andláts eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa okkar,

Jóhannesar Tryggvasonar

Dengsa

Aðallandi 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir kærleiksríka umönnun.

Margrét Kristinsdóttir

Sveinbjörn Jóhannesson
Ína Rós Jóhannesdóttir
Karólína Jóhannesdóttir
Kristín Dagmar Jóhannesdóttir
Linda Mjöll Gunnarsdóttir
Davíð Kristjón Jónsson
Stefan Weber
Magnús Árni Skúlason

og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, dóttir, stjúpdóttir og systir,

Jóhanna Líndal Jónsdóttir

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 21. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd allra ástvina,
Ari Grétar Björnsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Hansson

áður til heimilis á Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 21. mars. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 27. mars kl. 13.00.

Hafsteinn H. Jónsson
Guðbjörn H. Jónsson
Ingibjörg Jónsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Gísli Jónsson
Helga Guðbjartsdóttir
Lydia V. Jónsson
Karl Guðmundsson
Hreinn Sigurgeirsson
Nora O'Sullivan Jónsson

afabörn og langafabörn.



Guðbrandur Geirsson,

Lalli

Arnarkletti 12, Borgarnesi,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi, þriðjudaginn 21. mars. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 1. apríl kl. 14.

Margrét Einarsdóttir og aðrir aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÓHUGNANLEG SPENNA!



GLÆPASAGA Í SÉRFLOKKI!

★★★★★
**„Glæpasaga í algjörum sérflokki.
Vel skrifuð, kemur stöðugt á óvart...
Og svo er hún leiftrandi óhugnanleg.“**
Femina

★★★★★
„Spennandi, beitt og rökföst.“
Ekstra Bladet

Konan sem hvarf
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.899.-

GEIRMUNDUR VAR GÖFGASTUR LANDNÁMSMANNA

„Ótrúlega spennandi og skemmtileg.“
Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni

„Stórskemmtileg ... mjög spennandi og aðgengileg.“
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

„Þessi bók er veisla.“
Hallgrímur Helgason, Stundinni



Leitin að svarta víkingnum
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.899.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

6 Risabæn fyrir lúð og léttrugluð (7)
10 Þau sem hingað koma vilja ýmist vinnu eða vöndinn (14)
11 Umkringir æð í hringferðum (7)
12 Hér er ort um grímugalla (9)
14 Stampur karls er úr togleðri og vettlingar líka (12)
15 Ingi R kann vel við mig þrátt fyrir hrukkur (9)
16 Þessi spilar sig beint í bandið, enda sólóið frábært (12)
17 Gremst rófu og reipi (9)
18 Graðuxalimir eru herramannsmatur (12)
22 Sáum nýja sort af útlitsmeðvituðum (11)
27 Vallakufl orsakar nístandi uppnám (9)
29 Hæða hnokka heldur ungan (8)
30 Línusending útheimtir samskipti hugar og handar (8)
31 Bæti og sker uns upphaf réttarkerfis liggur fyrir (8)
32 Slær alla ef mið bregðast (6)
33 Veittu Baldri Ba-gráðu fyrir ritgerð um ruglaða óþokka (8)
35 Ráðum ráðum okkar (8)
37 Keyri milli húsa tiltekinna sáðlanda (7)
41 Sá lini liggur í kverkinni (7)
42 Banki og tjara renna saman í miðju (6)
43 Rek alinaut í afmyndaðan bollann (7)
44 Mun syngja er ég fylgi þeim fyrsta til grafar (5)
45 Sukk heima hjá einni sem missti allt (6)
46 Dúndraði á ísbjörn og heimkynni hans (11)

LÓÐRÉTT

1 Sný mig illa á fæti fyrir næstu umferð (10)
2 Ganga uppréttar hjá grindum (10)
3 Brún fylgir tuð sem endar í deilum út af klaki (10)
4 Hér er rjúpa flokkuð sem klár (10)
5 Dreifa gaurum sem afvegaleiða umræðuna (10)
6 Bullaði fyrir bjána (11)
7 Lúskrar á öreigum (9)
8 Snarbilaður semur svaka smell (9)
9 En mun úr leiðrétta talnaröð? (7)
13 Svik þeirra sem sofið hafa tryggja að þið grennist (7)
19 Sífulli Asíufarinn og fatan góða (12)
20 Komast með tærnar að hælum móðurbróður (8)
21 Setja nýjan þrótt í máttlausa veiðikló (8)
23 Nú lyktar rómur vel og vekur úr öngviti (7)
24 Illræmd stofnun leitar aðkomufólks við ítalskt fljót (9)
25 Heyrði af haldasnarli hjá rægitungu (11)
26 Guðavín fyrir fyrirmynd og -sætu (11)
27 Kjarnspóar eru í uppnámi, því úti er slabb (10)
28 Mig vantar baðlok fyrir bullandi górillu (6)
34 Þrískiptu þjarki (6)
35 Óhreinn hundur og matgráðugur líka (5)
36 Skilst að barn Li-hjóna emji eins og Týr Óli (5)
38 Sumar leita ráðvillts risa (5)
39 Sendi ekki nokkra manneskju í landnorðrið (5)
40 Vaxa og dafna við úrvals níð (5)





LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist algjört sælgæti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 30. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „25. mars“.

Lausnarorð síðustu viku var
LAMBAHRYGGUR

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

			2	4		1		6
		7		3	8	9	5	
		5		7				
				9		5		
8	9			6		2	1	
					4	3		7
6		4		5		8		
7		1				6	4	
3	8							

MIÐLUNGS

		6		4	7			8
	1						9	
8				1	2		3	
4	8			3		5		
		2	4					
3	9		2		8	7		
		1		8				6
5	7		6					
6				2	3			

ÞUNG

			4			9		
3	4	5			6		8	
6	7					2		
				5		3		
	6	2	3				4	
9	1				8		2	
			8			1		
		6	1					
8				3			7	



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **13 dagar** eftir **Árna Þórarinsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldór B. Kristjánsson, Reykjavík.**

9	6	3	7	4	8	2	1	5
7	8	2	5	9	1	6	3	4
5	1	4	6	2	3	7	8	9
4	7	1	8	6	2	5	9	3
2	5	8	9	3	7	4	6	1
3	9	6	1	5	4	8	2	7
6	3	7	2	1	5	9	4	8
8	4	9	3	7	6	1	5	2
1	2	5	4	8	9	3	7	6

1	5	9	6	7	4	2	8	3
2	3	6	9	5	8	1	4	7
7	8	4	1	2	3	5	6	9
4	7	2	8	3	5	9	1	6
8	9	3	4	1	6	7	5	2
5	6	1	7	9	2	8	3	4
6	1	5	2	4	7	3	9	8
3	2	8	5	6	9	4	7	1
9	4	7	3	8	1	6	2	5

1	5	7	8	3	6	2	4	9
9	6	8	1	2	4	3	5	7
3	2	4	5	7	9	1	8	6
4	9	3	2	6	7	5	1	8
2	1	6	9	8	5	4	7	3
7	8	5	4	1	3	9	6	2
5	7	1	3	9	8	6	2	4
6	3	2	7	4	1	8	9	5
8	4	9	6	5	2	7	3	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák Gunnar Björnsson

Halldór Grétar Einarsson (Taflfélagi Bolungarvíkur) átti leik gegn Stefáni Kristjánssyni (Taflfélagi Reykjavíkur) á Íslandsmóti skákfélaga.

Hvítur á leik
29. Dxe3! f6 30. Db3 1-0.
Hvítur vann skömmu síðar. Skákþing Norðlendinga hófst í gær á Sauðárkróki. **www.skak.is:** Íslandsmót grunnskólasveita um helgina.



Bridge Ísak Örn Sigurðsson

BLANKUR KÓNGUR

Það er almennt þekkt að Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson eru eitt sterkasta bridgepar landsins. Þeir eru vel ræddir í kerfisfræðum og mjög færir í úrspilinu. Spil dagsins er gott dæmi um það. Það kom fyrir í viðureign sveita Jóns Baldurssonar og Málningar í Reykjavíkurmótinu á dögunum. Þessar sveitir enduðu í tveimur efstu sætunum þar sem síðarnefnda sveitin hafði betur. Sigurbjörn sat í austur með lauflengdina og opnaði á hindrunarsögninni 4 laufum. Austur var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ Á10962
♥ Á109864
♦ K
♣ 9

Vestur
♠ KG87
♥ 2
♦ ÁG976
♣ K73

Austur
♠ 3
♥ 7
♦ D852
♣ ÁG106542

Suður
♠ D54
♥ KDG53
♦ 1043
♣ D8

Suður passaði hindrunaropnunina og Jón sagði 5 lauf á vesturhöndina sem norður doblaði. Suður ákvað að sitja kyrr í þeim samningi og útspil hans var hjartakóngur. Tvisturinn birtist einspil í blindum og norður setti hátt hjarta (hjartatíu) til að kalla í tígli (Lavinthal-kall). Suður skipti í tígulþrist á öðrum slag og Sigurbjörn setti ásinn eftir nokkra umhugsun. Hann kærði sig lítið um að norður tæki á kónginn, gæfi suðri hugsanlega stungu í litnum, færi inn á spaðalitinn og gæfi aðra stungu. Það var bara „bónus“ þegar tígulkóngurinn birtist. Sigurbjörn gat tekið trompin af andstöðunni og fleygt spaðatapslagnum í fimmta tíglinn. Samningurinn stóð því með yfirslag. Sigurbjörn fékk verðskuldað verðlaun fyrir að fara upp með tígulásinn.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott í matinn

88% Kjöt



900g







Kjúklingaréttur fyrir fjóra

Hrærið Mangó Chutney og Sweet Chilli sósu saman og setjið yfir bringur í eldfast mót, kryddað eftir smekk. Sett í ofn á 180 gráður í ca. 30 mín. 250 ml rjóma hellt yfir í restina þegar ca. 10 mín eru eftir af eldunartíma.

Fjótlegt og gott fyrir aðeins **1.875kr.**

1.179 kr. 900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g, danskar

179 kr. 295 ml

TP Sweet Chilli Sósa
295 ml

259 kr. 340 g

Heima Mangó Chutney
340 g

258 kr. 250 ml

MS Rjómi
250 ml

GOTT VERÐ Í BÓNUS

Ferskt ÍSLENSKT Lambakjöt



1.298 kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, sérskorið

Ferskur ÍSLENSKUR fiskur



2.298 kr. kg

Norðanfiskur Laxaflök
Beinhreinsuð, fersk

LÁG'T VERÐ ALLA DAGA



1.195 kr. 10 stk.

Túlípanar
10 stk.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með **26. mars** eða meðan birgðir endast

Konráð og félagar á ferð og flugi 201

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira veggskriflið," sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein," bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara að verða gamall," sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum," bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur," sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram," sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið," bætti hún við.

Hversu marga steina skyldi vanta?

Getur þú talið þá? Eru þeir:

A 20
B 25
D 30



Leikurinn

Hvísl

Allir þátttakendur sitja í hring. Einn þeirra er hvíslstjórinn og hann hvíslar orði eða setningu í eyrað á sessunauti sínum. Sá hvíslar því sem hann heyrði í eyrað á næsta manni. Þannig fer orðið eða setningin allan hringinn.

Síðasta barnið segir upphátt það sem það heyrði. Þá kemur oft allt annað orð en lagt var upp með og allt önnur setning.

Hér eru hugmyndir að orðum eða setningum sem geta farið hringinn: Mandarína, súkkulaði, málverk, fjölbýlishús, skólataska, appelsínur, miðvikudagur, veggfóður. Bráðum fer ég í sumarbústað. Hefur þú farið upp í Kerlingafjöll? Ætlar þú í sund á eftir?

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA



Jónatan Þröstur á heima í Vestmannaeyjum og spilar bæði fótbolta og handbolta með ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Langar til að verða slökkviliðsmaður

Vestmannaeyingurinn **Jónatan Þröstur Guðjónsson** ætlar til Svíþjóðar um páskana og hlakkar til.

Jónatan Þröstur er níu ára. Hann er á rölti heim af fótboltaæfingu þegar blaðamaður hittir hann í Eyjum. Hann er í sjötta flokki og býst við að byrja bráðum í þeim fimmta.

Svo æfir hann líka fleira en fótbolta. „Ég æfi handbolta líka og finnst hann skemmtilegri."

En hvert er eftirlætisfagið þitt í skólanum? **Mér finnst reikningur skemmtilegastur, sérstaklega samlagningin, hún er betri en mínusinn.**

Finnst þér gaman að lesa? **Allt í lagi en ekkert sérstaklega. Ég er ekkert hrifinn af bókum.**

Bráðum kemur páskafrí í skólanum, hvað ætlar þú að gera þá? **Ég ætla til Svíþjóðar til mömmu minnar, hún á heima þar.**

Hefur þú einhvern tíma farið á sjó? **Já, ég hef farið á tuðru. Þá var siglt út úr höfninni og vestur með Heimakletti. Svo hef ég líka farið á sjóstöng, þá var ég um borð í trillu. Það var skemmtilegt.**

Ætlar þú að verða sjómaður? **Kannski. Mig langar líka að verða slökkviliðsmaður en það er ekki hægt þegar maður er sjómaður því þá er maður svo lítið í landi.**

Hefur þú verið á Þjóðhátíð inni í Herjólfsdal? **Já, já, það var rosa gaman.**

Hvert er uppáhalds Eyjalagið þitt? **Eyja, meyja og peyja, lof mér að segja ...**

Listaverkið

Þessi mynd er eftir **Helga H. Inguson** níu ára.





FARÐU ÚT
MEÐ GAMAN FERÐUM!

Hjá Gaman Ferðum leggjum við áherslu á að vera með góðar íbúðagistingar, fyrsta flokks hótel og gott verð. Komdu með því sólin skín hjá Gaman Ferðum!

Verðdæmi TENERIFE



Tigotan ****

Verð frá: **101.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna. Hálft fæði innifalið.
Ferðatímabil: 9.-16. maí '17.



Green Garden Resort & Suites ****

Verð frá: **77.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Ferðatímabil: 20.- 27. júní '17. *Verð frá 100. 500 kr. miðað við 2 fullorðna.*

Verðdæmi SALOU



Blaumar ****

Verð frá: **94.900 kr.**

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Akstur og morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 2.- 10. júní '17.
Verð frá 110.900 kr. miðað við 2 fullorðna.



Dorada Palace ****

Verð frá: **73.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára).
Akstur og hálft fæði innifalið. Ferðatímabil: 12.- 20. júní '17.
Verð frá 89.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

Verðdæmi TOSSA DE MAR



GHT Sa Riera ****

Verð frá: **79.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna. Akstur og morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 29. maí - 6. júní '17.

Verðdæmi LLORET DE MAR



Anabel ****

Verð frá: **75.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og eitt barn. Akstur og morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 9.- 17. júní '17.
Verð frá 91.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is

Gaman Ferðir

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Aftur suðvestanhvassviðri eða -stormur með skúrum eða éljum í dag, en úrkomulítið fyrir austan. Dregur talsvert úr vindi og éljum sunnan- og vestanlands um kvöldið.

Heimurinn

Kaupmannah. 10°	Oslo 11°	Stokkhólmur 9°	Gautaborg 11°	Helsinki 5°	Þórshöfn 8°	Nuuk -10°
London 13°	Amsterdam 10°	París 15°	Berlín 10°	Madrid 9°	Brussel 13°	Róm 22°
Boston 5°	New York 8°	Orlando 16°	Moskva 3°	Singapúr 28°	Tókýó 8°	Sydney 21°



Reykjavík



Laugardagur	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
4° 12	4° 18	2° 2	5° 3	5° 8

Ísafjörður



Laugardagur	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
-1° 18	0° 6	-1° 7	-1° 13	-3° 14

Akureyri



Laugardagur	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
2° 13	1° 4	1° 8	0° 6	-1° 8

Egilsstaðir



Laugardagur	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
3° 7	2° 6	6° 2	1° 4	-2° 10

Kirkjubæjarklaustur



Laugardagur	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
3° 13	1° 6	4° 3	4° 5	3° 11

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI



PALLI ÓSKAR

— Í HÖLLINNI —

16. SEPTEMBER

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR PÁLL ÓSKAR & STELLA RÓSINKRANZ DANSHÖFUNDUR STELLA RÓSINKRANZ HLJÓÐMYND BJARKI HALLBERGSSON & JAKOB REYNIR JAKOBSSON HLJÓÐHÖNNUN FÍNNUR RAGNARSSON & ÞRÖSTUR ALBERTSSON BÚNINGAHÖNNUÐUR COCO VIKTORSSON SVIÐS- OG LEIKMYNDARHÖNNUÐUR ERLING ÞORGRÍMSSON MYNDBANDAHÖNNUN INGI BEKK LJÓSAHÖNNUN K. FREYR VILHJÁLMSSON GRAFÍK VILLI WARÉN & ÓLÖF ERLA MYNDBANDAGERÐ JONATHAN DUFFY FRAMLEIÐSLUSTJÓRI HRANNAR HAFSTEINSSON TÓNLEIKAHALDARI ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON

HLJÓMSVEITIN TROMMUR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN HRAFNKELL ÖRN GUÐJÓNSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON HLJÓÐGERVILL STYRMIR HAUKSSON HLJÓMBORÐ TÓMAS JÓNSSON BASSI VIGNIR RAFN HILMARSSON

DANSARAR ANAIS BARTHE BERGDÍS RÚN BIRKIR ÖRN KARLSSON BJARNI SÆVAR SVEINSSON BJÖRN DAGUR BJARNASON BRYNJAR BJÖRNSSON BRYNJAR DAGUR ALBERTSSON EVA DRÖFN BENJAMÍNSDÓTTIR HELGA SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR HÖSKULDUR ÞÓR JÓNSSON JAVIER VALINO JÓN EYÞÓR GOTTSKÁLKSSON LUIS LUCAS CABAMBE RAKEL KRISTINSDÓTTIR SAADIA AUÐUR DHOUR

MIÐASALA HEFST 6. APRÍL KL.10!

orkusalan

pepsi MAX

MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS/PALLI OG Í SÍMA 551-1380
FORSÖLUR ORKUSÖLUNNAR OG SENU LIVE FARA FRAM 5. APRÍL KL. 10
NÁNAR HÉR: SENA.IS/PALLI

sena LIVE!

Ég vil víkka út hugtakið og leiða þessi verk saman

Bókstaflega er yfirskrift sýningar sem opnuð verður í Hafnarborg í dag. Vigdís Rún Jónsdóttir leiðir saman kynslóðir íslenskra konkretljóða og skoðar þróunina.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Vigdís Rún Jónsdóttir innan um verk á sýningunni Bókstaflega sem verður opnuð í Hafnarborg í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Konkretljóð er í raun og veru ljóð sem er sett upp á myndrænan hátt og merking orðanna rifin í sundur. Það er ekki lengur einblínt á hið táknræna í tungumálinu heldur hið myndræna," segir Vigdís Rún Jónsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar Bókstaflega sem verður opnuð í Hafnarborg kl. 15 í dag. Á sýningunni getur að líta úrval konkretljóða á Íslandi frá 1957 allt til samtímans í aðalsal safnsins.

Vigdís Rún segir að Dieter Roth hafi komið með þetta til landsins þegar hann flutti hingað árið 1957. „Hann var þá búinn að vera á meðal upphafsmanna konkretljóða í heiminum en fyrst eftir að hann kom hingað þá var þetta bara lítil kreðsa í kringum hann. Dieter Roth og Einar Bragi stofnuðu fljótlega Forlag ED og þar lögðu þeir áherslu á að gefa út framúrstefnuleg rit, bókverk og ljóð. Þetta var mikil nýjung á þessum tíma og í raun algjört jaðarfyrirbæri hér heima. En í þessu forlagi gáfu þeir út sín eigin verk og einnig verk eftir Sigríði Björnsdóttur sem var eiginkona Dieters á þessum tíma, auk nokkurra erlendra höfunda. Við erum með verk úr þessari útgáfu á sýningunni, til að mynda áður ósýnd konkretljóð eftir Einar Braga og einnig bókverk eftir bæði hann og Dieter. Svo erum við líka með grein úr Birtingi frá 1962 þar sem Einar Bragi fjallaði um konkretljóðlistina sem er mjög forvitnileg lesning."

Vigdís Rún segir að kynslóðin sem tók svo við hafi í raun þróað formið á allt annan hátt. „Næsta kynslóð fór að taka ljóðið af blaðinu og setja það á ljósmyndir og fundna hluti á borð við kommóður og klukkur, skúlptúra, innsetningar og fleira. Þannig að hugtakið ljóð var tekið mun lengra og í raun má rekja þessa þróun til Fluxushreyfingarinnar. Magnús Pálsson var fyrstur á ferðinni af þessari kynslóð, en hann var náinn vinur Dieters, og síðan komu bræðurnir Sigurður og Kristján Guðmundssynir og síðan Guðbergur Bergsson. Við erum einmitt með ótrúlega fallegt safn á sýningunni á konkretljóðum sem Guðbergur vann á tímabilinu frá 1969 til 1972 sem hefur ekki verið sýnt áður nema að mjög litlu leyti árið 1971."

> **ÞANNIG AÐ ÉG ER AÐ VELJA VERK INN Á SÝNINGUNA SEM SÝNA FRAM Á HVERNIG KONKRETLJÓÐIÐ HEFUR ÞRÓAST OG VERIÐ NOTAÐ Í NÝJA MIÐLA ALLT TIL DAGSINS Í DAG OG HVERNIG HUGTAKIÐ ER ENN VEL NÝTANLEGT.**

En hversu virkt skyldi konkretljóðið vera á listasenunni í dag? „Ég mundi ekki segja að listamenn væru að fást við eitthvað sem þeir tengja sjálfir við konkretljóð. Það er frekar þannig að ég skilgreini það sem þeir sem eru að fást við sem konkretljóð og það er svona soldið hugmyndin hjá mér – að velja verk eftir listamenn sem ég vil skilgreina sem konkretljóð og sýna þannig fram á að þetta hugtak er vel nýtanlegt þó svo það hafi fallið aðeins í gleymsku. Meira að segja myndlistarmenn af eldri kynslóðinni kannast ekki við hugtakið og hvað þá þessir yngri. Þannig að ég er að velja verk inn á sýninguna sem sýna fram á hvernig konkretljóðið hefur þróast og verið notað í nýja miðla allt til dagsins í dag og hvernig hugtakið er enn vel nýtanlegt."

Aðspurð um viðtökur konkretljóðsins hjá bókmenntaþjóðinni segir Vigdís Rún að þetta sé vissulega framúrstefnuform og að framúrstefna hafi í raun aldrei verið ríkjandi á Íslandi. „Janfvel enn í dag finnst mér þetta form vera framúrstefnulegt. Þetta er í eðli sínu jaðarform og þau skáld sem eru að fást við þetta í dag eru t.d. að gefa út bækur innan Meðgönguljóða þar sem áherslan er á framúrstefnuleg rit sem koma ekki út hjá stóru forlögunum. Þannig að það er enn þá verið að vinna með formið. Af yngstu kynslóðinni er það t.d. Ásta Fanney Sigurðardóttir sem verður með konkret vídeóljóð og ritvélaljóð sem hún gerði án þess að hafa hugmynd um það hvernig hún ætti að skilgreina þessi verk. Þegar ég sá þetta þá sagði ég henni að þetta væru klárlega konkretljóð og hún var svo ánægð að það væri hægt að skilgreina verkin. Ég held einmitt að mörg þessara verka sem byggja á stöfum og tungumálinu sé erfitt að skilgreina og því vil ég víkka út hugtakið og leiða þessi verk saman innan þess."

Vigdís Rún hefur verið að vinna að meistaraprófsritgerð í listfræði um konkretljóðið og komu þess til Íslands í listfræðilegu samhengi. „Það merkilega við þetta er að þetta er bókmenntaform og það er fjallað um þetta í bókmenntasögunni en á mjög takmarkaðan hátt af því að konkretljóð byggjast ekki aðeins á málrænni greiningu heldur einnig myndrænni. Innan listasögunnar er hvergi minnst á þetta hugtak þó svo að meirihluti þeirra sem hafa fengist við þetta séu í raun myndlistarmenn og það kveikti áhuga minn á þessu fyrirbæri. Fyrir mér er það einn og sami hluturinn hvernig maður upplifir myndlist og ljóð og þessi ljóð byggjast á myndrænni uppsetningu og hafa því fallið á milli forma."

Sjóður Odds Ólafssonar

Til úthlutunar eru styrkir til:

(a) Rannsókna á fötlun og fræðslu um hana, og
(b) Rannsóknarverkefna á sviði öndunarfærasjúkdóma og fræðslu um þá. Styrkfjárhæðir nema 100–300 þúsund krónum á hvert verkefni sem valið verður.

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2017.
Úthlutað verður úr sjóðnum á fæðingardegi Odds Ólafssonar, fyrsta yfirlæknis á Reykjalundi, þann 26. apríl 2017.

Umsóknir sendist á netfangið oddssjodur@sibs.is.

Vetrarferðin – verk fullt af fegurð og trega

Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari og Snorri Sigfús Birgisson pínóleikari flytja Vetrarferð Schuberts í Hannesarholti í dag klukkan 17. „Þetta er eitt áhrifamesta verk tónbókmenntanna, fullt af fegurð og trega," segir Gunnar. „Ljóðmælandinn, Wilhelm Müller, fjallar um óendurgoldna ást og vonleysi og það sem gerir verkið svo tilfinningaríkt er að bæði Müller og Schubert skrifa Vetrarferðina á sínum lokametrum, þeir eru báðir að ljúka sinni ferð og það finnst í gegn."

Gunnar kveðst hafa flutt Vetrarferðina með Jónasi Ingimundarsyni pínóleikara árið 2000 og ári síðar í hljómsveitarútsetningu Hans Zender í París með Orchestre National d'Ile de Paris. Þá hafi hann flakkað með verkið í borgirnar kringum París.

„En mig langaði alltaf að syngja það aftur og til þess skapaðist tækifæri þegar við Snorri byrjuðum að vinna saman á síðasta ári í Söngskóla Sigurðar Demetz, þá fórum við að taka lag og lag."



Snorri og Gunnar hafa æft Vetrarferðina frá því á síðasta hausti, hér heima hjá Snorra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flutningurinn tekur klukkutíma og korter og er án hlés, að sögn Gunnars. „Það krefst talsverðs styrks að syngja 24 lög með fullri einbeitingu í beinni línu við áheyrendur en æfingarnar hafa gengið mjög vel." – gun

Skissum saman
á HönnunarMars

Laugardaginn 25. mars kl. 12–16 er þér boðið að koma í höfuðstöðvar okkar í **Borgartúni 19** og skissa þínar eigin byggingar eða annað sem ímyndunaraflið laðar fram með hjálp snjallra hönnuða. Öll áhöld verða á staðnum og boðið verður upp á léttar veitingar.

Í Borgartúni 19 er á sama tíma sýningin **Hús í myndlist** þar sem listamenn vinna með arkitektúr á fjölbreyttan hátt.

Viðburðurinn er hluti af samstarfsverkefni Arion banka og Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Allir velkomnir

Arion banki
– fyrir framtíðina

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 17-0770





Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

25. MARS

Tónlist

Hvað? Söngkeppni Samfés
Hvenær? 13.00
Hvar? Laugardalshöll
Þrjátíu bestu söngatriði landsins koma fram en undankeppnir hafa farið fram í öllum landshlutum. Flest laganna verða flutt af ungum hljóðfæraleikurum á sviði og mörg þeirra eru frumsamin. Keppnin hefst kl. 13 og verður send út í beinni útsendingu á RÚV.

Hvað? Mr. Silla og Snorri Helgason
Hvenær? 21.00
Hvar? Kex hosteli, Skúlagötu



Snorri Helgason spilar ásamt Mr. Sillu á Kex hosteli þetta laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinirnir og tónlistarfólkið Mr. Silla og Snorri Helgason munu standa fyrir innilegri tónlistarupplifun næstkomandi laugardagskvöld á Sæmundi í sparifötunum á Kex hosteli. Mr. Silla (Sigurlaug Gísladóttir) og Snorri hafa ræktað vinskap sinn í mörg ár og hafa unnið saman að tónlist og sömuleiðis vegnað vel hvoru í sínu lagi.

Hvað? Hanna Björg Guðjónsdóttir, Björg Birgisdóttir og Ingibjörg Guðjónsdóttir ásamt Bjarna Jónatanssyni
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Þær Hanna Björg Guðjónsdóttir, Björg Birgisdóttir og Ingibjörg Guðjónsdóttir ásamt Bjarna Jónatanssyni og flytja íslensk sönglög og óperuaríur úr ýmsum áttum. Gaman er að segja frá því að flestir eru tónlistarmennirnir náskyldir Guðmundi Lúðvík. Guðjónsdætur og Guðmundur Lúðvík eru systrabörn og Björg Birgisdóttir er bróðurdóttir Guðmundar Lúðvíks svo um er að ræða lítið ættarmót (genamengi) þar sem allir eru að sjálfsögðu innilega velkomnir.

Hvað? Laugardagurinn á Græna herberginu
Hvenær? 22.00
Hvar? Græna herberginu, Lækjargötu
Valdimar Kristjónsson leikur á flygilinn á efri hæðinni í frábærri singalong stemningu. Bragi Guðmunds plötusnúður spilar frábæra tónlist í Kjallaranum frá miðnætti og til morguns. Frítt inn.

Hvað? Síðan Skein Sól
Hvenær? 19.30
Hvar? Háskólabíói
Það var í Hlaðvarpanum í kvosinni í þéttri snjókomu, þar sem Tapas-barinn er núna til húsa, þann 25. mars 1987 að Hljómsveitin Síðan Skein Sól hélt sína fyrstu tónleika. Síðan eru liðin mörg ár...þannig að nú er kominn tími til að halda veislu í tilefni 30 ára afmælis sveitarinnar. Verður það gert með pomp og prakt í Háskólabíói 25. mars 2017.

Hvað? Bestu lög Björgvins
Hvenær? 21.00
Hvar? Stapa, Reykjanesbæ
Einstakir tónleikar á persónulegum nótum með einum ástsælasta söngvara þjóðarinnar. Björgvin og hljómsveit hans rifja upp hans einstaka feril í gegnum tíðina í tónum og tali.

Viðburðir

Hvað? Skissum saman og opnun á Hús í myndlist
Hvenær? 12.00
Hvar? Arion banka, Borgartúni
